DÖGG HJALTALÍN

Eldar taílenskt í hverri viku

Matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FÁKAR OG FÓLK

Nýtt BS-nám í hestafræðum

Sérblað um hestamennsku

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

ÓMAR Í MEIÐYRÐAMÁL

Kærir leikstjóra Silvíu Nætur fyrir meiðyrði

Fólk 54

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. apríl 2007 — 113. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Carmen í konsertbúning

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

MENNING 38

Ekki hleypt á vígvöllinn

Yfirmenn hersins eru hræddir um öryggi Harry Bretaprins.

FÓLK 42

Besta byrjun Ásthildar

Ásthildur Helgadóttir segist nú fyrst vera farin að hugsa eins og framherji. Hún er langmarkahæst eftir fyrstu þrjár umferðir sænsku kvennadeildarinnar.

ÍÞRÓTTIR 48

sirkus

Þorgerður Katrín í stríði við samviskubitið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA VÆTA - Í dag verður suðaustan strekkingur á annesjum sunnan og vestan til, annars hægur. Skýjað með köflum og þurrt allra austast, annars rigning eða skúrir. Hiti 8-18 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4



Ekkert um kostnað

Forsætisráðherra segir óvíst hversu mikinn kostnað ríkið beri af varnarsamstarfi við Norðmenn og Dani. Rætt verður við fleiri þjóðir um öryggis- og varnarmál í sumar. Lítill hluti varnarsvæðisins fer undir hernaðarsamstarfið.

VARNARMÁL Geir Haarde forsætisráðherra segir óvíst hversu víðtækt varnarsamstarf Íslendinga verði við Norðmenn og Dani. Því sé erfitt að meta hugsanlegan kostnað þess.

„Það liggur ekki fyrir. Okkar kostnaður mun felast í því að taka á móti fólki hér og flugvélum, sem kallað er gistiríkiskostnaður," segir Geir. Ekki sé útséð hversu oft hingað komi norrænir hermenn, né hversu fjölmennar sveitirnar verði. Forsætisráðherra tekur fram að ekki sé verið að gefa út „óútfylltar ávísanir".

Eingöngu er um samstarf á friðartímum að ræða en ekki eiginlega varnarsamvinnu. Geir telur að samstarf af þessum toga hafi verið tímabært, jafnvel þótt bandarískt herinn hefði verið áfram á landinu. Hann bendir á hugsanlega olíuleit á Drekasvæðinu nálægt Jan Mayen sem dæmi um það. „Þá geta menn rétt ímyndað sér hve mikilvægt það er að hægt sé að hafa eftirlit." Geir segir þessa nýju þróun til merkis um það hve hugtakið um öryggi á friðartímum sé breytilegt.

Enn víðtækara samstarf á sviði varnar- og öryggismála Íslendinga er í burðarliðnum. Geir segir sendinefnd Þjóðverja væntanlega um miðjan maí og vonast sé til að viðræður við Breta geti hafist í júní. Einnig standi til að ræða við Kanadamenn um hugsanlegt samstarf. Geir segir til dæmis að unnið verði að sameiginlegum björgunarsamningi við Bandaríkjamenn, Breta og Kanadamenn.

Aðstaða erlendra ríkja fyrir hernað verður á svokölluðu öryggissvæði í Keflavík, sem er um átta ferkílómetrar að stærð. Geir segir það svæði sérhannað fyrir hernað, en Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar fari enn sem fyrr með forræði meginhluta fyrrum varnarsvæðisins.

- kóþ / sjá síðu 8

DRULLUMALL Í HALLORMSSTAÐ Hitinn fór upp í fimmtán gráður á Hallormsstað í gær. Yngstu börnin í Hallormsstaðaskóla nutu veðurblíðunnar og notuðu tímann eftir að hefðbundnum skóladegi lauk til þess að drullumalla í sólinni. Á skólalóðinni eru börnin með gullabú og þar voru matreiddar alls kyns girnilegar drullukökur. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Landlæknir telur alvarlegt ef sjúkraskýrslur séu í höndum Impregilo:

Deilt um fjölda sjúklinga

HEILBRIGÐISMÁL Fulltrúar frá Landsvirkjun og Impregilo funduðu í gær með fulltrúum Heilbrigðisstofnunar Austurlands vegna veikindanna sem komið hafa upp á Kárahnjúkum. Þorsteinn Njálsson, læknir við Kárahnjúka, hefur sakað Impregilo um að taka ófrjálsri hendi lista með nöfnum þeirra 180 einstaklinga sem hafa veikst.

Ómar R. Valdimarsson, upplýsingafulltrúi Impregilo, segir að tölur um veikindi vegna mengunar í aðrennslisgöngum séu stórlega ýktar. Í tilkynningu frá Landsvirkjun sem send var út eftir fundinn í gær segir að í aðeins átta tilfellum geti verið um veikindi vegna loftmengunar að ræða. Hins vegar hafi 180 starfsmenn leitað til heilsugæslunnar á tímabilinu.

Þorsteinn vill ekki viðurkenna að tölurnar séu ýktar en bendir á að ævinlega sé erfitt að túlka gögn af þessu tagi. Hann gagnrýnir einnig starfsmenn Impregilo, sem hann segir hafa stolið listanum með nöfnunum. „Það var maður á þeirra vegum sem starfar á heilsugæslunni sem tekur þessar upplýsingar ófrjálsri hendi," segir Þorsteinn, sem hefur sent landlækni erindi vegna málsins.

Matthías Halldórsson landlæknir segir vissulega alvarlegt að yfirmenn Impregilo hafi þessar upplýsingar undir höndum. „Ég hef óskað eftir nánari útlistun á þessu máli. Vinnuveitendur eiga alls ekki að hafa þessar upplýsingar," segir Matthías. Hann hefur einnig óskað eftir skýringum á því að ekki barst erindi til sóttvarnarlæknis vegna veikindanna á Kárahnjúkum en slíkt á að gera samkvæmt nýlegum breytingum á sóttvarnarlögum.

- þo

MILLJÓN KRÓNA FRÍTEKJUMARK FYRIR ALDRAÐA

www.xf.is

xF Frjálslyndi flokkurinn

Exista setur Íslandsmet:

636 milljónir króna á dag

VIÐSKIPTI Fjármálafyrirtækin Exista, Kaupþing og Straumur-Burðarás skiluðu uppgjörum fyrir fyrsta ársfjórðung í gær.

Fyrstnefnda félagið hagnaðist um 57,2 milljarða króna, sem er það mesta sem sést hefur á einum ársfjórðungi í Kauphöll Íslands. Þetta jafngildir því að Exista hafi hagnast um 636 milljónir króna á hverjum degi.

Kaupþing hagnaðist um 20,3 milljarða króna en Straumur-Burðarás um sex milljarða.

Fleiri fyrirtæki birtu afkomutölur í gær. Bakkavör Group hagnaðist um 1,2 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi og Mosaic Fashions 1,4 milljarða fyrir síðasta rekstrarár. - eþa / sjá bls. 24

Stórmynd hjá Sigurjóni:

Witherspoon og DiCaprio

KVIKMYNDIR Sigurjón Sighvatsson framleiðir næstu kvikmynd írska leikstjórans Jim Sheridan en kvikmyndaframleiðandinn keypti nýlega endurgerðarréttinn á kvikmynd danska leikstjórans Susanne Bier, Brödre. Sigurjón segir í samtali við Fréttablaðið að þótt leikstjórinn sé kominn um borð geti tökur á myndinni dregist eitthvað enda sé það vilji allra sem að myndinni komi að valinn maður sé í hverju rúmi. Handritshöfundurinn David Benioff hefur verið ráðinn til að skrifa handritið en hann er einhver launahæsti handritshöfundurinn í Hollywood.

Fjöldi stórleikara hefur lýst yfir áhuga sínum á að leika í myndinni og nægir þar að nefna Leonardo DiCaprio og Reese Witherspoon en Sigurjón segir þetta vissulega einhverjum annmörkum háð. „Margar af stærstu stjörnunum eru oft bókaðar marga mánuði, jafnvel ár, fram í tímann," segir Sigurjón. - fgg/sjá síðu 54

SPURNING DAGSINS

Jórunn, er þetta bara spurning um að elska náungann?

„Já, og að muna gullnu regluna um að allt sem þér viljið að aðrir gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra!"

Jórunn Frímannsdóttir er formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Ráðið væntir þess að íbúar við Njálsgötu taki fagnandi nýju heimili við götuna fyrir heimilislausa karlmenn.

Ungur piltur er þungt haldinn eftir slys í Kópavogslaug:

Haldið sofandi í öndunarvél

SLYS Fimmtán ára piltur liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi eftir að hafa nærri drukknað í Kópavogslaug í gær. Drengurinn var í skólasundi þegar atvikið átti sér stað. Ekki er ljóst hver tildrög slyssins voru en piltinum er haldið sofandi í öndunarvél.

Pilturinn, sem er nemandi í 10. bekk við Snælandsskóla, var í lauginni ásamt bekkjarfélögum sínum. Svo virðist sem hann hafi orðið viðskila við félaga sína og ekki er vitað hve lengi hann hafði legið á botni laugarinnar þegar sundkennari varð þess var. Kennarar og starfsfólk sundlaugarinnar hófu strax björgunaraðgerðir og blésu lífi í piltinn.

Vildís Guðmundsdóttir, forstöðumaður sundlaugarinnar, segir að unnið hafi verið eftir ferlum sem æfðir séu reglulega. „Rannsókn slyssins er í höndum lögreglu og við getum ekkert sagt að svo stöddu um hvað gerðist," segir Vildís.

Að sögn vakthafandi læknis á gjörgæsludeild í gærkvöldi var ástand pitlisns alvarlegt. - þo

FRÁ KÓPAVOGSLAUG Pilturinn var í skólasundi þegar atvikið átti sér stað. Lögreglan rannsakar tildrög slyssins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bátur dreginn að landi:

Strandaði við Fagranes

SLYS Björgunarsveitir í Skagafirði voru kallaðar út aðfaranótt fimmtudags þegar neyðarkall barst frá trillunni Þyt, sem hafði strandað við Fagranes, skammt norðan Sauðárkróks. Einn maður var í bátnum og var hann ekki í hættu.

Björgunarbáturinn Sigurvin frá Siglufirði var kallaður á vettvang til þess að draga trilluna. Ætlunin var að draga trilluna til hafnar á Siglufirði en göt voru komin á skrokkinn og því var ákveðið að draga bátinn, marandi í hálfu kafi, til Sauðárkróks. Báturinn kom til Sauðárkróks í gærmorgun. Ekki er ljóst hvað olli óhappinu. - þo

Varðstjóri á vakt í bjórauglýsingu pilta

Búið er að senda kæru til Ríkissaksóknara vegna þátttöku lögregluvarðstjóra í stuttmynd nokkurra pilta. Í henni fá drengirnir afnot af lögreglubíl og fangaklefa staðarins. Dómgreindarleysi, segir yfirmaður hjá Ríkislögreglustjóra.

LÖGREGLUMÁL „Já, ég var á vakt, en þetta var bara gert til að vera í góðum tengslum við strákana. Ég álít að þetta sé ekki ólöglegt en bjóst reyndar ekki við að þetta færi svona langt," segir Sveinbjörn Ragnarsson, lögregluvarðstjóri á Sauðárkróki.

PÁLL WINKEL

Sveinbjörn lék, á meðan hann var á vakt, í stuttmynd nokkurra pilta í bænum þar sem bjórdrykkja og lögbrot gegna stóru hlutverki. Í leikinn fengu drengirnir meðal annars afnot af lögreglubíl og fangaklefa bæjarins auk þess sem varðstjórinn lék þar hlutverk.

Búið er að senda ríkissaksóknara kæru vegna málsins þar sem grunur leikur á að varðstjórinn hafi gerst brotlegur við almenn hegningarlög, lögreglulög og reglur sem varða starfsmenn hins opinbera.

> Ég álít að þetta sé ekki ólöglegt en bjóst reyndar ekki við að þetta færi svona langt.
>
> **SVEINBJÖRN RAGNARSSON**
> LÖGREGLUVARÐSTJÓRI Á SAUÐÁRKRÓKI

„Þegar þeirri rannsókn er lokið tekur ríkislögreglustjóri við málinu. Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um agaviðurlög. Þá kemur tvennt til greina, annars vegar að veita honum áminningu eða víkja honum tímabundið úr starfi," segir Páll Winkel, yfirmaður á stjórnsýslusviði ríkislögreglustjóra. Hann segir dómgreindarleysi lögreglumannsins í þessu máli óskiljanlegt.

Í myndbandinu hljómar tónlist og í texta lagsins eru fíkniefnaneysla og ofbeldi mærð. Meðal þess sem drengirnir setja á svið eru slagsmál og hraðakstur. Sveinbjörn kemur svo og skakkar leikinn í lögreglubúningi, enda á vakt. Hann tekur drengina upp í lögreglubíl staðarins og lokar þá að endingu inni í fangaklefa bæjarins með nokkrar dósir af Víking bjór.

Vífilfell sver af sér öll tengsl við myndbandið. „Það er klárt mál að við myndum aldrei tengja akstur og ofbeldi við bjór," segir Hreiðar Þór Jónsson, vörumerkjastjóri bjórs hjá Vífilfelli. Hann segir að ekki verði gripið til aðgerða vegna notkunar drengjanna á vörumerkinu. Vissulega sé þó óheppilegt að myndbandið sé öllum aðgengilegt á netinu þar sem fólk gæti haldið að fyrirtækið stæði fyrir uppátækinu og ólöglegt sé að auglýsa bjór.

„Þetta er alls ekki til eftirbreytni fyrir aðra lögreglumenn, það er á hreinu, en við verðum að sjá hvað rannsókn leiðir í ljós í þessu máli," segir Páll.

karen@frettabladid.is

ÚR MYNDBANDINU Sveinbjörn Ragnarsson segist hafa tekið þátt í gerð myndbandsins til að vera í góðu sambandi við drengina.

Ferðamálaráð Evrópu:

Georgía formlega gengin inn

FERÐAMÁL Hátt í fimmtíu fulltrúar frá Ferðamálaráði Evrópu eru nú staddir hér á landi í tengslum við aðalfund samtakanna á Nordica hóteli. Á fundinum var Magnúsi Oddssyni ferðamálastjóra veitt heiðursviðurkenning auk þess sem hann var kjörinn í framkvæmdanefnd samtakanna til tveggja ára.

Á aðalfundinum var einnig gengið formlega frá inngöngu Kákasuslandsins Georgíu í samtökin og eru aðildarlöndin þar með orðin 38 talsins. - ghs

Organic Baby tekið úr hillum:

Glerbrot fannst í barnamatnum

NEYTENDAMÁL **Mildi má telja að ekki fór illa þegar glerbrot fannst í barnamat sem verið var að mata börn á. Maturinn var framleiddur af fyrirtækinu Organic Baby og seldur í verslun Nóatúns í Smáralind.**

„Þetta er bara innflutningsvara, við settum ekki glerbrot í þetta. Er þetta eitthvað fréttnæmt?" sagði Jóhann Ólafur Ólason, verslunarstjóri búðarinnar, þegar hann var spurður um viðbrögð við atvikinu.

Sigrún Gísladóttir, sem sér um innflutning á vörum fyrir verslanirnar, vildi ekki tjá sig að svo stöddu um málið nema hvað hún segir vöruna hafa samstundis verið fjarlægða úr hillum verslananna og samband haft við framleiðanda. - kdk

SAMGÖNGUR

Nýr stjórnarformaður FLE

Linda B. Bentsdóttir lögfræðingur er nýr stjórnarformaður Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, en Gísli Guðmundsson hættir. Ný stjórnarkona er einnig Magnea Guðmundsdóttir. Ellert Eiríksson, Eysteinn Jónsson og Jakob Hrafnsson sitja áfram í stjórn.

Sérkennileg umferðaróhöpp:

Ekið á tvö hús á Sauðárkróki

SLYS **Ekið var á tvö hús á Sauðárkróki í gær. Um klukkan ellefu ók fullorðin kona á hús á Hólavegi. Hún kvartaði undan eymslum eftir slysið og var farið með hana á heilsugæslustöðina í bænum. Bíll konunnar skemmdist töluvert og klæðing á húsinu skemmdist einnig.**

Seinna óhappið varð klukkustund síðar. Í það skiptið var ekið á hús verslunarinnar Hlíðarkaupa við Akurhlíð. Enginn slasaðist en bíllinn skemmdist mikið.

Að sögn lögreglunnar á Sauðárkróki er nær óskiljanlegt hvers vegna þessi atvik áttu sér stað. Ekki er algengt að ekið sé á hús og einsdæmi að ekið sé að tvær byggingar á Sauðaárkróki sama daginn. - þo

Breytingar í Landsvirkjun:

Fjandsamleg formannsskipti

STJÓRNMÁL Jóhannes Geir Sigurgeirsson, fyrrverandi formaður Landsvirkjunar, hefði kosið að sitja ári lengur í starfi til að ljúka við Kárahnjúkaverkefnið. Hann kveðst og enga skýringu hafa fengið á því hvers vegna hann hafi verið látinn hætta sem stjórnarformaður.

JÓHANNES G. SIGURGEIRSSON

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, gefur enga skýringu á formannsskiptunum aðra en þá að hann hafi þurft að velja í starfið með tilliti til þarfa og hagsmuna Landsvirkjunar og orkugeirans. Jón segir skiptin þó ekki tengjast gagnrýni né óánægju með störf fráfarandi formanns. - kóþ

BÍLL DAGSINS
NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
Nýskr. 02.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 11 þús. km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Fyrirhugaðar eldflaugavarnir Bandaríkjanna í Evrópu vekja enn umrót:

Deilur við Rússa á Natófundi

OSLÓ, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir áhyggjur Rússa af fyrirhuguðum eldflaugavörnum Bandaríkjanna í Evrópu vera „fáránlegar". Hún krefst einnig skýringa frá Rússum um það hvers vegna þeir ætli ekki að virða lengur afvopnunarsamning sem gerður var árið 1990.

„Við skulum vera raunsæ og horfa á málið eins og það er. Sú hugmynd að tíu varnarflaugar og nokkrar ratsjár í Austur-Evrópu muni grafa undan sovéskum fælingarmætti er hreinlega fáránleg og það vita allir," sagði Rice í gær áður en hún hélt til fundar við Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands. Bæði voru þau stödd í Osló, þar sem utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins stendur yfir.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagðist telja rétt að Rússar hættu að virða samning um takmörkun hefðbundinna vopna í Evrópu, svonefndan CFE-samning, þangað til öll Natóríki hefðu staðfest hann og væru farin að fylgja ákvæðum hans út í ystu æsar.

Bæði Condoleezza Rice og Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Nató, brugðust ókvæða við þessari yfirlýsingu frá Rússum. Rice krafðist nánari skýringa og Scheffer sagði yfirlýsinguna valda Natóríkjunum „alvarlegum áhyggjum, vonbrigðum og eftirsjá".

Á FUNDI UTANRÍKISRÁÐHERRA ATLANTSHAFSBANDALAGSINS Í OSLÓ Þau Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Nató, og Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, spjalla þarna við Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

gudsteinn@frettabladid.is

Samfylkingin

Skeytingarleysi ríkisstjórnarinnar kemur best í ljós þegar börnin opna munninn

Tannheilsa íslenskra barna er nú orðin sú versta á Norðurlöndunum enda hafa 8.500 börn ekki farið til tannlæknis í þrjú ár. Fimmta hvert barn á grunnskólaaldri fær óviðunandi tannlæknisþjónustu vegna fátæktar foreldra samkvæmt athugun landlæknis. Útgjöld heimilanna vegna tannlæknakostnaðar hafa aukist um 40% í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Samfylkingin vill ókeypis tannvernd fyrir öll börn

Kjósum tannpínuna burt!

xS

GENGIÐ 26.04.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	64,1	64,4
Sterlingspund	128,09	128,71
Evra	87,25	87,73
Dönsk króna	11,708	11,776
Norsk króna	10,727	10,791
Sænsk króna	9,516	9,572
Japanskt jen	0,5373	0,5405
SDR	97,7	98,28

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,2242
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eiginmaðurinn fær ellilífeyri frá Íslandi til Ástralíu en konan ekki:

Borga ellilífeyri án heimildar

STJÓRNSÝSLA Íslenskri konu sem býr í Ástralíu er neitað um ellilífeyri frá Tryggingastofnun Íslands. Eiginmaður hennar hefur hins vegar fengið lífeyri sendan út frá árinu 1999.

Eftir að samið var um Evrópska efnahagssvæðið árið 1994 áttu Íslendingar í löndum utan svæðisins, að Sviss og Kanada undanskildum, engan rétt til ellilífeyris frá Íslandi. Þetta vafðist fyrir starfsmönnum Tryggingastofnunar.

„Það tók menn hér innan dyra tíma að átta sig á samningum og níu manns í Ástralíu fengu réttindin fram til ársins 2002. Þetta fólk mun áfram njóta þessa réttar þannig að þetta mál verður ekki látið bitna á þeim," segir Glúmur Baldvinsson, upplýsingafulltrúi hjá Tryggingastofnun.

Konan í Ástralíu sótti í fyrrasumar um ellilífeyri frá Tryggingastofnun og fannst undarlegt að vera synjað þar sem eiginmaður hennar hefur fengið ellilífeyri frá Íslandi allt frá árinu 1999.

Tryggingastofnun segir það hafa verið „vegna misskilnings starfsmanna" sem greiddar voru bætur til fólks í Ástralíu: „Það hefur verið gert án þess að greiðsluheimild væri í raun fyrir hendi," viðurkennir stofnunin.

Úrskurðarnefnd almannatrygginga tekur undir með Tryggingastofnun: „Það að greiðslur hafi verið inntar af hendi til nokkurra einstaklinga á röngum forsendum vegna mistaka starfsfólks Tryggingastofnunar skapar að mati úrskurðarnefndar ekki öðrum rétt." - gar

KARL STEINAR GUÐNASON Forstjóri Tryggingastofnunar frá 1993.

Hagnaður Mosaic Fashions:

1,4 milljarðar

VIÐSKIPTI Hagnaður Mosaic Fashions, sem meðal annars rekur Karen Millen og Oasis, nam 14,7 milljónum punda eftir skatta fyrir síðasta rekstrarár. Það jafngildir tæpum 1,4 milljörðum króna. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 12,6 milljónum punda.

Sala ársins jókst um 43 prósent í 585,8 milljónir punda. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 72,2 milljónum punda. Það var aukning upp á 22 prósent.

Á árinu tók Mosaic tískuverslanakeðjuna Rubicon Retail yfir. Skýrist vöxtur ársins að miklum hluta til af því. - hhs

ALGJÖR EYÐILEGGING Árið 1999 létust yfir átján þúsund manns þegar byggingar hrundu í stórum jarðskjálftum í Istanbúl. NORDICPHOTOS/AFP

Óöruggar byggingar í Tyrklandi:

Sex hæða blokk hrundi til jarðar

TYRKLAND, AP Sex hæða íbúðarblokk hrundi til jarðar í Istanbúl í gær. Óljóst var hvort einhver var í blokkinni þegar hún hrundi.

Brestir fóru að heyrast í blokkinni hálftíma áður en hún hrundi og tókst að rýma hana að mestu að sögn ríkisstjóra Istanbúl-héraðs, Muammer Güler.

Niðurrif á samliggjandi byggingu orsakaði hrun íbúðarblokkarinnar, að sögn borgarstjórans Kadir Topbas.

Ekki er óalgengt í Tyrklandi að byggingar hrynji. Jarðfræðingar hafa hvatt stjórnvöld til að rífa um 50.000 byggingar sem eru taldar geta hrunið verði jarðskjálfti í Istanbúl. - sdg

KÓPAVOGUR

Eldri borgarar fá ódýrari mat

Tveimur aðskildum tillögum minnihlutans í bæjarstjórn Kópavogs um lækkun á matarverði til eldri borgara í bænum var vísað til bæjarráðs og félagsmálastjóra falinn ítarlegur samanburður á matarkostnaðinum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Vítavert gáleysi ökumanns

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði ökumann á þriðjudag sem ók án þess að hafa bílbeltið spennt. Með manninum í bíl var sex ára barn sem sat í framsæti og var ekki heldur spennt í belti. Að sögn lögreglunnar er slíkt ekki einsdæmi.

Ungir ökufantar verða skikkaðir aftur í bílpróf

Ný og hert viðurlög við umferðarbrotum taka gildi í dag. Forstöðumaður rannsóknarnefndar umferðarslysa segir fræðslu ekki duga á suma ökumenn, beita verði harðari aðgerðum. Rangt sé að refsa öllum.

SAMGÖNGUMÁL „Nokkur dæmi eru um að ungir ökumenn sem hafa valdið alvarlegum umferðarslysum haldi áfram að brjóta af sér í umferðinni, jafnvel þótt þeir hafi séð vini sína láta lífið vegna þeirra. Fræðsla dugar ekki ein á þennan hóp heldur verður öðrum og harðari úrræðum beitt á þá," segir Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Hert viðurlög við umferðarlagabrotum taka gildi í dag en nú stendur yfir Umferðarvika Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir afleiðingar umferðarslysa sem eitt stærsta heilbrigðisvandamál heims. Um 3.000 manns deyja daglega af völdum þeirra í heiminum. Umferðarráð Íslands hélt fræðslufund í gær en á honum var vakin athygli á hættum á götum úti, tillögur gerðar um úrbætur og farið yfir hinn mikla kostnað sem hlýst af umferðarslysum hér á landi ár hvert.

Ágúst benti á að hraðakstur væri langalgengasta orsök alvarlegra slysa hér á landi og að undanfarin ár hefði öfgakenndum tilvikum hraðaksturs fjölgað. Slík tilfelli miðar Ágúst við 180 km hraða og kallar ofsaakstur. Hann segir yngstu ökumennina yfirleitt þá sem taki upp á slíku.

Ágúst og Sigurður Helgason, verkefnisstjóri Umferðarstofu, voru þó báðir sammála um að ekki væri rétt að hækka bílprófsaldur. „Það á að refsa þeim sem þarf að refsa en ekki þeim sem haga sér vel," segir Sigurður. Einnig bendir hann á að undanfarin ár hafi tekist að draga úr tjónum af völdum ungra ökumanna um helming með fræðslu. Alltaf verði einhverjir eftir sem fræðsla bíti ekki á og fyrir þá verði að finna aðrar aðferðir.

Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytisins, segir að nauðsynlegt hafi þótt að gera breytingar á lögum og reglum um umferðarbrot í ljósi þess ófremdarástands sem skapaðist hér á landi í fyrra.

„Ákveðið var að herða aðhald með ungum ökumönnum þannig að ef þeir fá fleiri en fjóra punkta getur lögregla bannað þeim að aka og skikkað þá aftur í bílpróf," segir Jóhannes. Einnig verður hægt að gera ökutæki síbrotamanna í umferðinni upptæk. karen@frettabladid.is

HERT AÐHALD MEÐ UNGUM ÖKUMÖNNUM Í dag taka ný viðurlög við umferðarbrotum gildi. Með þeim verður hægt að skikka unga ökumenn sem fengið hafa fjóra punkta aftur í próf og gera ökutæki síbrotamanna í umferðinni upptæk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HVAÐ ER HÆGT AÐ GERA? Egill Bjarnason yfirlögregluþjónn fór yfir mögulegar úrbætur á vegum úti, kostnað vegna slysa og hert viðurlög við umferðarbrotum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

UMFERÐARSLYS KOSTA 22 TIL 29 MILLJARÐA KRÓNA

Umferðarslys kostuðu Íslendinga 22 til 29 milljarða króna á síðasta ári. Það eru 85 þúsund krónur á hvern íbúa landsins. Þetta var meðal þess sem fram kom í máli Sigurðar Helgasonar, verkefnastjóra Umferðarstofu, á fræðslufundi Umferðarráðs í gær.

„Upphæðin gæti kostað rekstur allra háskóla og framhaldsskóla í landinu og átta milljarðar væru eftir," segir Sigurður og bendir einnig á að mannslíf eða heilsa verði aldrei bætt. Hann segir markmið stjórnvalda fyrir 2016 vera að fjöldi látinna verði ekki meiri en lægst gerist hjá öðrum þjóðum.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ENN ERU 20 GRÁÐUR Í KORTUNUM

Spennan gagnvart helgarveðrinu eykst. Enn má vænta þess að hitinn á Norðausturlandi slái einhvers staðar um eða yfir 20 stig um helgina í yfirleitt björtu og hægu veðri. Þetta myndi maður hiklaust kalla rjómablíðu ef rætist. Rétt er þó að benda á að þessar 20 gráður eru nálægt því að vera hæstu mögulegu gildi sem vænta má.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Suðaustan 5-8 m/s. Rigning eða skúrir. Hiti 8-12 stig.

um hádegi »



» á morgun



10-15 m/s á annesjum sunnan og suðvestan til, annars 5-10.

» sunnudagur



3-10 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	20°C	hálfskýjað	London	23°C	heiðskírt	Alicante	21°C skúrir
Billund	20°C	hálfskýjað	París	26°C	heiðskírt	Mallorca	19°C alskýjað
Osló	15°C	léttskýjað	Frankfurt	27°C	hálfskýjað	Eindhoven	27°C hálfskýjað
Stokkhólmur	18°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	24°C	hálfskýjað	Basel	27°C skúrir
Gautaborg	13°C	heiðskírt	Berlín	25°C	hálfskýjað	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

LAMBAFILE

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 kg lambafile með fitu
1 stk. sítróna, safinn
2 kvistir rósmarín
2 stk. hvítlauksgeirar
2 msk. maldon salt
1 dl ólífuolía
150 g íslenskt smjör

Afhýðið sítrónu og kreistið safann. Steytið rósmarín og hvítlauk í mortéli og blandið þessu þrennu saman. Þetta er mjög gott að gera einum sólarhring fyrir fram. Skerið rendur í fituna á lambakjötinu en gætið þess að skera ekki í kjötið. Nuddið salti í raufarnar. Steikið lambakjötið í olíu á pönnu. Bætið smjöri út á þegar kjötið er orðið fallega brúnt. Setjið inn í 125°C heitan ofn þar til kjarnhiti mælist 54°C.

Kjöt & fisktorgið

Lambalundir
úr kjötborði

TILBOÐ
2.998kr/kg
Verð áður 3.613,-

Kjöt & fisktorgið

Lambafile m/fitu
úr kjötborði

TILBOÐ
2.798kr/kg
Verð áður 3.256,-

Hamborgarar
Siggi sterki

TILBOÐ
638kr/pk
Merkt verð 797,-

Vinsælu þurrsteiktu grænmetisbuffin. Hefur þú smakkað?

Nýtt í Hagkaupum

Mjólka jógúrt
- 5 tegundir

Geeta´s sósur
- frábærar indverskar sósur. Matur á örskotsstundu

Ítalía pestó
- allt það besta, beint frá Ítalíu

Gildir til 29. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Ætti að leyfa hjónaband samkynhneigðra?

JÁ	57,7%
NEI	42,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að efla varnir gegn barnaklámi á netinu?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Pútín Rússlandsforseti hyggst ekki sækjast eftir að sitja þriðja kjörtímabilið:

Nýr forseti í Rússlandi að ári

MOSKVA, AP Vladimír Pútín, forseti Rússlands, gaf í gær til kynna að hann hygðist ekki sækjast eftir þriðja kjörtímabilinu. Í árlegri stefnuræðu sinni sagði hann að næsta stefnuræða yrði flutt af öðrum en sér en gaf þó engar vísbendingar um hvern hann sæi sem hugsanlegan eftirmann sinn.

Forseti má aðeins sitja tvö kjörtímabil samkvæmt rússnesku stjórnarskránni og á næsta ári lýkur Pútín öðru kjörtímabili sínu. Getgátur um að hann muni reyna að breyta stjórnarskránni til að geta setið lengur í embætti fengu byr undir báða vængi þegar leiðtogi efri deildar þingsins lagði slíka breytingu til í síðasta mánuði. Pútín hefur þó staðfastlega neitað slíkum getgátum.

Næsta ár verður tíðindamikið í rússneskum stjórnmálum; kosið verður til þings í desember og forsetakosningar fara fram í mars. Undanfarna mánuði hafa rússneskir ráðamenn sakað vestræn ríki um að reyna að hafa áhrif á stjórnmál í landinu með því að styrkja samtök sem hafa það yfirýsta markmið að berjast fyrir auknu lýðræði í Rússlanddi.

Pútín ítrekaði þessar ásakanir í ræðu sinni þótt hann tilgreindi ekki sérstök lönd. Sagði hann málflutning sumra andstæðinga sinna einkennast af „sýndarlýðræði“ og að þeir vildu snúa aftur til nýliðinnar fortíðar og svipta þjóðina efnahagslegu og pólitísku sjálfstæði. **- sdg**

VLADIMÍR PÚTÍN FORSETI RÚSSLANDS Stjórnarandstæðingar saka Pútín um að reyna að kæfa lýðræðið með aukinni miðstýringu. NORDICPHOTOS/AFP

Val fyrir sænska neytendur:

Loftslagsvæn matvæli merkt

STOKKHÓLMUR, AP Sænskir neytendur munu bráðlega geta valið að kaupa matvæli sem eru framleidd á máta sem hjálpar til við að draga úr loftslagsbreytingum, að því er matvælastofnun Svíþjóðar tilkynnti í gær.

Matvælin, sem verða sérmerkt, þurfa að uppfylla ákveðin loftslagsvæn viðmið sem stofnunin KRAV hefur útbúið, en markmið hennar er að hvetja til umhverfisvænnar neyslu.

Talskona KRAV segir óljóst hvernig mati verði háttað en það gæti átt við um hvernig matvæli eru flutt og hvers konar orka er notuð við framleiðsluna. **- sdg**

MÓTMÆLI VIÐ NJÁLSGÖTU Íbúar söfnuðu undirskriftum í gær og skoða stofnun félags til að gæta hagsmuna sinna.

Mótmælendur gengu í hús á Njálsgötunni

Gengið var í hús á Njálsgötu í gærkvöld og undirskriftum safnað á harðort mótmælabréf gegn heimili fyrir heimilislausa. Skrifstofustjóri velferðarsviðs segir ótta íbúanna eðlilegan í byrjun.

FÉLAGSMÁL Hópur íbúa á Njálsgötunni hóf undirskriftasöfnun í gærkvöld gegn stofnun heimilis fyrir tíu heimilislausa menn á Njálsgötu 74.

„Íbúar í hverfinu eru staðráðnir í að láta ekki valta yfir sig í þessu máli,“ segir Sigfús Þ. Sigmundsson, sem býr á Njálsgötu 79.

Sigfús segir mikinn hita í fólki á Njálsgötunni. Undirskriftasöfnunin sé aðeins upphafið. Athuga eigi réttarstöðu íbúanna og ráðgert sé að ráða lögfræðing sem kanni hvort borgin hafi farið eftir lögum og reglum og hvort hægt sé að koma slíkri starfsemi fyrir í miðri íbúðarbyggð án samþykkis íbúa. Þá segir Sigfús í skoðun að stofna félag íbúa á svæðinu og kjósa því talsmann.

„Á undanförnum árum hefur mikið af ungu fólki, margt með börn, keypt eignir á þessu svæði og lagt mikið fjármagn í endurbætur á þeim. Óttumst við nú að eignir okkar muni hríðlækka í verði í kjölfar þessarar ákvörðunar borgarinnar,“ segir í mótmælabréfinu. Gengið var með það hús úr húsi í gærkvöld til að afla undirskrifta. Í bréfinu er skorað á borgaryfirvöld að hætta við heimilið á Njálsgötu 74.

„Það kemur upp eðlilegur ótti í byrjun,“ segir Ellý A. Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði borgarinnar.

Ellý kveður nokkra nágranna hafa rætt við hana um heimilið fyrirhugaða. Hún segir að um leið og fólk átti sig á að þarna verði um að ræða heimili en ekki gistiskýli verði viðhorf flestra jákvæðara.

„Við höfum reynslu af öðrum heimilum í borginni og leggjum upp úr að vera í góðri samvinnu við nágranna,“ segir Ellý. Hún nefnir sambærilegt heimili á Miklubraut sem hafi verið starfrækt í fimm ár án árekstra við nágrannana.

Aðspurð segir Ellý að fyrir þennan tiltekna hóp sem búa eigi á Njálsgötu hafi síður komið til greina að gera honum heimili í úthverfi:

„Þessi hópur sækir sér ýmiss konar þjónustu í miðborginni á daginn. Þetta eru einstaklingar sem ekki eru á bíl og kannski flókið fyrir þá að fara langar vegalengdir.“ **gar@frettabladid.is**

Tölum saman!

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi vilja hitta þig. Þeir verða á eftirtöldum stöðum um helgina:

Laugardagur 28. apríl

09.30 Seltjarnarnes
Sal Sjálfstæðisfélagsins
Austurströnd

11.30 Kópavogur
Kosningamiðstöð
Sjálfstæðisflokksins
Hlíðarsmára 19

13.30 Garðabær
Garðabergi
Garðatorgi 7

Sunnudagur 29. apríl

12.00 Hafnarfjörður
Félagsheimili
Sjálfstæðisfélagsins
Strandgötu 27

14.00 Álftanesi
Haukshúsum

20.00 Mosfellsbæ
Safnaðarheimilinu,
Þverholti 3

Góðar veitingar og létt spjall.

Hlökkum til að sjá þig!

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Sálfræðingur segir mikilvægt að þeir sem skoði barnaklám á netinu leiti sér aðstoðar:

Hneigð til barnakláms er áunnin

LÖGREGLUMÁL Engin manneskja fæðist með hneigð til þess að skoða barnaklám, heldur er hún áunnin. Þetta segir Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

Barnaklám hefur fundist hjá fjórtán einstaklingum hér á landi það sem af er þessu ári. Tölvurannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur á sama tímabili tekið til rannsóknar 68 tölvur og tölvutengd gögn, þar sem fundist hefur barnaklám. Fréttablaðið greindi frá þessu í gær. Lögregluyfirvöld lýsa áhyggjum af þessari þróun.

Aukið aðgengi að klámi er ein helsta skýring þess að svo margir hafa verið teknir með barnaklám, segir Anna Kristín. „Í rannsóknum hefur komið fram að hneigð til barnakláms er nokkuð sem stigmagnast. Í byrjun er hugmyndin ekkert endilega sú að fara að leita að barnaklámi, heldur einhverju „viðurkenndara“ ef svo má orða það. En smám saman er eins og fólk ánetjist þessu eins og hverri annarri fíkn.“

Anna Kristín segir afar mikilvægt að fá þá einstaklinga sem ánetjast til að leita sér aðstoðar; ef þeir geri það sé hægt að hjálpa þeim. Lykilatriði sé að þeir átti sig á vandamálinu áður en það gangi lengra. „Menn sem eru farnir að skoða barnaklámsíður hafa þá þegar gengið of langt, því þarna er um að ræða lögbrot að hálfu viðkomandi, auk þess sem brotið hefur verið á saklausum börnum.“ **- jss**

BARNAKLÁM Heimsóknir fullorðins fólks á barnaklámsíður eru sívaxandi vandamál hér á landi sem og í öðrum löndum. Skoðun á slíku efni varðar við lög. SAMSETT MYND/KRISTINN



N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
N1 VERSLANIR
N1 BÍLAÞJÓNUSTA
N1 FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

WWW.N1.IS

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki sem veitir fólki og fyrirtækjum afburðaþjónustu á sviði bílatengdrar starfsemi. Við höfum 115 afgreiðslustaði um allt land, þjónustustöðvar, verslanir, hjólbarða- og smurþjónustu og öfluga fyrirtækjaþjónustu. **N1 – Meira í leiðinni**

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hversu margir eru sagðir hafa veikst vegna mengunar við Kárahnjúka síðustu vikur?*
2. *Hvað heitir nýr stjórnarformaður Landsvirkjunar?*
3. *Hversu margir fuglar voru aflífaðir vegna viðbragðsæfingar um fuglaflensu á þriðjudag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 44

Endanleg útfærsla á nýbyggingum á Höfðatorgi var afhjúpuð í gær:

Stækka miðbæinn til austurs

SKIPULAGSMÁL Byggja á 75 þúsund fermetra húsnæði á Höfðatorgsreitnum auk tveggja hæða bílakjallara þar undir. Þriðjungur verður íbúðir en að öðru leyti verður fyrst og fremst um skrifstofubyggingar að ræða.

Gunnar Valur Gíslason, framkvæmdastjóri Eyktar, sagði í gær að uppbyggingin ætti sér aðdraganda allt aftur til ársins 2000 er kaup á eignum hófust á reitnum. Kaflaskipti hefðu orðið 2005 er Eykt hóf mikil uppkaup á reitnum. Áður en Höfðatorg var fullhannað var leitað til þýsks ráðgjafarfyrirtækis um eðli og ímynd svæðisins. Lagði forstjóri Eyktar áherslu á að maðurinn sjálfur væri þungamiðja allrar hönnunar Höfðatorgs.

Pálmar Kristmundsson hjá PK arkitektum sagði meðal annars að myndað yrði stórt, skjólgott og sólríkt torg á milli húsanna. Þetta torg væri einn ávinningur Reykjavíkur af nýja svæðinu, sem í heild væri hugsað þannig að það færði miðborgina lengra til austurs. Þar yrði fjölbreytt mannlíf, meðal annars með verslunum og kaffihúsum. Þó verða ekki skemmtistaðir á Höfðatorgi.

„Höfðatorg kemur til móts við þá sem vilja búa miðsvæðis í nýju, fáguðu húsnæði," segir í kynningarefni Höfðatorgs ehf.

Hæsta byggingin á Höfðatorgi verður nítján hæða skrifstofuhús. **- gar**

HÖFÐATORG Uppbygging á Höfðatorgi miðar að því að færa miðborgina lengra til austurs. Ekki verða þó skemmtistaðir við torgið.

Sambankalán Icebank:

Stærsta lán í sögu bankans

VIÐSKIPTI Icebank hefur tekið 217 milljóna evra sambankalán hjá 34 evrópskum bönkum. Upphæðin samsvarar 19 milljörðum íslenskra króna.

Bankinn segir endanlega fjárhæð ríflega tvöfalt hærri en leitað var eftir í upphafi vegna eftirspurnarinnar. Hún er jafnframt sögð endurspegla traust sem bankinn njóti.

Sambankalánið, sem er til þriggja ára, var boðið út 8. mars síðastliðinn. Vaxtaálag er 0,46 prósent, sem sagt er í samræmi við þau kjör sem íslenskir bankar njóti um þessar mundir. „Lánsfénu verður varið til að endurfjármagna eldri lán og fjármagna áframhaldandi vöxt bankans," segir Icebank. **- óká**

LÖGREGLUMÁL

Í gæslu vegna fölsunarmála

Karlmaður um tvítugt hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 4. maí vegna rannsókna peningafölsunarmála hjá rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þrjú fíkniefnamál

Kona framvísaði fölsuðum lyfseðli á þriðjudaginn, par var handtekið með fíkniefni í söluumbúðum og tveir piltar voru gómaðir í austurborginni með fíkniefni.

Samstarf um varnarmál:

Danir koma Íslendingum til bjargar

VARNARMÁL Danir ætla að koma Íslendingum til hjálpar, sögðu danskir fjölmiðlar í gær þegar þeir skýrðu frá viljayfirlýsingu danskra og íslenskra stjórnvalda um samstarf í varnarmálum.

„Danmörk og Ísland ætla að efla hernaðarsamvinnu. Íslendingar þurfa á hernaðaraðstoð að halda vegna þess að Bandaríkjamenn eru farnir frá Keflavík," sagði í frétt danska ríkisútvarpsins.

Í norskum fjölmiðlum var haft eftir Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, að samkomulag Íslands og Noregs um varnarsamstarf væri mikilvægt fyrir bæði löndin. Hann lagði sérstaka áherslu á að hafsvæðið umhverfis Ísland skipti miklu máli fyrir flutning á olíu og gasi.

Gahr Støre tekur jafnframt fram að samkomulagið feli ekki í sér að Norðmenn veiti Íslendingum neina öryggistryggingu.

Slík trygging sé eftir sem áður á ábyrgð Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna. **- gb**

Í AFGANISTAN Norski herinn hefur nokkur umsvif í Afganistan. Stefnt er að því að æfingar fari meðal annars fram á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS AFP

Aukið samstarf við grannþjóðirnar

Norðmenn og Danir taka þátt í öryggis- og varnarmálum Íslendinga, sérstaklega varðandi þjálfun Íslendinga. Einnig koma þeir í auknum mæli að björgunaraðgerðum. Grannþjóðirnar fá að æfa lofther sinn og sjóher í landhelginni.

VARNARMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, skrifuðu í gær undir samkomulag við Norðmenn um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Stuttu síðar skrifuðu Valgerður og Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, undir viljayfirlýsingu um svipað samstarf við Dani.

Markmið samningsins við Norðmenn er að „staðfesta pólitískan vilja" þjóðanna um samstarf á sviði öryggis-, varnar-, viðbúnaðar- og björgunarmála á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Einnig segir að stuðla eigi að „varanlegum stöðugleika og öryggi á svæðinu".

Samstarfið tekur sérstaklega til upplýsingaskipta og fræðslu. Norðmenn munu mennta og þjálfa íslenskt starfslið, meðal annars á sviði flugeftirlits. Gera á samning um upplýsingaskipti vegna eftirlits með skipaferðum og um björgunarþjónustu. Rætt er um hugsanlegt samstarf við öflun nýrra björgunarþyrlna.

Norðmenn fá og „tækifæri til heimsókna og æfinga og til að stunda annars konar varnarstarfsemi" í lofti og á legi. Sérsveitir Norðmanna geta einnig æft hérna, en eiginlegur landher verður ekki með æfingar. Ísland er samkvæmt samningnum „viðtökuríki" og mun bera kostnað vegna staðsetningar liðsmanna, kosts og nauðsynlegs stuðnings á landi. Um kostnaðinn verður samið fyrir hverja æfingu fyrir sig, en annars er ekki fjallað um yfirfærslu fjár milli landanna í samkomulaginu. Það skal bíða ítarlegs samnings um umfang æfinga Norðmanna. Samkomulaginu má segja upp með 120 daga fyrirvara.

Viljayfirlýsing Íslendinga og Dana er styttri og í grunninn svipuð samkomulaginu við Norðmenn.

klemens@frettabladid.is

KOSTNAÐUR ÓLJÓS OG MÁLIÐ EKKI VERIÐ RÆTT Á ALÞINGI

Steingrímur J. Sigfússon, fulltrúi Vinstri grænna í utanríkismálanefnd, er „að sjálfsögðu fylgjandi [því] að við ræktum gott samband við frænd- og grannþjóðir okkar" á sviði Norðurlandaráðs og víðar. Hann segir öðru máli gegna um samkomulag um öryggis- og varnarmál við Norðmenn og svipaða viljayfirlýsingu við Dani. Hann telur til aukinn kostnað sem Ísland muni bera og spyr hvort ekki væri nær að „efla okkar eigin borgaralegu gæslu- og björgunarstarfsemi".

Einnig minnir Steingrímur á að Norðmenn séu ekki einungis nágrannar og samstarfsaðilar, heldur einnig keppinautar og „gagnaðilar í deilum". Telur hann til reynslu af samskiptum vegna Smugunnar, Svalbarða og Jan Mayen.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, er á öðru máli og telur þetta „eðlilega þróun á samstarfi okkar við Norðmenn og Dani. Það var okkar skoðun í Samfylkingunni þegar bandarískt herinn fór að þá þegar hefði átt að taka upp viðræður við granna okkar hér á Norður-Atlantshafi, Norðmenn, Breta og Kanadamenn, um almennan viðbúnað hér á Atlantshafinu. Því er þetta eðlileg þróun og hefði átt að gerast fyrr. En jafnframt er þetta viðurkenning á því að varnarsamningurinn var ekki fullnægjandi."

Ingibjörg telur til kosta þessa samstarfs að Norðmenn geti fylgst með síauknum skipaferðum sínum með gasi og olíu úr Barentshafi til Bandaríkjanna. Það sé mikilvægt til að koma í veg fyrir hættu á umhverfisslysum.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Ingibjörg telur ekki sérstaka hættu á því að samstarfið hafi áhrif á deilumál Íslendinga og Norðmanna.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að ekki þurfi að deila mikið um þann farveg sem mótaður hafi verið um samvinnu á Norðurhöfum og öryggishlutverk grannþjóðanna.

„Við bentum á það áður en varnarliðið fór frá Íslandi að eðlilegt væri að leita samstarfs við okkar nágrannaþjóðir um öryggismál á hafsvæðinu við Ísland og Norðurhöfum. Við erum því út af fyrir sig sátt við að þeirri málaleitan hafi verið fylgt eftir. Það á hins vegar alveg eftir að ræða þessi mál á hinu pólitíska sviði og fara með það inn í Alþingi. Einnig þarf að velta upp þeirri spurningu hvort eðlilegt sé að ríkisstjórn sem ekki á lengri líftíma eftir en raun ber vitni klári svona mál," segir Guðjón.

Kjörskrá vegna alþingiskosninga

Kjörskrá vegna alþingiskosninganna 12. maí 2007 liggur frammi til sýnis í þjónustuverinu, Strandgötu 6, frá og með föstudeginum 27. apríl fram á kjördag. Þjónustuverið er opið alla virka daga frá 8:00 - 17:00.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskránni. Athugasemdum við kjörskrá skal beina til bæjarstjórnar.

Kjörstjórn Hafnarfjarðar.

Börn

Snyrtivörur

Dömur

rifka

Kynningartilboð í Debenhams 26.apríl-2.maí

Glæsileg gjöf fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir kr. 4500 eða meira frá Rifka.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA SIA.IS DEB 36749 03.2007

Bandaríkjaþing samþykkir lög um brotthvarf hersins frá Írak:

McCain spáir hryðjuverkum

BANDARÍKIN, AP John McCain, sem sækist eftir því að verða forsetaefni Repúblikana í næstu forsetakosningum, spáir því að „hryðjuverkamenn“ fylgi í fótspor bandarískra hermanna þegar þeir yfirgefa Írak og elti þá heim.

„Ef við förum frá Írak fer allt í bál og brand, það verður þjóðarmorð og þeir munu elta okkur heim,“ segir hann. Frumvarp Demókrataflokksins um brotthvarf Bandaríkjahers frá Írak hefjist hinn 1. október næstkomandi var samþykkt í deildinni þar sem McCain situr. Skal stefnt að því að síðasti hermaðurinn verði farinn 1. apríl á næsta ári.

Fulltrúadeildin samþykkti þetta frumvarp á miðvikudaginn, en George W. Bush forseti hefur ítrekað sagst munu beita neitunarvaldi um nýju lögin. Hann muni ekki undirrita það, en það þýðir að þingið þarf að samþykkja það með auknum meirihluta til þess að það verði að lögum.

Bush forseti fær frumvarpið til undirritunar á þriðjudag en þá verða liðin fjögur ár frá því hann lýsti því yfir um borð í bandarísku herskipi, hinn 1. maí árið 2003, að átökum í Írak væri að mestu lokið.

- gb

FORSETAHJÓNIN DANSA Á miðvikudaginn stigu þau George og Laura Bush nokkur dansspor með tónlistarmönnum frá Afríku á flötinni fyrir utan Hvíta húsið í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjötíu milljarða tilboð í Invik í Svíþjóð

Heildareignir Milestone tvöfaldast gangi kaup þess á sænska fjármálafyrirtækinu Invik eftir. Þetta eru ein stærstu fyrirtækjakaup Íslandssögunnar. Mikil samlegðaráhrif eru milli Sjóvár og Askar Capital og dótturfélaga Invik.

VIÐSKIPTI Milestone, sem er í eigu Karls og Steingríms Wernerssona, lagði fram ríflega 70 milljarða yfirtökutilboð í sænska fjármálafyrirtækið Invik & Co. í gær eftir að hafa tryggt sér 26 prósenta hlut sem veitir 63,2 prósent atkvæðisrétt í félaginu. Þetta eru ein stærstu fyrirtækjakaup Íslandssögunnar. Stærsti seljandinn er Kinnevik, eignarhaldsfélag Stenbeck-fjölskyldunnar, en stjórn Invik mælir einróma með því að hluthafar gangi að tilboðinu.

Stefnt er að afskráningu sænska félagsins úr Kauphöllinni í Stokkhólmi en kaupin eru háð blessun fjármálayfirvalda. Fjármögnun er að fullu tryggð en fjárfestingarbankarnir Bear Stearns og Morgan Stanley eru Milestone innan handar við kaupin og fjármagna hluta kaupverðs.

„Þetta fyrirtæki hefur verið að vaxa hratt og látið finna verulega fyrir sér á sænskum fjármálamarkaði undanfarin tvö ár,“ segir Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone.

Invik er með starfsemi í Svíþjóð og Lúxemborg og hefur undir höndum tryggingar- og líftryggingarekstur auk sjóðastýringa og sérhæfðar bankastarfsemi. Heildartryggingariðgjöld samstæðunnar námu tólf milljörðum króna í fyrra, eignir í umsýslu í verðbréfasjóðum voru 162 milljarðar og eignir í stýringu um 98 milljarðar. Invik hagnaðist um 800 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi.

Karl sér fram á mikil samlegðaráhrif með dótturfélögum Invik, eins og Moderna Försäkringar og Invik Funds, og stærstu dótturfélögum Milestone, Sjóvá og fjárfestingarbankanum Askar Capital – einkum Sjóvá.

KARL WERNERSSON, STJÓRNARFORMAÐUR MILESTONE Kaupin á Invik falla vel að öðrum eignum Milestone, eins og Sjóvá og Askar Capital. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Að sögn Karls eru kaupin í samræmi við þá yfirlýsingu sem gefin var út eftir sölu Milestone á stórum hluta bréfa sinna í Glitni, að félagið hefði áhuga á því að fara inn á norrænan fjármálamarkað með það að markmiði að skapa sér sterkari stöðu.

Takist Milestone ætlunarverk sitt er stærstur hluti eigna félagsins utan landsteinanna. Heildareignir tvöfaldast: fara úr 170 milljörðum króna í 340 milljarða og verða starfsmenn samstæðunnar um 900 talsins. Áhersla félagsins fer nú úr því að eiga hluti í öðrum fyrirtækjum yfir í það að eiga þau að fullu leyti og reka þau. Milestone á einnig stóra eignarhluti í Actavis og Glitni og er langstærst í Lyfjum og heilsu. „Við erum komnir með mikla áhættudreifingu og höfum öðlast sjálfstæði gagnvart íslensku krónunni og íslensku efnahagslífi. Við höfum reyndar trú á hvoru tveggja.“

A-hlutabréf í Invik hækkuðu um 24 prósent í gær eftir tíðindin. Meðal hluthafa er TM, sem á 1,6 prósenta hlut.

eggert@frettabladid.is

TÆKIFÆRI TIL NÝSKÖPUNAR

FJALLAGRÖS OG SAUÐSKINNSSKÓR

Morgunfundur um nýsköpun og "allt annað" í Listamiðstöðinni Straumi kl: 10:00 - 12:00.

Frummælendur;
Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Impru, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, frá fyrirtækinu Villimey á Tálknafirði, Karl Benediktsson, dósent í landafræði við Háskóla Íslands, Svanborg R. Jónsdóttir, nýsköpunarkennari og doktorsnemi við KHÍ, Magnús Þór Þorbergsson, fagstjóri Fræði og framkvæmd við LHÍ og Haukur Halldórsson, frá Víkingahringnum í Straumi

Fundarstjóri er Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

ALLT ANNAÐ LÍF!
- með vinstri grænum

ALLIR VELKOMNIR

Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

24,9% ávöxtun



Meiri sveiflur, hærri væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf

HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

20,8% ávöxtun



Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf

ÖRUGGA SAFNIÐ

16,1% ávöxtun



Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf

Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.

Netbankinn

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is
www.spronverdbref.is – www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON

spron VERÐBRÉF

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

Himinn og haf / SÍA – 9070354

ÞRIFIÐ Í HÁLOFTUNUM Þessir fjórir gluggaþvottamenn virðast ekki þjakaðir af lofthræðslu þar sem þeir hanga í mikilli hæð utan á háhýsabyggingu í miðborg Peking, höfuðborgar Kína.
NORDICPHOTOS/AFP

Sorpbrennslustöð Húsvíkinga skemmdist talsvert í bruna á þriðjudagskvöld þegar sorp var brennt:

Kviknaði í fitu sem lak frá brennsluofni

BRUNI Talsverðar skemmdir urðu á sorpbrennslustöð Húsvíkinga þegar eldur kom þar upp á þriðjudagskvöld. Svo virðist sem kviknað hafi í út frá fitu sem lak frá brennsluofni þegar verið var að brenna sorp.

Jón Ásberg Salómonsson, slökkviliðsstjóri á Húsavík, segir að greiðlega hafi gengið að slökkva eldinn. „Það var ekki mikill eldur í húsinu en það var þéttur og mikill reykur þar inni," segir Jón. Tólf slökkviliðsmenn unnu við að ráða niðurlögum eldsins.

Sorpbrennslustöðin tók til starfa fyrir um ári síðan svo þar er allur búnaður nýr og í góðu lagi. Stefán Sigtryggsson sorpbrennslustjóri segir að ekki hafi hvarflað að starfsmönnum stöðvarinnar að kviknað gæti í með þessum hætti. „Það hefur eitthvað gefið sig svo fitan lekur niður á gólf, annaðhvort hefur síðan komist neisti í hana eða þá að hún hefur hitnað svo mikið að hún fer að brenna," segir Stefán.

Talsverðar skemmdir urðu á búnaði sorpbrennslunnar og Stefán á ekki von á að þar verði brennt sorp á næstu dögum. „Það virðist sem allar rafmagnslagnir í þessu rými séu ónýtar og eitthvað hefur skemmst af öðrum búnaði þótt ekki sé búið að kanna það til hlítar. Ég vona að starfsemi geti hafist á ný eftir hálfan mánuð," segir Stefán. Litlar skemmdir urðu á húsinu sjálfu. - þo

ELDUR Í SORPBRENNSLUSTÖÐINNI Soprbrennslustöðin er ný og glæsileg og því voru mikil verðmæti í húfi.
MYND/GUÐBERGUR RAFN ÆGISSON

Samband við Salómonseyjar:

Tengist ekkert hvalveiðum

SALÓMONSEYJAR Í síðustu viku undirrituðu í New York þeir Hjálmar W. Hannesson, sendiherra Íslands, og Collin Beck, sendiherra Salómonseyja, samning um að stofna formlegt stjórnmálasamband milli landanna.

HJÁLMAR W. HANNESSON

Í framhaldi af því sá stjórn Salómonseyja sig knúna til að gefa út yfirlýsingu um að þetta nýstofnaða samband tengdist ekkert hvalveiðum. Eini tilgangurinn væri að styrkja tengsl við Ísland með samvinnu á sviði fiskveiða og orkumála í huga.

Frá þessu er skýrt á vefsíðu útvarpsins á Nýja-Sjálandi. - gb

Umboðsmaður barna um síhringikort barna:

Ábyrgðin bankanna

BANKAVIÐSKIPTI „Skýrt er kveðið á um það í lögum að ekki er hægt að eiga viðskipti við börn sem kalla á að þau skuldsetji sig. Þess vegna bjóða bankarnir börnum bara upp á síhringikortin til að það sé alltaf tryggt að það sé til innistæða fyrir því sem þau eiga í viðskiptum með," segir Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna.

SÍHRINGIKORTIN VIRKI SEM SLÍK Bankarnir hljóta að bera ábyrgð á því að síhringikortin virki sem slík, að mati Ingibjargar Rafnar, umboðsmanns barna.

Ef kortin hringja ekki er skýrt samkvæmt lögum hver ber ábyrgðina á því. „Banki, verslun eða vídeóleiga getur ekki átt í viðskiptum við börn ef þeim viðskiptum fylgir skuldsetning. Ég held að bankarnir hljóti að bera ábyrgð á því að síhringikortin virki sem slík. Auðvitað geta alltaf orðið slys en þá er það eitthvað sem bankarnir verða að reikna með í sínum rekstri, tel ég, út frá þessu laga-ákvæði. Og „FIT"-kostnaðurinn þess heldur."

Fréttablaðið greindi nýlega frá því að Neytendasamtökin fengju stundum fyrirspurnir vegna síhringikorta barna þar sem börn hefðu farið yfir á reikningum sínum þar sem kortin virtust ekki hringja inn. „Bankarnir mega ekki setja í hendurnar á börnum annars konar kort en kort sem bjóða upp á staðgreiðsluviðskipti." - ghs

REFSIFANGI Mikael Má Pálssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, er gefið að sök að hafa skipulagt smyglið og fengið fangavörðinn til þátttöku. Myndin er af Mikael í dómsal.

Fyrrverandi fangavörður ákærður

Fyrrverandi fangavörður á Litla-Hrauni hefur verið ákærður fyrir að smygla fíkniefnum inn í fangelsið, á þeim tíma sem hann starfaði þar, og peningaþvætti.

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir að smygla fíkniefnum inn á Litla-Hraun, svo og peningaþvætti á þeim tíma sem hann starfaði sem fangavörður þar. Mikael Már Pálsson, refsifangi á Litla-Hrauni, hefur einnig verið ákærður í sama máli fyrir skipulagningu fíkniefnasmyglsins.

Fangaverðinum fyrrverandi er gefið að sök að hafa í ágúst á síðasta ári misnotað stöðu sína og smyglað 33,66 grömmum af amfetamíni og 241,15 grömmum af kannabis inn í fangelsið. Fíkniefnin fékk hann afhent daginn áður hjá ónafngreindum manni í Reykjavík. Þau ætlaði fangavörðurinn að skilja eftir í fangaklefa Mikaels Más, en áður en til þess kom framvísaði hann efnunum við yfirmann sinn.

Þá er sami maður ákærður fyrir peningaþvætti í opinberu starfi með því að hafa tveim dögum fyrir smygltilraunina tekið á móti umslagi frá Mikael Má sem innihélt hundrað þúsund krónur í reiðufé. Var fangaverðinum ljóst að um var að ræða söluandvirði fíkniefna, að því er segir í ákærunni. Hann smyglaði peningunum út úr fangelsinu og afhenti þá tilteknum manni.

Mikael Már er ákærður fyrir skipulagningu smyglsins eins og áður sagði. Hafi hann fengið fangavörðinn til að notfæra sér stöðu sína til að smygla efnunum inn í fangelsið í þeim tilgangi að Mikael Már gæti tekið við þeim og afhent þau eða selt þar.

Mikael Már afplánar nú fjögurra ára fangelsisdóm á Litla-Hrauni. Þann dóm hlaut hann fyrir stórfelld fíkniefnabrot og fleiri afbrot. Hann hafði gert út þrjá menn um tvítugt til að kaupa fíkniefni í Amsterdam í Hollandi. Við komuna til landsins voru þeir stöðvaðir og reyndust vera með tæplega hálft kíló af mjög sterku kókaíni, auk minna magns af marijúana.

Skömmu síðar fór Mikael Már sjálfur til fíkniefnakaupa.

Við heimkomu frá Frakklandi var hann stöðvaður og reyndist þá hafa falið rúm 3,7 kíló af nær hreinu amfetamíni í duftformi í baki ferðatösku sinnar.

jss@frettabladid.is

TÖLUM SAMAN

Kosningarnar snúast um þitt val. Við viljum heyra þín sjónarmið og kynna okkar áherslur. Fáðu frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í heimsókn á þinn vinnustað.

Hafðu samband í síma 515 1777 eða á xd@xd.is
Einnig er hægt að senda inn spurningu til Geirs og Þorgerðar á www.xd.is

Nýir tímar – á traustum grunni

Bakkavör í takt við spár:

Milljarður í hagnað

VIÐSKIPTI Bakkavör Group skilaði 1,2 milljarða króna hagnaði á fyrsta fjórðungi þessa árs. Afkoman á fjórðungnum er í takt við spár greiningardeilda bankanna.

Velta Bakkavarar nam 45,1 milljarði króna á tímabilinu og var rekstrarhagnaður fyrir skatta og gjöld 4,5 milljarðar króna. Það jafngildir 28 prósenta aukningu frá síðasta ári.

Ágústi Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir í fréttatilkynningu að fjórðungurinn lofi góðu. Búist sé við að markaður með ferskar matvörur vaxi um allt að 30 prósent í Kína og Evrópu á næstu fjórum árum. - jab

www.toyota.is

Meiri þögn

Ný Corolla er hljóðlátust í sínum flokki

Lágmarks veghljóð og loftmótstaða
Meira öryggi
Meira rými
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og
reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

Verð frá 1.960.000* kr.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36102/07

*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

HÖFÐATORG.

MIÐBORGIN STÆKKAR

www.hofdatorg.is


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

„ORÐRÉTT“

Bara uppnefnir fólk

„Að hætti Vestfirðinga uppnefnir Jón Baldvin flesta sem hann umgengst, eða eru honum hugstæðir. Þetta eru eins konar gæluorð.“

BRYNDÍS SCHRAM TEKUR UPP HANSKANN FYRIR MANNINN SINN OG SÉR EKKERT AÐ ÞVÍ AÐ KALLA MENNTAMÁLARÁÐHERRA „LJÓSKU“.
Blaðið 26. apríl

Verið velkomin!

„Velferðarráð væntir þess að íbúar þar taki starfseminni fagnandi og bjóði nýja íbúa velkomna.“

BÓKUN VELFERÐARRÁÐS UM AÐ NÝTT HEIMILI HEIMILISLAUSRA VERÐI KOMIÐ FYRIR Á NJÁLSGÖTU. VÆNTANLEGIR NÁGRANNAR SPYRJA Á MÓTI; „AF HVERJU ENDILEGA HJÁ OKKUR?“
Fréttablaðið 26. aprílw

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HRAFNKELL MARINÓSSON, DEILDARSTJÓRI Í HAFNARFIRÐI

Útskrifast og fá sveinspróf um leið

„Við vorum að vígja nýtt grill hér í skólanum sem útskriftarnemar í húsasmíði voru að smíða. Svo vorum við að fagna því að önninni er að ljúka og í tilefni af því var nýja grillið vígt. Við erum líka með nemendur sem eru að byggja gestahús fyrir meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði þannig að þetta hefur verið skemmtilegur dagur í skólanum,“ segir Hrafnkell Marinósson, deildarstjóri bygginga- og mannvirkjadeildar Iðnskólans í Hafnarfirði. Önninni er að ljúka hjá burtfararnemendum Iðnskólans og fara þeir í sveinspróf um miðjan maí. „Þetta er í fyrsta sinn sem húsasmíðanemar taka sveinspróf í beinu framhaldi af skólanum. Þegar þeir koma í jakkafötunum sínum með mömmu og pabba 19. maí þá útskrifast þeir sem sveinar og úr skólanum og það er merkilegur og skemmtilegur áfangi,“ segir Hrafnkell sem vonast til að það verði tólf húsasmíðanemar sem fara í sveinspróf í maí og átta í pípulögn.

Hrafnkell er sundgarpur hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar og þekktur sjósundmaður. Hann segir að nú sé sjósundið að byrja á fullu. „Góður vinur er að búa sig undir Ermarsund. Við förum nú bráðum að synda með honum í sjónum. Við ætlum meðal annars að stefna að því að taka fjögurra tíma sund með honum í sjónum til að undirbúa hann sem best.“

BIKINÍIÐ:
OLLI HNEYKSLAN Í FYRSTU

■ Tvískipt baðföt komu fyrst fram á sjónarsviðið árið 1946. Þessi efnislitli sundfatnaður var fljótlega kallaður bikiní eftir lítilli eyju í Kyrrahafinu en þar höfðu Bandaríkjamenn gert tilraunir með kjarnorkusprengingar. Bikiníið olli mikilli hneykslan og sums staðar var slíkur sundfatnaður bannaður enda þótti ekki siðsamlegt að sýna svo mikið hold. Það var franski hönnuðurinn Louis Réard sem hannaði fyrsta bikiníið.



SJÓNARHÓLL
HJÓNAVÍGSLA SAMKYNHNEIGÐRA

Guð styður ekki kirkjuna

BRYNJA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
Blaðamaður

„Fyrir mér er þetta mjög einfalt mál. Í augum þjóðkirkjunnar eru sóknarbörnin ekki öll jöfn fyrir Guði. Fólki er mismunað á grundvelli kynhneigðar og það er ekki það sem Guð styður. Í það minnsta ekki minn Guð,“ segir Brynja Björk Garðarsdóttir blaðamaður um afstöðu kirkjunnar til þess að heimila kirkjulegt hjónaband samkynhneigðra para. „Við Geir Waage erum greinilega ekki með sama guðinn eftir því sem ég kemst næst. Íslendingar eru frekar frjálslynd þjóð í þessum efnum ef miðað er við aðrar þjóðir en hver segir að það eigi að vera viðmiðið? Viðmiðið á einfaldlega að vera jafn réttur allra til þess að fá blessun Guðs á hjónaband sitt. Íslenska þjóðkirkjan fær greiddar 11.300 krónur á hvert sóknarbarn og það er ósköp einfalt að segja sig úr henni ef fólk vill ekki styðja þessa mismunun. Það var afar skýr afstaða sem kom í ljós á nýafstaðinni prestastefnu og ég get ekki séð annað en að nauðsynlegt sé að aðskilja ríki og kirkju áður en nokkuð getur þokast áfram í þessum málum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GAMLI OG NÝJI TÍMINN Það er ekkert að því að tala í farsíma þótt í upphlut sé komið.

Duflað og daðrað á peysufötum

Meira en hundrað ár hafa liðið frá því að fyrstu nemendurnir settust við lexíulestur í Verzlunarskóla Íslands. Einu sinni ári lítur út fyrir að fátt hafi breyst á þessum árum. Á peysufatadaginn spássera nemendur fjórða bekkjar um götur miðbæjar Reykjavíkur í peysufötum, upphlut eða kjólfötum. Dagurinn er ein elsta hátíð íslenskra framhaldsskóla og hefur verið haldinn síðan 1924. Þótt hefðin sé komin til ára sinna eins og fatastíll nemendanna þennan dag virðist hann alltaf jafn gleðilegur.

Stofnun Verzlunarskóla Íslands þótti mikilvægur liður í sjálfstæðisbaráttu landsins. Því betur sem Íslendingar voru menntaðir á sviði verslunar- og skrifstofustarfa gátu þeir frekar rekið verslun í landinu án utanaðkomandi aðstoðar, svo sem frá Dönum. Stofnun Verzlunarskóla Íslands þótti einnig hafa jákvæð áhrif á jafnréttisbaráttu í landinu því að bæði stúlkur og piltar höfðu jafnan aðgang að skólanum. Strax í upphafi skapaðist hefð fyrir því að stúlkur stunduðu nám við skólann og gæfu piltunum þar ekkert eftir. Fyrsti dúx skólans var til dæmis stúlka, Lovísa Ágústsdóttir Fjelsted sem var í fyrsta útskriftarhópnum árið 1907. Það er því öld liðin frá því að fyrstu nemendurnir voru útskrifaðir úr skólanum. Hvort sem nemendur samtímans höfðu það í huga þegar þeir skemmtu sér í gær við leik og söng bera myndirnar þess glögglega merki að peysufatadagurinn er ánægjulegur hátíðisdagur.

DANSAÐ OG DAÐRAÐ Á PEYSUFATADEGI Það var létt yfir þessu pari sem dansaði dátt undir nikkuleik á þessum árlega peysufatadegi 4. bekkinga í Verzlunarskólanum.

LEIKIÐ AF FINGRUM FRAM Hann sýndi fimi sína á nikkuna, harmonikkuleikarinn sem spilaði undir dansi á peysufatadeginum.

xelenta

- gjafavörur
- steinljós
- kristalljós
- marmarastyttur
- bronsstyttur
- tréstyttur

Skeifan 7 - Reykjavík - Sími: 553 2882

Nýjar snyrtivörur

Samy hárvörur

Samy hárvörufyrirtækið er þekkt fyrir áreiðanleika og framsækni og setur línurnar í tískuheiminum vestanhafs. Með nýjustu tækni er Samy dæmi um fullkomna sameiningu tísku og ímyndunarafls. Samy skuldbindur sig til að skapa hársnyrtivörur atvinnumanna fyrir alla neytendur á viðráðanlegu verði. Samy vörurnar innihalda ekki vax eða önnur algeng aukaefni sem skaða geta hárið.

Giovanni snyrtivörur

Notkun náttúrulegra og lífrænna snyrtivara hefur aukist stórkostlega á síðustu árum. Giovanni snyrtivörurnar innihalda vítamín, jurtir, steinefni, prótein og náttúrulegar olíur. Olíurnar eru kaldpressaðar og frystar samstundis til að tryggja hreinleika þeirra. Frábær valkostur fyrir alla þá sem vilja nýta sér græðandi kraft jurtanna til endurnæringar líkamans.

Svona erum við

> Fjöldi leikskólakennara að störfum í leikskólum landsins.

Heimild: Hagstofa Íslands



baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: KOSOVO

Vaxandi spenna vegna framtíðar Kosovo

Vojislav Kostunica, forsætisráðherra Serbíu, hvatti í gær Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til þess að hafna tillögum um að Kosovo-hérað fái nánast fullt sjálfstæði. Rússar hafa nýverið gefið í skyn að þeir muni beita neitunarvaldi sínu í Öryggisráðinu gegn þessum tillögum.

Hverjir búa í Kosovo?

Meira en níutíu prósent íbúa héraðsins eru albönsk, og þeir vilja fullt sjálfstæði, en minnihlutinn er serbneskur og vill að héraðið tilheyri áfram Serbíu. Stríð braust út í Kosovo haustið 1998 og lauk því ekki fyrr en eftir 78 daga loftárásir Nató bæði á Kosovo og Serbíu vorið 1999. Síðan þá hefur Kosovo verið undir stjórn Nató og Evrópusambandsins. Nató er enn með 16.500 manna friðargæslulið í héraðinu.

Um hvað snúast tillögurnar?

Höfundur tillagnanna er Martti Ahtisaari, fyrrverandi Finnlandsforseti, sem starfar í umboði Sameinuðu þjóðanna. Hann leggur til að Kosovo fái takmarkaða en tímabundna sjálfstjórn með eigin stjórnarskrá, eigin þjóðfána og eigin herafla. Serbneski minnihlutinn fengi sömuleiðis veruleg sjálfsstjórnarréttindi og alþjóðlegt eftirlit yrði með allri stjórn héraðsins. Að loknu aðlögunartímabili stæði þó fátt í vegi fyrir því að héraðið fengi í raun fullt sjálfstæði.

Hver verða næstu skref?

Bæði Nató og Evrópusambandið hafa hvatt Öryggisráðið til að samþykkja tillögurnar. Hvorki Serbar né Rússar eru þó spenntir fyrir þeim. Þess í stað hefur Serbíustjórn komið með tillögur um að Kosovo fái víðtæka sjálfsstjórn en verði þó áfram innan landamæra Serbíu. Ekkert bendir til þess að Rússar gangi gegn vilja Serba í málinu.

SPURT & SVARAÐ
BARNAKLÁM

Felur alltaf í sér ofbeldi



PETRÍNA ÁSGEIRSDÓTTIR
Framkvæmdastjóri

Barnaklám finnst í auknum mæli í tölvum á Íslandi. Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, segir barnaklám alltaf fela í sér ofbeldi á börnum.

Hvað er barnaklám?

Hin almenna tilvísun er sú að vinnsla og framleiðsla myndefnis sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt sé barnaklám. Barnaheill – Save the Children á Íslandi líta svo að „barnaklám" feli alltaf í sér ofbeldi á börnum, því engin klámmynd verður til af barni án þess að það þjáist.

Hvernig gengur að ná þeim sem skoða barnaklám á netinu?

Síðustu ár hafa fallið einn til fimm dómar á ári í héraði í þessum málum og fer fjölgandi.

Er eitthvað vitað um samband milli skoðunar barnakláms og misnotkunar á börnum?

Samkvæmt rannsóknum er greinilegt samband. Barnaklám finnst iðulega í tölvum þeirra sem eru dæmdir fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Ekki má heldur gleyma því að skoðun barnakláms ein og sér er misnotkun.

Ófremdarástand við Kárahnjúka

Fréttablaðið sagði frá því á mánudag að um fjörtíu starfsmenn Impregilo sem vinna við gerð aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar hefðu veikst eftir að hafa fengið mat og drykk í opnum ílátum. Á síðustu dögum hafa síðan borist enn frekari fregnir af veikindum og óvistlegum aðstæðum í göngunum og á þriðjudag stöðvaði Vinnueftirlitið vinnu í göngunum til að starfsmenn þess gætu rannsakað aðstæður.

AÐRENNSLISGÖNGIN Yfirlæknir á Kárahnjukum segir að 180 manns hafi veikst vegna mengunar og óheilsusamlegra skilyrða í göngunum.

Síðastliðinn föstudag voru fjörutíu starfsmenn sem vinna í aðrennslisgöngunum óvinnufærir vegna niðurgangs og uppkasta. Helga Hreinsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Austurlands, sagði í samtali við Fréttablaðið um liðna helgi að hreinlæti væri ábótavant í göngunum því starfsmenn gætu ekki þvegið sér áður en þeir borðuðu, en þeir skammta sér sjálfir á pappadiska úr opnum ílátum. Þá væri salernisaðstaða þannig að ferðaklósett væri um 200 metrum frá þeim stað þar sem maturinn væri framreiddur.

Sleiktu hellisveggina

Portúgali sem starfaði við framkvæmdirnar og hafði samband við Fréttablaðið sagði meðferðina á starfsmönnunum ómanneskjulega og jaðra við mannvonsku.

Hann lýsti aðstæðum starfsmanna í göngunum á þann veg að á fimmtudaginn í síðustu viku hefðu þeir verið djúpt niðri í jörðu í tólf tíma án þess að fá mat eða drykk til sín. Því hefðu þeir sleikt hellisveggina til að svala sárasta þorstanum. Þegar matarföng bárust loks hefðu mennirnir dýft könnum sínum í eplasafa sem var í opinni fötu án þess að hafa þvegið hendur sínar áður, þar sem hvorki salernis- né þvottaaðstaða væri fyrir hendi. Veikindin komu honum því ekki á óvart enda sagði hann menn hafa komið grátandi upp úr göngunum þennan dag.

Göngunum lokað

Á þriðjudag fóru svo fulltrúar Heilbrigðis- og Vinnueftirlits Austurlands á vettvang og í kjölfarið var vinna í göngunum stöðvuð sökum loftmegnunar.

Þorvaldur Hjarðar, aðstoðarumdæmisstjóri Vinnueftirlitsins, sagði þá að öryggi starfsfólks í göngunum væri ógnað. Hann taldi snefilefni frá dísilknúnum vinnuvélum líklegustu orsök loftmengunar, sem hafði valdið starfsmönnum andþyngslum og sviða í hálsi. Impregilo sendi þá frá sér yfirlýsingu þar sem verktakinn harmaði veikindi starfsmanna sinna, en sagði vandamálið nýtilkomið. Breyttar eðlisfræðilegar aðstæður hefðu valdið því að mengun gæti farið yfir viðmiðunarmörk á afmörkuðum svæðum inni í göngunum.

180 manns hafa veikst

Á miðvikudag sendi svo Þorsteinn Njálsson, yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar á Kárahnjúkum, Vinnueftirlitinu lista með nöfnum 180 manna sem hefðu veikst frá 10. apríl vegna mengunar í göngunum.

Hann sagði enn fremur að forsvarsmenn Impregilo hefðu vitað af veikindunum í tvær vikur. Var hann mjög ósáttur við að Impregilo hefði ekki brugðist strax við þegar verktakanum var tilkynnt um að gera þyrfti úrbætur í aðrennslisgöngunum eftir að starfsmennirnir tóku að veikjast.

Miðtaugakerfiseinkenni

Stór hluti mannanna sem höfðu veikst voru með bólgu í hálsi, nefstíflur og einkenni um ennis- og kinnholubólgur en Þorsteinn sagði að þegar fram liðu stundir hafi ástandið versnað. „Á mánudaginn í síðustu viku [16. apríl] komu hérna mjög ungir menn með verulega miðtaugakerfiseinkenni út af eitrun," sagði Þorsteinn, en einkennin lýsa sér í ertingu á heilataugum. Þau væru þó ekki varanleg og hyrfu þegar eiturefnin skiluðu sér úr líkamanum.

Þorsteinn sagði einn mann liggja á spítala í Póllandi vegna veikinda sinna. Ástæða þess að senda þurfti manninn þangað væri sú að starfsmenn væru hér á eigin tryggingum og rannsókn á meinum mannsins hérlendis hefði verið honum afar dýr. Landsvirkjun hafði þó gefið vilyrði fyrir því að borgað yrði fyrir frekari rannsóknir á veikindum starfsmannanna.

Yfirmenn Impregilo taka lista

Fulltrúi Impregilo á Íslandi komst í gær yfir lista Þorsteins með nöfnum þeirra 180 starfsmanna sem höfðu veikst. Þorsteinn sagði að listanum hefði verið stolið.

„Það er starfsmaður á stofunni hjá mér sem tekur þessar upplýsingar ófrjálsri hendi og færir yfirmönnum þær," sagði Þorsteinn, sem sendi landlækni erindi í kjölfarið.

Landlæknir hefur óskað eftir nánari útlistun á málinu en segir að Impregilo beri að skila listunum enda megi vinnuveitendur aldrei hafa slíkar upplýsingar undir höndum. Hann óskar einnig skýringa á því að ekki hafi borist tilkynning um veikindin á Kárahnjúkum til sóttvarnarlæknis en samkvæmt nýjum lögum um sóttvarnir, sem samþykkt voru í lok síðasta þings, hefði átt að gera sóttvarnarlækni á Héraði grein fyrir hópsýkingunni.

Fulltrúar heilbrigðisyfirvalda á Austurlandi, yfirmenn Impregilo og fulltrúar Landsvirkjunar funduðu um málið í gær.

ATBURÐARÁSIN

10. apríl: Fyrstu mennirnir taka að veikjast af völdum mengunar í aðrennslisgöngum Kárahnjúkavirkjunnar. Forsvarsmenn Impregilo látnir vita af aðstæðunum.

20. apríl: Fjörutíu starfsmenn óvinnufærir vegna niðurgangs og uppkasta.

23. apríl: Portúgali sem hafði starfað í göngunum segir frá því í Fréttablaðinu að starfsmenn hafi verið án matar og drykkjar í tólf tíma á fimmtudeginum og að þeir hafi sleikt hellisveggina til að svala þorstanum. Segir meðferðina á starfmönnunum ómanneskjulega og jaðra við mannvonsku.

24. apríl: Fulltrúar Heilbrigðis- og vinnueftirlits Austurlands fara á vettvang. Í kjölfarið er vinna í göngunum stöðvuð vegna loftmengunar. Snefilefni frá dísilknúnum vinnuvélum sögð líklegasta orsök veikindanna.

25. apríl: Þorsteinn Njálsson, yfirlæknir á Kárahnjúkum, sendir Vinnueftirlitinu lista með nöfnum 180 manna sem höfðu veikst í aðrennslisgöngunum vegna mengunar og slæms aðbúnaðar frá 10. apríl.

26. apríl: Fulltrúi Impregilo kemst án leyfis yfir lista Þorsteins með nöfnum starfsmanna sem hafa veikst. Þorsteinn vísar málinu til landlæknis, sem segir að Impregilo eigi að skila listanum enda ólöglegt að vinnuveitendur hafi slíkar upplýsingar undir höndum.

FRÉTTASKÝRING
ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON
thordur@frettabladid.is

Expertinn frá Dreumex
– engin vettlingatök við óhreinindin

Expert frá Dreumex
Áhrifaríkt handþvottakrem

Virkar vel á smurningu, hráolíu, bremsuvökva, sement og önnur óhreinindi. Fáanlegt í handhægum 2,7 ltr. brúsa með dælu.

Kynningarverð
1.230 kr.

Örkorn í stað leysiefna

Húðvænt og rakagefandi

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNDUR RV6231

Full búð af sumarvörum

3 hjóla golfkerrur

9.990 kr/stk.
Golfkerrur

Draumur allra stráka

9.990 kr/stk.
BMX hjól

Seldust upp í fyrra!

19.990 kr/stk.
Freestyle hjól Mongoose

Verð frá **6.990** kr/stk.
Barnahjól 2-5 ára 12" stelpu og stráka

9.990 kr/stk.
Barnahjól 4-8 ára 16" stelpu og stráka

29.990 kr/stk.
Grill 3 brennara - ósamansett

16.990 kr/stk.
Grill með gaskút - ósamansett

4.990 kr/stk.
Körfuboltastandur fyrir börn

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Bónustilboðin stim
Ferskt lambafille
...fyrir góðan dag!
KS
Úrbeinað lambalæri
kílóverð nú:
1698 KR.
ÍSLANDS LAMB
Helgarsteik úr læri
AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.
Frídag verkamanna, þriðjudaginn
1. maí er lokað í Bónusverslununum
Bónus býður betur!
Kjúklingafilé
Chicken fillets
EURO SHOPPER
ERAN/Landlist
EUROSHOPPER
kjúklingabringur
1298 KR.
kílóverð
Frosnar EUROSHOPPER kjúklingabringur
Föstudagstilboð!
TILBOÐ
AFSLÁTTUR 10% VIÐ KASSANN
Ferskar
svínakótelettur
kílóverð nú:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
Frosin KS lambasvið
EKKERT BRUÐL
Frosin lambasvið
279 KR.
kílóverð
...fyrir góðan dag!
KS
I. fl. kindasúpukjöt
398 KR.
kílóverð
KJARNAFÆÐI
Hagkvæmt fyrir heimilið!
I. flokks kindasúpukjöt

pluð og klár!
4x 100g BBQ borgarar + brauð og sósa
4x 100g BBQ borgarar með brauði og sósu
598 KR.
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR
Lambakjöt kryddað -Íslandslamb
Lambaframhryggjarsneiðar kílóverð nú:
1598 KR.
Beinlaust grísakjöt á grillið
Hungangs grísafille kílóverð nú:
1598 KR.
Einiberja lambahryggur kílóverð nú:
1398 KR.
Einiberjakryddaður lambahryggur
Stoltið hans Stjána
DJÖFLATERTA
598 KR.
784g
frá Stjána bakara!
HUNANGSKRYDDLEGIÐ GRÍSAFILLE
Tröllapitsa á smápitsuverði!
2 lítrar
89 KR.
760g pitsa!
359 KR.
12" júfferta
Sjáðu verðið!
FRESCHETTA
XXL
PIZZA QUATTRO FORMAGGI
760g
XXL gæðapitsa með fylltum kanti
www.bonus.is
BÓNUS

FORMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

Lífsspursmál að hægja á þenslu

Guðjón Arnar Kristjánsson vill ráðast í stórfellda jarðgangagerð enda renni hún stoðum undir byggð í landinu. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segist hann vilja loka sendiráðum í Tókýó og Berlín og laða erlendan banka til starfsemi á Íslandi.

KOSNINGAR 2007

Kvótakerfið er enn efst á blaði hjá ykkur þótt lítið hafi verið talað um sjávarútvegsmál í pólitíkinni síðustu misseri og af því megi ályktа að sátt ríki um kerfið. Eruð þið ekki á villigötum?
Að mínu viti er þetta misskilningur. Það er engin sátt um kvótakerfið. Hins vegar hafa stjórnarflokkarnir reynt að þegja málið skipulega og meira að segja liggur við að LÍÚ ætli að þegja kosningabaráttuna af sér. Það er afar merkilegt þegar horft er til síðustu kosningabaráttu þar sem þeir voru á fullu og gáfu út yfirlýsingar og dulbúin skilaboð um að þeir sem vildu breyta kvótakerfinu væru hættulegir menn.

Það hefur orðið gríðarleg samþjöppun í kerfinu, líklega aldrei meiri en síðustu ár eftir að allar tegundir í smábátakerfunum voru kvótasettar. Handfærabátum hefur fækkað óhemju mikið, sem auðvitað hefur haft neikvæð áhrif fyrir hinar dreifðu sjávarbyggðir.

Skuldir sjávarútvegsins hafa aukist og aukist en heildartekjurnar standa í stað. Árið 1995 voru skuldirnar níutíu milljarðar en eru nú tæpir þrjú hundruð milljarðar. Væri slík staða uppi hjá venjulegum fyrirtækjum eða heimilunum væri nú talið að þau væru á beinni leið á hausinn.

Það er samþjöppun og hagræðing í flestum greinum, er ekki eðlilegt að það gerist líka í sjávarútvegi?
Það er ekki hægt að mæla gegn hagræðingu en við verðum að spyrja okkur hvort æskilegt sé, með tilliti til þess hve margar byggðir eru háðar sjávarútvegi, að kerfið sé svo opið að við sjáum ekki fram fyrir okkur. Til hvers erum við með byggðastefnu ef aðalatvinnuvegur landsbyggðarinnar er svo á floti að ef einn maður deyr í þorpi er atvinnuréttur inn horfinn af því að erfingjarnir vilja fá peningana?

Við skulum ekki gleyma því að kvótakerfið var sett á á sínum tíma vegna þess að Hafrannsóknastofnunin spáði 200 þúsund tonna þorskafla, sem var það minnsta sem menn höfðu séð frá stríðsárunum, og markmiðið var að tryggja atvinnu í landinu og dreifa aflaheimildum á flotann. Svo hefur þetta þróast yfir í að vera hreint peningakerfi þar sem menn eru hættir að horfa á auðlindina og atvinnuréttinn í samhengi og horfa bara á verðmæti aflaheimildanna.

Og af því að þú spyrð um hagræðinguna þá spyr ég hvort hagræðing sé fólgin í að búa til atvinnuleysi úti á landi og gera eignir fólks verðlausar? Hvaða hagræðing er í því?

Í stóriðju- og virkjanamálum segja sumir stopp og aðrir ekkert stopp. Hvað segið þið?
Við segjum að það sé kominn tími til að hægja á þenslunni á suðvesturhorninu. Nú eru reyndar líkur á að allt sé að fara af stað í Helguvík og það mun viðhalda þenslunni. Afstaðan til þessara mála helgast því fyrst og fremst af efnahagslegum forsendum þótt við viljum líka að varlega sé farið vegna náttúruverndarsjónarmiða.

Það er lífsspursmál fyrir þjóðina að hægt verði á þenslunni en það þarf að gera það þar sem hún er, ekki þar sem er mínus hagvöxtur eins og vestur á fjörðum þar sem ríkisstjórnin dró úr vegaframkvæmdum. Ríkið og sveitarfélögin verða að taka saman á þessu en það er erfitt að ráða við einstaklingsframtakið; byggingariðnaðinn til dæmis.

Það þarf þó að passa að missa hagvöxtinn ekki niður, hann þarf að vera svona tvö til þrjú prósent og þess vegna getum við ekki skrúfað fyrir allar framkvæmdir.

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON „Skuldir sjávarútvegsins hafa aukist og aukist en heildartekjurnar standa í stað. Árið 1995 voru skuldirnar níutíu milljarðar en eru nú tæpir þrjú hundruð milljarðar. Væri slík staða uppi hjá venjulegum fyrirtækjum eða heimilunum væri nú talið að þau væru á beinni leið á hausinn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Eðlilegt að leggja á raunverulegan hátekjuskatt

Háir útlánavextir bankanna vaxa þér og svo sem fleirum í augum og þú telur eina ráðið vera að hér starfi erlendur banki. Hvað viltu gera til að svo megi verða?
Já, ég vil að hér starfi öflugur erlendur banki í samkeppni við íslensku bankana. Það er erfitt að greiða götu banka í opnu viðskiptaumhverfi eins og hér ríkir en ráðherrarnir okkar, sem eru oft á miklum ferðalögum erlendis, gætu til dæmis rætt við stóra banka á Norðurlöndunum og reynt að benda mönnum á að hér sé eftirsóknarverður viðskiptamarkaður. Við verðum að fá hér inn stóra virka samkeppnisaðila á peningamarkaði og ég held reyndar að það sé eina raunhæfa ráðið til að hér ríki eðlileg samkeppni um þjónustu við almenning.

Þangað til það gerist getur ríkið afnumið stimpilgjöld og sett lög um hve há lántökugjöld megi vera. Allra helst vildi ég að íslensku bankarnir gengju á undan með góðu fordæmi og afnæmu verðtrygginguna.

Þú varst andvígur afnámi hátekjuskattsins, viltu taka hann upp aftur?
Við leggjum það ekki til enda er erfitt að leggja á skatta sem menn hafa asnast til að afleggja þótt þeir séu réttlátir eins og raunverulegur hátekjuskattur er. Rökin fyrir því að hátekjuskatturinn var afnuminn voru að hann var farinn að teygja sig niður til almenns launafólks. Gott og vel, ég gat viðurkennt það á þeim tíma en það átti ekki að afnema allan hátekjuskatt. Það var hægt að lækka prósentuna í þrjú til fimm prósent og hækka tekjuviðmiðið upp í kannski 800 til 900 þúsund á mánuði.

Við viljum lækka skatta lágtekjufólks með því að hækka persónuafsláttinn og ná skattleysismörkunum upp í 112 þúsund krónur að lágmarki og það er ekki ný stefna. Þeir sem hafa minna en 1,8 milljónir í árslaun eiga ekki að greiða tekjuskatt og hjá þeim verða skattleysismörkin 150 þúsund krónur. Þessi viðbótarpersónuafsláttur á svo að vera frávíkjandi að þremur milljónum fyrir einstakling og sex milljónum fyrir hjón. Þetta er ekki ný stefna, við lögðum þetta til 2003.

Hvað kostar þessi útfærsla?
Þetta kostar mikið, líklega um 21 milljarð þegar allt er talið. Reyndar höldum við að breytingarnar kosti minna því megnið af fólkinu fær aukinn kaupmátt og mun nýta peningana í veltu í þjóðfélaginu; í verslun og þjónustu. Þetta mun örugglega ekki fara undir koddann eða inn á bankabækur hjá láglaunafólki.

Fjórtán jarðgöng til viðbótar

Þú ert áhugasamur um samgöngubætur og vilt stóråtak. Hvar á að byrja?
Jarðgöng, þverun fjarða og stytting vegalengda á að vera forgangsmál á næstu tíu til tólf árum. Það þarf að koma öllu helsta þjóðvegakerfi landsins niður fyrir 200 metra yfir sjó, hætta fjallabaksinu, hætta hlíðaklifrinu, stytta vegalengdir eins og mögulegt er og fara leiðir sem aðrar þjóðir í fjöllóttu landslagi hafa farið.

Við teljum að það þurfi að ráðast í fjórtán jarðgöng til viðbótar við það sem þegar er komið á áætlun og okkur reiknast til að það séu kannski um sextíu kílómetrar í það heila. Sé miðað við að fullfrágenginn kílómetri í jarðgöngum kosti 700 milljónir, eins og reyndin varð í Fáskrúðsfjarðargöngunum, þá erum við að tala um 42 milljarða. Ef við gerum þetta á tíu til tólf árum þarf að leggja til fjóra til fjóra og hálfan milljarð á ári. Ríkissjóður aflar mikilla tekna af umferðinni, miklu meiri en varið er til hennar. Og með þessum aðgerðum styttum við vegalengdir og minnkum því mengun, drögum úr slysahættu, lækkum flutningskostnað og tengjum saman byggðirnar. Þetta mun því hjálpa okkur í byggðavandanum, atvinnumálunum, menningarmálunum og menntamálunum. Og til viðbótar lengjum við ferðamannatímann. Okkur finnst því ekki spurning að gera þetta.

PÓLITÍSKUR FERILL

Guðjón Arnar Kristjánsson var varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Vestfjarðakjördæmi kjörtímabilið 1991-1995. Árið 1999 náði hann kjöri fyrir Frjálslynda flokkinn í sama kjördæmi og fjórum árum síðar í Norðvesturkjördæmi. Hann var kjörinn formaður Frjálslynda flokksins 2003.

Þið segið kostnað utanríkisþjónustunnar óheyrilega háan. Hvaða sendiráðum viltu loka?
Þegar við opnuðum sendiráð í Japan höfðum við átt viðskipti við Japani í þrjátíu ár. Ég veit ekki annað en að öll þessi viðskipti hafi gengið vel þó ekkert sendiráð hafi verið í Tókýó. Og gættu að því að það kostaði milljarð bara að koma því fyrir. Ég er ekki að gera lítið úr fólkinu sem starfar í utanríkisþjónustunni en ég taldi – og tel – þetta óþarft.

Ég spyr líka hvaða nauðsyn hafi verið á að byggja sendiráð í Berlín. Við erum í samvinnu við Norðurlöndin og viljum efla hana og treysta. Af hverju getum við ekki verið saman með sendiráð?

Svo er alltaf verið að segja okkur Íslendingum að við séum svo tæknivædd þjóð, kunnum svo vel á tölvur og samskiptatæki að við getum setið á Íslandi og unnið fyrir hvern sem er hvar sem er. En þegar kemur að utanríkisþjónustunni er allt annað í gangi, sendiherrum og sendiráðum er fjölgað.

Andstæðingarnir hafa snúið út úr fyrir okkur

Víkjum að útlendingamálunum. Sumir segja Frjálslynda vera rasista, sem er eitthvað það ljótasta sem sagt er um fólk. Og það kemur bara til vegna ykkar eigin orða og athafna.
Mér sárnar þegar það er sagt. Við höfum eingöngu sagt að við þurfum að átta okkur á hvert stefnir í þessum málum og spurt hvort mönnum sé sama um að eftir fjögur til fimm ár verði hér kannski fimmtíu þúsund útlendingar. Ráðum við við það? Við höldum að það verði ákaflega erfitt og viljum því – og höfum alltaf viljað – taka betur á móti þeim sem koma til landsins. Við verðum að ráða við þá aðlögun. Til dæmis viljum við að vinnuveitendur veiti fólki upplýsingar um réttindi á þess eigin tungumáli.

Ef eitthvað er vil ég snúa þessu rasistatali við því þeir sem vilja ekkert aðhafast, ekki auka eftirlit, ekki tryggja upplýsingagjöfina, þeir taka áhættuna á að búa hér til rasistaþjóðfélag þar sem smátt og smátt getur myndast óeining milli hópa.

Hvað sem þú segir nú er ljóst að málið hefur snúist í höndunum á flokknum.
Fólk úr öðrum stjórnmálaflokkum sakaði okkur um að hafa sagt að Ísland ætti bara að vera fyrir okkur og að við vildum aðra burt. Þetta höfum við aldrei sagt. Það er hægt að snúa út úr orðum okkar eins og annarra.

Andstæðingar okkar sögðu þetta vegna þess að þeir sáu að margt fólk, skynsamt fólk eins og flestir Íslendingar eru, áttaði sig á að við vorum að benda á vandamál sem gætu komið upp og væri eðlilegt að ræða. Ég hef ferðast mikið um landið á undanförnum vikum og hitt fjölda fólks sem segir að við förum stundum glannalega í umræðuna en þegar rætt er við það segist það algjörlega sammála og telur okkur eiga heiður skilinn fyrir að þora að ræða málin. Og ég trúi því að það verði eins með þetta mál og fjölmörg önnur sem við höfum viljað ræða fordómalaust og ofan í kjölinn að fyrr en síðar verði það gert okkur öllum, gömlum og grónum sem og nýjum Íslendingum, til góðs.

FLOTTAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

BK
BALDONI
KITCHEN FURNITURE

HVÍTT LAKKAÐ - HÁGLANS - HANDFANGALAUS

FULNINGUR - HVÍTT LAKKAÐ - HÁGLANS

Flottar
eldhúsinnréttingar
- afgreitt af lager

kr. 253.460.-

EIK - INNFELLD HANDFÖNG

SKOÐAÐU FLOTTA HEIMASÍÐU:

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 7.717 **-1,11%** **Fjöldi viðskipta:** 550 **Velta:** 10.168 milljónir

MESTA HÆKKUN

Atlantic Petroleum	+2,84%
Flaga	+1,35%
Mosaic Fashions	+0,89%

MESTA LÆKKUN

Nýherji	-3,41%
Straumur-Burðarás	-2,45%
Kaupþing	-1,66%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,44 -0,58% ... Actavis 78,30 -0,13% ... Alfesca 4,77 +0,00% ... Atlantic Petroleum 725,00 +2,84% ... Atorka 7,02 -0,43% ... Bakkavör 68,70 -0,87% ... Eimskipafélagið 33,40 -0,60% ... FL Group 28,95 -0,52% ... Glitnir 26,85 -0,74% ... Kaupþing 1.066,00 -1,66% ... Landsbankinn 34,10 -0,87% ... Marel 75,90 -0,39% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,89% ... Straumur-Burðarás 19,90 -2,45% ... Össur 124,00 -0,80%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Lundúnir kalla

Starfsmenn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis halda upp á árshátíð fyrirtækisins í Lundúnum um helgina og glæstan árangur á síðasta ári þegar hagnaðurinn nam níu milljörðum króna. Yfir 200 manns vinna hjá SPRON. Um svipað leyti og starfsmenn spóka sig á götum borgarinnar kynna Exista og Bakkavör uppgjör sín fyrir breskum markaðsaðilum. SPRON er meðal stærstu hluthafa í Existu, sem er svo stærsti eigandinn í Bakkavör Group.

Samkeppni um athygli

Aflýst var óvænt í gær töluvert auglýstum fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga undir yfirskriftinni „Samkeppnishæft viðskiptaumhverfi eftir kosningar?" Stórkanónur stjórnmálanna áttu að sitja fyrir svörum á hádegisverðarfundi undir fundarstjórn Ólafs Ísleifssonar, lektors við viðskiptadeild Háskólans i Reykjavík. Ekki var tiltekið hvers vegna aflýst var en samkvæmt heimildum blaðsins kann skýringin að liggja í áhugaleysi á fundinum. Spurningin er hvort um er að kenna áhugaleysi fólks á kosningunum og landsstjórninni, eða að núna hafi margir í viðskiptalífinu öðrum hnöppum að hneppa í miðri uppgjörshrinu fyrsta ársfjórðungs.

MARKAÐSPUNKTAR

Viðgerð á CANTAT-3 sæstrengnum er lokið og er nú unnið að því að setja fjarskiptaumferð á strenginn að nýju. Búist er við að umferð verði komin í eðlilegt horf fyrir lok vikunnar.

Ingvar Helgason ehf. hefur keypt fyrirtækið ALP ehf. sem rekur bílaleigurnar AVIS og Budget á Íslandi. Stofnað verður sérstakt eignarhaldsfélag um þessa fjárfestingu. Kaupverð er trúnaðarmál. Avis og Budget eru meðal þekktustu bílaleigna heims og reka um 6.300 leigustöðvar í 160 löndum.

Exista hefur selt hlut sinn í breska tryggingafélaginu IGI Group Ltd, 54,4 prósent hlutafjár, til alþjóðlega tryggingafélagsins AmTrust Insurance. Breska félagið fylgdi með í kaupum Exista á VÍS í fyrra.

Straumur undir spám

FRIÐRIK JÓHANNSSON Forstjóri Straums-Burðaráss segir uppgjör bankans hafa staðið undir væntingum stjórnenda.

Hagnaður Straums-Burðaráss nam 69,16 milljónum evra á fyrsta fjórðungi ársins. Það jafngildir um sex milljörðum króna og er langt undir væntingum greiningardeilda bankanna. Meðaltalsspá þeirra var á bilinu 100,4 til 119,2 milljónir evra. Á fyrsta fjórðungi ársins 2006 skilaði bankinn methagnaði upp á 217,51 milljón evra.

Munurinn á spám og raunveruleika skýrist meðal annars af lægri gengishagnaði en búist var við. Tíu milljóna evra tap varð af óskráðum eignum. Þá var 28,7 milljóna evra neikvæður gengismunur af gjaldeyrisjöfnuði.

Í Morgunkorni Glitnis segir að fjárfesta skorti upplýsingar til að átta sig á afkomu og verðmæti félagsins. Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðaráss, segir upplýsingagjöf bankans ekki ábótavant. „Það er alltaf erfitt að reikna út yfir styttri tímabil hvernig fjárfestingar koma út," segir hann og bætir við að uppgjörið hafi staðið undir væntingum stjórnenda. „Það sem er mikilvægast er að okkur gengur vel með að byggja upp eiginlega fjárfestingabankastarfsemi. Markmið okkar var að ná fimmtán prósenta arðsemi eigin fjár ofan á áhættulausa vexti. Arðsemi eigin fjár er 20 prósent. Þá erum við með góðan vöxt á öllum helstu tekjusviðum okkar. Það undirstrikar hversu gott uppgjörið er."

Hreinar þóknunartekjur námu 30,29 milljónum evra og jukust um tólf prósent miðað við árið 2006. Hreinar vaxtatekjur námu 11,16 milljónum evra. Heildareignir bankans námu 5.191,56 milljónum evra í marslok. Það er aukning um nítján prósent frá sama tímabili í fyrra. Eiginfjárhlutfall er 32,8 prósent.

Bankinn birti nú uppgjör sitt í fyrsta sinn í evrum. Friðrik segir að strax megi merkja aukinn áhuga erlendra fjárfesta. Nokkrir nýir hafi komið að bankanum frá því að hafið var að gera upp í evrum um síðustu áramót. Meðal þeirra eru bandarískir fjárfestirinn James Leitner sem situr í stjórn bankans.

Á kynningarfundi uppgjörsins í gær kom fram að skrifstofa yrði opnuð í Stokkhólmi á miðju ári. Félagið verður eftir það með starfsstöðvar í fimm borgum: Reykjavík, Kaupmannahöfn, Amsterdam, London og Stokkhólmi. **- hhs**

Næstbesti ársfjórðungurinn í sögu Kaupþings

Afkoma Kaupþings, um 20,3 milljarðar króna, var í takt við væntingar. Hreinar vaxta- og þóknunartekjur vaxa hratt, sem og rekstrarkostnaður. Hreiðar Már Sigurðsson telur að bankinn geti vaxið um 30 prósent á árinu með innri vexti.

Kaupþing hagnaðist um 20.281 milljón króna á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við 19.593 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Þetta er annar besti ársfjórðungurinn í sögu fyrirtækisins. Afkoman er heldur fyrir ofan meðaltalsspá markaðsaðila. Glitnir og Landsbankinn höfðu þó reiknað með hærri hagnaði. Hlutabréf bankans lækkuðu um 1,66 prósent.

Arðsemi eigin fjár var 27,6 prósent á ársgrundvelli sem er vel yfir fimmtánprósentalangtímaarðsemismarkmiðum bankans. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, kveðst vera mjög ánægður með afkomu bankans sem var umfram áætlanir í upphafi árs þar sem horft var fram á fimmtungsarðsemi eigin fjár. „Okkur gengur vel á öllum meginmörkuðum. Það er vöxtur á Íslandi, í Bretlandi og í Lúxemborg og á flestum starfssviðum."

Afkomubati í Bretlandi stendur upp úr, að mati Hreiðars Más, en sú samþættingarvinna sem þar hefur átt sér stað undanfarið eitt og hálft ár er byrjuð að skila sér í formi aukinna tekna. Útlitið fyrir annan ársfjórðung er gott. „Við teljum að við getum vaxið um þrjátíu prósent á þessu ári með innri vexti."

AFKOMA KAUPÞINGS Á 1. ÁRSFJ. 2007 (Hagnaður í millj. kr.)

Hagnaður Kaupþings	**20.281**
Spá Glitnis	21.717
Spá Landsbankans	21.535
Meðaltalsspá	18.878 *

* Innlend og erlend fjármálafyrirtæki sem greina Kaupþing

Hreinar rekstrartekjur samstæðunnar námu rúmum 44 milljörðum króna og hækkuðu um tæpan fjórðung á milli ára. Hreinar vaxtatekjur jukust um 55 prósent og voru 16.265 milljónir. Hreinar þóknunartekjur voru 12.337 milljónir, sem var 43 prósenta aukning, og gengishagnaður dróst lítillega saman og nam 13.456 milljónum.

Rekstrarkostnaður nam 17,7 milljörðum króna og hækkaði um 41 prósent á milli ára. „Við erum búin að ráða til okkar um fjögur hundruð manns frá ársbyrjun og í þessum hópi er mikið af sérfræðingum. Þegar vel gengur þá hækkar launakostnaður," bendir Hreiðar Már á.

Heildareignir Kaupþings námu 4.198 milljörðum króna í lok mars sem var 3,5 prósenta aukning í íslenskum krónum frá áramótum en um tíu prósent í evrum. Þetta er töluvert minni vöxtur en hingað til hefur sést. Þannig var útlánavöxtur lítill sem enginn, mælt í krónum, en hins vegar veruleg innlánsaukning. „Við erum mjög ánægð hvað við náum að auka innlán bankans mikið en þau jukust um 35 prósent á fyrsta ársfjórðungi." Kaupþing náði í tvo milljarða evra í ný innlán á fyrsta fjórðungi ársins, um 175 milljarða króna.

Eigið fé bankans var 314 milljarðar króna í lok mars og lækkaði um tíu milljarða frá áramótum sökum arðgreiðslna og styrkingar krónunnar. Eiginfjárhlutfall (CAD) var 13,8 prósent samanborið við 15 prósent í árslok. Lausafjárstaðan er sterk,. „Við erum með nægt lausafé til að endurgreiða öll útgefin skuldabréf til næstu þriggja ára."

eggert@frettabladid.is

Exista sló Íslandsmetið í ársfjórðungsgróða

Exista hagnaðist um 641 milljón evra, sem jafngildir 57,2 milljörðum króna, á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er mesti hagnaður í sögu íslensks fyrirtækis á einum ársfjórðungi. Fyrra metið átti Kaupþing sem skilaði 35,5 milljörðum á þriðja ársfjórðungi í fyrra.

MESTI HAGNAÐUR Á EINUM ÁRSFJÓRÐUNGI

Hagn. í milljörðum	**Félag**
1. 57,2	Exista, 1. ársfj. 2007
2. 35,5	Kaupþing, 3. ársfj. 2006
3. 33,6	FL Group, 4. ársfj. 2006
4. 20,3	Kaupþing, 1. ársfj. 2007

Afkoma fjórðungsins er umfram meðaltalsspá greiningardeilda Glitnis og Kaupþings sem nam 53,3 milljörðum. Arðsemi eigin fjár Existu nam 112,8 prósentum á ársgrundvelli.

Hagnaður félagsins af fjárfestingarstarfsemi nam 467 milljónum evra (41,7 milljörðum) og vegur þar þyngst hlutdeild Existu í áætluðum hagnaði af kjölfestueignum í Sampo Group og Kaupþingi á fyrsta ársfjórðungi. Hagnaður af rekstrarstarfsemi var 174 milljónir evra (15,5 milljarðar króna). Til hennar telst vátryggingarekstur og eignaleigustarfsemi.

Eignir Existu hækkuðu um 54 prósent á fyrsta ársfjórðungi og voru 6.762 milljónir evra í lok mars sem jafngilda 593 milljörðum. Eigið fé var 2,64 miljarðar evra, um 232 milljarðar og jókst um 39 prósent frá áramótum.

Exista gerir nú upp reikninga félagsins í evrum í fyrsta skipti. **- eþa**

Bæta enn við sig í Storebrand í Noregi

Kaupþing heldur áfram að auka við hlut sinn í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand og á nú orðið átján prósent hlutafjár. Þetta segir Hreiðar Már Sigurðsson í samtali við Fréttablaðið. Heildarvirði hlutarins nemur um 48,5 milljörðum króna.

Stutt er síðan að norska fjármálaeftirlitið heimilaði Kaupþingi að eignast allt að fimmtungshlut í Storebrand.

„Við erum stöðugt að skoða tækifæri og helst á þessum mörkuðum sem við erum að starfa á," segir Hreiðar Már. **- eþa**

Kanadískir gæða nuddpottar

Sterkustu og sparneitnustu pottarnir í dag

Spa Kongen
STÍLHREINN LÚXUS

Lækjagata 34, Hafnarfirði.
Sími: Áki: 8926723 & Kristján: 8960602 • www.spakongen.is



AF ÖLLUM GALLA BUXUM

20%

Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi

ZIKZAK

TÍSKUHÚS

TUNGUTI

GALLABUXNADAGAR

skoðun

greinar@frettabladid.is

Prestar vilja ekki gefa saman samkynhneigð pör.

Afturhaldssemi

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Ekki kom á óvart að tillaga um að heimila hjónavígslu samkynhneigðra hefði verið felld á nýafstöðnu prestaþingi. Kirkjan hefur lengi verið þrándur í götu samkynhneigðra í réttindabaráttu þeirra og jafnvel unnið að því hörðum höndum að þeir hljóti ekki sömu réttindi og aðrir þegnar. Tillagan kvað á um að Þjóðkirkjan færi þess á leit við Alþingi að það samræmdi hjúskaparlög og lög um staðfesta samvist þannig að vígslumönnum þjóðkirkjunnar og skráðra trúfélaga yrði heimilt að annast hjónavígslu samkynhneigðra.

Í nóvember 2005 var lagt fram frumvarp á Alþingi sem ætlað var að jafna fjölskyldurétt án tillits til kynhneigðar. Frumvarpið varð að lögum og hafa samkynhneigðir jafnan rétt og gagnkynhneigðir til að skrá sig í óvígða sambúð hjá Hagstofunni. Ekki var kveðið á um breytingar á hjónavígslu samkynhneigðra. Guðrún Ögmundsdóttir lagði því fram breytingartillögu við frumvarpið í allsherjarnefnd þingsins þess efnis að safnaðarprestum og forstöðumönnum trúfélaga væri heimilt að fara með vígsluréttinn óskuðu þeir þess. Breytingartillaga hennar var ekki samþykkt.

Þjóðkirkjan á ekki að leyfa sér að brjóta á sjálfsögðum mannréttindum eins og hún gerir nú með því að hafna hjónavígslu samkynhneigðra.

Samkynhneigðir eiga að njóta sömu réttinda og aðrir þegnar. Það eru sjálfsögð mannréttindi. Þjóðkirkjan á ekki að leyfa sér að brjóta á sjálfsögðum mannréttindum eins og hún gerir nú með því að hafna hjónavígslu samkynhneigðra. Þjóðkirkjan er ekki yfir lögin hafin, jafnvel þótt hún segist þjóna guði. Guð er ekki æðsta valdið í nútímasamfélagi en kosningaúrslit prestaþingsins eru þó lituð af þeirri trú. Ef það verður að lögum að þjóðkirkjan megi gefa saman samkynhneigð hjón ætti það að vera algild regla en ekki háð vilja prestanna eða kirkjunnar. Ef kirkjan vill velja og hafna hjónavígslum á hún að vera aðskilin ríkinu.

Ekki má þó líta framhjá því að stórt framfaraskref var tekið þegar tillagan var lögð fram á prestaþinginu. Tillagan kvað á um að kirkjan sjálf hefði frumkvæði að því að leyfa hjónavígslur samkynhneigðra. Hún kom meðal annars frá guðfræðingum sem eru margir prestar framtíðarinnar. Vonandi er þetta upphafið að nýrri hugsun í kirkjunni, þar sem múrar fordóma eru felldir og völdin tekin frá afturhaldsseminni.

Fólk af sínu kyninu hvort getur gengið í hjónaband hjá borgardómara, í kirkju eða hjá skráðu trúfélagi. Löggjafinn er sá sem ákveður að þessar hjónavígslur séu löglegar. Valdið er hjá löggjafanum, ekki kirkjunni. Samkynhneigðir geta aðeins gengið í hjónaband hjá borgardómara. Það er mismunun. Ef þeir sem hafa leyfi til að annast hjónavígslu eru að mismuna fólki eftir kynhneigð er spurning hvort þeir séu verðugir leyfishafar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

VERJUM SÆKJUM

Rafiðnaðarsamband Íslands auglýsir

Lokað verður í dag föstudaginn 27. apríl vegna þings Rafiðnaðarsambandsins.

Opnum aftur mánudaginn 30. apríl kl. 09:00.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Framsókn og markaðurinn

Úr Landsvirkjun gengur Jóhannes Geir Sigurgeirsson ósáttur enda virðist enginn vita hvað hann gerði af sér til að vera settur út úr stjórnni þar á bæ. Inn gengur Páll Magnússon, sem greinilega er í nánara samstarfi við ríkjandi öfl Framsóknarflokksins. Jón Sigurðsson, formaður Framsóknar, hefur nýlega sagt að ekki komi til greina að selja fyrirtækið þar sem orkugeirinn sé enn óþroskaður hér landi. Svo heppilega vill samt til að bróðir Páls er Árni Magnússon, sem er yfir fjárfestingum í orkugeiranum fyrir Glitni. Bankar eru þau fyrirtæki sem bestu flugi hafa náð á frjálsum markaði. Vafalaust verður Glitnir ekki í vandræðum með að kenna orkufyrirtæki réttu tökin þar.

Norðmenn burt

Steingrímur J. Sigfússon hefur lofsungið hina rauð/grænu vini sína í norsku ríkisstjórinni um nokkurt skeið. Aftur á móti vill Steingrímur ekki sjá þessa rauð/grænu vini sína verja Ísland. Steingrímur hefur oft reynt að hrekja fullyrðingar um að hann sé á móti öllum. En það er vart hægt annað en að efast um sannindi þeirra orða Steingríms þegar hann er tilbúinn berjast gegn því að einir af hans bestu vinum í heiminum verji Íslenska grund fyrir vá. Verður næsta mantra Steingríms ef til vill Ísland úr Nató, Norðmenn burt.

Illt umtal

„Raunar hefur 90% þess verið mjög slæmt enda flestir stjórnmálaflokkar með sæg spunameistara á sínum snærum og fjölmiðlarnir þar að auki mjög hægrisinnaðir og þar af leiðandi ekki mjög vinstrigrænir," segir Ármann Jakobsson um umtal annarra á Vinstri grænum. Hvort sem fullyrðingar hans eru allar réttar eður ei er ljóst að upplýsingafulltrúinn Ómar Valdimarsson hefur ekki vandað Vinstri grænum kveðjurnar á síðu sinni. Málflutningur hans virðist hneyksla fólk og fékk Ómar að heyra það á kommentakerfi síðu sinnar.

karen@frettabladid.is

Örlagabjartsýni og baráttuþrek

ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

Í DAG | Jafnréttismál

Væri hér ekki jafnrétti milli karla og kvenna, þá gæti verið skiljanlegt, að konur vildu einar sér vinna að sínum kröfum, er karlmenn hefðu ekki viljað sinna. En því er ekki svo varið. Hér er fullkomið jafnrétti milli karla og kvenna og hefur lengi verið". (Morgunblaðið 4/6 1926). Tilefni þessara orða Morgunblaðsins var umræða um sérstakan Kvennalista til Alþingis. Sú bjartsýni sem þarna birtist endurspeglar það algenga viðhorf að þetta sé nú allt að koma – eða hreinlega komið. Hún hefur verið tengd við frjálslyndishugmyndir um línulega þróun og óslitnar framfarir í upplýstu nútímaþjóðfélagi. Þetta mætti kalla örlagabjartsýni sem felur oft í sér að ekkert þurfi að koma til, hvorki barátta né aðgerðir, jafnrétti komi nánast sjálfkrafa með tímanum. Sálfræðingurinn Daníel Þór Ólason hefur í öðru samhengi fjallað um muninn á örlagabjartsýni og baráttuþreki. Örlagabjartsýni er að treysta á gæfuna eða forsjónina og láta þar við sitja, meðan baráttuþrek felst í að undirbúa sig undir verkefnin og takast á við þau á markvissan hátt.

Örlagabjartsýni í jafnréttismálum tengist oft öðrum sjónarmiðum, t.d. að það litla sem eftir er af misrétti sé konum sjálfum að kenna. Samt sem áður getur verið óvinsælt að gagnrýna eða gera eitthvað í málunum. Markvissar jafnréttisaðgerðir eru gjarna taldar niðurlæging fyrir konur af því að þær eiga að keppa á sömu forsendum og karlar. Margt af því sem sumir telja kynbundið misrétti telja aðrir nefnilega að hafi ekkert með kyn að gera heldur sé „tilviljun" eða „misskilningur" eða „gáleysi" (fv. formaður KSÍ um kynbundið verðlaunafé). Og jafnvel hreinar öfgar að hafa orð á því. Svo eru þeir sem telja að jafnréttið komi með unga fólkinu. Lagalegu misrétti hafi verið útrýmt, yngri kynslóðir séu aldar upp við jafnréttissinnaðri og víðsýnni viðhorf en eldri kynslóðir. Gallinn er bara að við erum oft að ræða jafnréttismál út frá tilfinningu og hvernig við höldum að hlutirnir séu en ekki út frá gagnreyndri þekkingu.

Auður Magndís Leiknisdóttir félagsfræðingur skoðaði jafnréttisviðhorf á kerfisbundinn hátt í BA-ritgerð sinni „Bráðum kemur betri tíð - Um viðhorf til jafnréttismála í upphafi 21. aldar" (2005). Hún bjó til jafnréttisvísitölu úr einföldum spurningum sem auðvelt var að staðreyna og skoðaði hvernig þekking og viðhorf tengjast kyni, menntun, aldri, atvinnustöðu o.fl. Niðurstöðurnar voru athyglisverðar og sumar sláandi. Þekkingarleysi og íhaldssemi var meiri en talið hefur verið og marktækur munur milli hópa. Þannig eru karlar íhaldssamari en konur, atvinnurekendur íhaldssamari en launafólk og síðast en ekki síst er yngsta kynslóðin (18-31 árs) íhaldssamari en þeir sem eru eldri.

Hvernig á að túlka þessar niðurstöður, t.d. að karlar séu íhaldssamari en konur? Eru þeir hallari undir óbreytt ástand og af hverju? Og hvers vegna eru atvinnurekendur íhaldssamari en launafólk? Viðkvæði þeirra er gjarna að það sé andstætt hagsmunum fyrirtækja að mismuna fólki, markaðurinn sé kynblindur og að lögmál hans sjái um að réttlætinu sé fullnægt. Því miður styðja rannsóknarrök það ekki. Byggjast þessi viðhorf um aukið jafnrétti á bjartsýni einni saman, að allt komi að sjálfu sér? Það er athyglisvert og rímar við neikvæða afstöðu Samtaka atvinnulífsins til nýs frumvarps til jafnréttislaga þar sem hert er á aðgerðaskyldu fyrirtækja og stjórnvalda. Síðast en ekki síst má spyrja hvaða þýðingu þessi íhaldssemi hafi hjá yngri kynslóðum og strákum sérstaklega? Hvað segir það um alla áhrifavaldana í samfélaginu, félagslífið í skólunum, dægurmenninguna, netið? Það þarf ekki að vafra lengi á netinu til að sjá hve algengt er að ungir strákar amist við kvennabaráttu. Margir þeirra gætu orðið stjórnendur og atvinnurekendur framtíðarinnar.

Sagan kennir okkur að misrétti og ranglæti hverfur sjaldnast af sjálfu sér, um það vitnar ekki bara kvennahreyfingin heldur einnig verkalýðshreyfingin, frelsishreyfing svertingja, mannréttindahreyfingar samkynhneigðra, fatlaðra, öryrkja og annarra minnihlutahópa. Bjartsýni og jákvæðni eru mikilvægt veganesti fyrir hópa í frelsisbaráttu, að eiga sér vonir og drauma um betra líf. Það bjargar okkur frá hlutskipti hinna vonlausu sem Steinn Steinarr lýsti svo vel með orðunum „það bjargast ekki neitt, það ferst, það ferst". En þegar bjartsýnin tekur á sig mynd örlagabjartsýninnar er stutt í aðgerðaleysi, uppgjöf og úrtölur þar sem þvert á móti er þörf á gleði og baráttuþreki. Forréttindi eru nefnilega sjaldan látin af hendi átakalaust og jafnrétti kemur ekki af sjálfu sér, hversu heitt sem við óskum þess – eins og Mogginn forðum.

Grundvöllur fyrir grósku

UMRÆÐAN

Velferðarmál

ANDREA ÓLAFSDÓTTIR

VG er flokkur sem hugsar hlutina lengra en einungis eitt kjörtímabil. Öflugt velferðarkerfi er spurning um áherslur í fjárlögum. Með því að efla menntakerfið væri hægt að skapa samfélag þar sem allir hafa í raun jafna möguleika á menntun. Á Norðurlöndunum höfum við dæmi um öflugt menntakerfi sem skapar grundvöll fyrir grósku og nýsköpun í atvinnulífinu sem heldur hagvexti stöðugum. Þar er fólk líka vel tryggt með öflugu velferðarkerfi og veit að það fær góða þjónustu fyrir þá skattpeninga sem það greiðir til ríkisins.

Okkar tillaga í fangelsismálum gengur út á öflug meðferðarúrræði og menntun fyrir fanga. Með góðu uppbyggingar- og betrunarstarfi ætti að draga mjög úr endurkomu í fangelsin, sem í dag er um 50%. Það er vel hægt að ná árangri með meðferðum við hæfi við ofbeldis- og kynferðisafbrotum sem og öðrum brotum, sérstaklega ef tekið er á vandanum í upphafi afbrotaferils. Slíkar áherslur myndu minnka útgjöld til fangelsismála þegar til lengri tíma er litið og stórauka möguleika fanga á betra lífi eftir fangelsisvist.

Við viljum stórauka rannsóknir í heilbrigðismálum þannig að við getum verið framarlega í heiminum á því sviði að finna orsakir sjúkdóma. Með þekkingu og fræðslu getum við bætt lýðheilsu. Þegar það verður reiknað út eftir 50-100 ár þá mun okkar aðferð vera mun ódýrari en sú að nota plástурslausnir í stað þess að takast á við orsakir vandans.

Einnig viljum við leggja áherslu á heimaþjónustu við sjúklinga og eldri borgara. Þannig virðum við óskir þeirra um að búa lengur heima við og þrátt fyrir að heimaþjónustan kosti peninga, þá kostar hún minna en steinsteypa sem fáir vilja nota.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill byggja upp betra samfélag til frambúðar. Til þess þarf öflugt velferðarkerfi með lausnum sem raunverulega bæta samfélagið og því þarf að hugsa lausnir lengra en eitt kjörtímabil.

Höfundur skipar 5. sæti á lista Vinstri grænna í SV-kjördæmi.

AF NETINU

Hvar eru mannréttindin í þessu landi?

Dvalarkonur á Konukoti skrifa:

Veist þú að hér á landi eru brotin lög? Hver og einn hefur rétt á því að hafa þak yfir höfði sér en slíkt hafa ekki allir!
Fyrir aðeins tveimur árum síðan var heimilið Konukot opnað á vegum Rauða Kross Íslands. Heimilið hefur bjargað fjölmörgum konum frá götunni. Í Konukoti er starfað af manngæsku og hugsjón og hér er tekið á móti konum með virðingu. Allt er lagt í starfsemina en alltaf má betur fara.
Opnunartími Konukots er frá kl. 19.00 til kl. 10.00 morguninn eftir. Konum er þá vísað á dyr vegna lokunar á heimilinu. Hvers vegna? Jú, vegna skorts á fjármunum.
Flestar konur sem hafa leitað aðstoðar hingað í Konukot frá því að það var opnað hafa EKKI fengið úrræði á sínum húsnæðisvanda.
Hvers vegna þurfum við að sjá konur og menn ganga ráfandi um stræti borgarinnar þegar við sjáum peningana streyma um í landinu?
Af hverju þurfum við að sárbiðja um hjálp? Hvar eru mannréttindin í þessu landi?
Við segjum hingað og ekki lengra, hér verður staðið upp og barist fyrir réttindum okkar.
Við viljum sjá heimilið opið allan sólarhringinn þar sem tekið er á móti konum sem eiga við vanda að stríða. Hver kona á Íslandi viti af stað til að koma á þegar neyð ber á dyr.
Við skorum á stjórnvöld að vinna í málum er varðar mannréttindi sem ættu að vera sjálfsögð í þessu landi nú þegar kosningar eru fram undan.

Fyrirhyggja að forvörnum

Erlingur Jónsson skrifar um forvarnir:

Nú þegar frambjóðendur eru farnir að kynna sín baráttumál og reyna að tryggja sér atkvæðin okkar, finnst mér það alveg ótrúlegt að enginn þeirra skuli gera sér grein fyrir þeim vanda sem er hér á landi og hver þörfin er á að hafa góða forvarnastefnu og fara eftir henni. Framkvæma, þá gerist kannski eitthvað, styðja við bakið á þeim sem leggja sig fram í þessum málum. Kannski gera þeir sér vel grein fyrir hve vandinn er alvarlegur, þora bara ekki að takast á við hann. Sennilega of erfitt viðureignar fyrir þá og tímafrekt. Ég hef verið að skrifa í bæjarblöðin hér á Suðurnesjum í marga mánuði um þessi stuðnings- og forvarnamál og vandann sem skapast hefur af því að hafa ekki aðstöðu hér á Suðurnesjunum fyrir þá sem þurfa og vilja leita sér hjálpar. Það eru ekki allir sem komast eða geta sótt þessa þjónustu til Reykjavíkur af ýmsum ástæðum. Það hefur ekki neinn frambjóðandi eða núverandi þingmaður haft orð á þessu að ég viti. Ég hefði haldið að svona mikilvægt málefni væri gott kosningavopn. Þeir virðast alltaf þurfa að elta skottið á hver öðrum, þora ekki að taka skrefið. En það sem mér finnst mikilvægt getur öðrum þótt lítilfjörlegt og látið bara eiga sig.
Betri heilsa sparar peninga, betri heilsa skapar peninga og betri heilsa gleður manns og annars hjarta.
Það finnst mér, en hvað finnst ykkur?

Veiðimaðurinn 1940 — SPORTBÚÐIN — VEIÐIHORNIÐ

Vaxtalausar greiðslur!

Nú getur þú eignast nýja byssu á frábæru tilboðsverði.
Þú borgar sem svarar pizzamáltíð á mánuði og nærð þér í þína eigin gómsætu villibráð

Stoeger P350 Synthetic pakki.
Stoeger P350 pumpa. Synthetic skefti. 26" hlaup. Tekur 2 3/4", 3" og 3 1/2" skot.
Snúningsbolti frá Benelli. 3 þrengingar fylgja. Hörð plasttaska og 5 pakkar af 36 gr. Hull Ultramax skotum #4 fylgir.
Aðeins 35.900 fyrir allt þetta eða aðeins 3.231 á mánuði í 12 mánuði og engir vextir.

Stoeger P350 Camo pakki.
Stoeger P350 pumpa. MAX4 camo skefti. 26" hlaup. Tekur 2 ¾", 3" og 3 ½" skot.
Snúningsbolti frá Benelli. 3 þrengingar fylgja. Hörð plasttaska og 5 pakkar af 36 gr. Hull Ultramax skotum #4 fylgir.
Aðeins 39.900 fyrir allt þetta eða aðeins 3.575 á mánuði í 12 mánuði og engir vextir.

Stoeger 2000 Synthetic pakki.
Stoeger 2000 hálfsjálfvirk. Synthetic skefti. 26" hlaup. Tekur 2 ¾" og 3" skot.
Bakslagsskift með sama skiftibúnaði og Franchi og snúningsbolta frá Benelli. 5 þrengingar og ólarfestingar fylgja.
Hörð plasttaska og 5 pakkar af 36 gr. Hull Ultramax skotum #4 fylgir.
Aðeins 54.900 fyrir allt þetta eða aðeins 4.862 á mánuði í 12 mánuði og engir vextir.

Stoeger 2000 Standard pakki.
Stoeger 2000 hálfsjálfvirk. Hnotu skefti. 26" hlaup. Tekur 2 ¾" og 3" skot.
Bakslagsskift með sama skiftibúnaði og Franchi og snúningsbolta frá Benelli. 5 þrengingar og ólarfestingar fylgja.
Hörð plasttaska og 5 pakkar af 36 gr. Hull Ultramax skotum #4 fylgir.
Aðeins 56.900 fyrir allt þetta eða aðeins 5.025 á mánuði í 12 mánuði og engir vextir.



Stoeger 2000 Camo pakki.
Stoeger 2000 hálfsjálfvirk. MAX4 camo skefti. 26" hlaup. Tekur 2 ¾" og 3" skot.
Bakslagsskift með sama skiftibúnaði og Franchi og snúningsbolta frá Benelli. 5 þrengingar og ólarfestingar fylgja.
Hörð plasttaska og 5 pakkar af 36 gr. Hull Ultramax skotum #4 fylgir.
Aðeins 62.900 fyrir allt þetta eða aðeins 5.540 á mánuði í 12 mánuði og engir vextir.

Stoeger haglabyssur eru framleiddar í verksmiðju Beretta í Tyrklandi.
Stoeger haglabyssurnar hafa verið einhverjar mest keyptu haglabyssur á Íslandi undanfarin ár.
Það kemur okkur ekki á óvart því kaupin gerast vart betri á eyrinni.

Nú er rétti tíminn til þess að fjárfesta í góðu skotvopni fyrir haustið því þú hefur allt sumarið til að æfa þig.

Þú færð leirdúfurnar og skeetskotin í Sportbúðinni og Veiðihorninu

Munið vinsælu gjafabréfin okkar
Byssutilboðin eru einnig á vefsíðum verslananna
Skotvopn eingöngu seld í Veiðihorninu og Sportbúðinni

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760

Krókháls 5 – Sími 517 8050

Síðumúli 8 – Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

HAMBORGARAHELGI!

Ómótstæðilegu BBQ grillhamborgararnir okkar fást nú á aðeins 1150.- kr/kg
Brauð fylgir með.

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 Tjarnarvöllum 15 gallerikjot.is

Pitstop
– góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta.
Álfelgur
í miklu úrvali frá viðurkenndum framleiðendum

Verð frá aðeins kr. 99.900,- TILBOÐ!
Fjórar 17" ENZOR álfelgur með 225/45R17 dekkjum*, undirkomið með öllu
* Sonar dekk eða sambærileg.
pitstop
-þjónusta í fyrirrúmi
Nú á þremur stöðum

Dugguvogi 10
☎ 568 2020

Skeifunni 5
☎ 568 2025

Hjallahrauni 4 Hfj.
☎ 565 2121

Umfang og rekstur utanríkisþjónustunnar

UMRÆÐAN
Utanríkisþjónustan

PÉTUR ÁSGEIRSSON

Vegna fréttaflutnings á síðustu misserum, m.a. í Fréttablaðinu laugardaginn 14. apríl, þykir mér rétt að koma á framfæri upplýsingum um rekstur og umfang utanríkisþjónustunnar.

Fjárveitingar til hinnar eiginlegu utanríkisþjónustu hafa undanfarin ár numið innan við 1% af heildarútgjöldum í A-hluta fjárlaga ríkisins. Eftirfarandi tafla sýnir annars vegar framlög til utanríkisþjónustunnar sem hlutfall af ríkisútgjöldum í A-hluta fjár- og fjáraukalaga en hins vegar framlögin sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Hér er aðeins talinn kostnaður vegna rekstrar og stofnkostnaðar sendiskrifstofa og aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Kostnaður vegna annarra þátta sem tilheyra utanríkisráðuneytinu, m.a. þróunarmála, friðargæslu og undirstofnana ráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli, er hér ekki meðtalinn.

FRAMLÖG TIL UTANRÍKISÞJ.

	m.kr.	% af ríkisútgjöldum	% af VL
2001	1.901,40	0,79%	0,22%
2002	2.263,80	0,86%	0,27%
2003	2.465,40	0,85%	0,28%
2004	2.380,50	0,99%	0,25%
2005	2.873,20	0,95%	0,28%
2006	2.558,30	0,78%	0,22%

Sendiskrifstofur

Sendiskrifstofur eru nú 30 í 24 löndum, og hafa 10 skrifstofur bæst við síðan árið 2004. Nýjar sendiskrifstofur hafa verið opnaðar í Nýju Delhí, Róm (opnuð aftur eftir nokkurt hlé), Pretoríu (flutt frá Mapútó) og Þórshöfn en einnig eru 6 skrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands nú flokkaðar sem sendiráð, þótt þar starfi einvörðungu starfsmenn ÞSSÍ og enginn kostnaður vegna þeirra falli á utanríkisþjónustuna. Skrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar voru gerðar að sendiráðum til að styrkja stöðu þeirra en einnig til að efla net íslenskra sendiráða og auka þjónustu utanríkisþjónustunnar við almenning og íslensk fyrirtæki. Utanríkisráðuneytið hefur því í raun stofnað þrjár nýjar sendiskrifstofur á tímabilinu frá 2004, þ.e. í Róm, Nýju Delhi og í Færeyjum.

Í sendiskrifstofum Íslands starfa 195 starfsmenn. Er þá talið útsent starfsfólk og staðarráðið, starfsnemar, starfsfólk annarra ráðuneyta og starfsfólk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (þar starfa nú 40 starfsmenn). Árið 2004

HLUTFALL AF RÍKISÚTGJÖLDUM TIL REKSTRAR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR



störfuðu 140 starfsmenn í sendiskrifstofum Íslands. Ef starfsmenn ÞSSÍ eru frátaldir hefur starfsmannafjöldi í sendiskrifstofum því aukist um 15 á tímabilinu. Á sama tíma hefur í hagræðingarskyni verið fækkað í hópi útsendra starfsmanna. Staðarráðnir starfsmenn hafa verið ráðnir í þeirra stað, en kostnaður vegna þeirra er til muna lægri.

Samanburður við utanríkisþjónustur annarra ríkja sýnir að Íslendingar reka ekki aðeins fá sendiráð heldur eru þau hvert um sig töluvert fámennari en gengur og gerist meðal annarra ríkja. Þannig hefur sendiráð Íslands í London t.d. á að skipa 4 diplómatískum starfsmönnum (þ.m.t. sendiráðspresti) á meðan sendiráð Dana í London hefur 11, sendiráð Svíþjóðar 12, sendiráð Finnlands 8 og sendiráð Noregs 14. Við þennan samanburð er rétt að hafa í huga að umfang verkefna sendiráða endurspeglar ekki endilega mannfjölda viðkomandi ríkis. Í því samhengi má t.d. nefna að fyrirspurnir um ferðamennsku til Íslands sem berast sendiráði okkar í London eru væntanlega lítið færri en fyrirspurnir sem berast um hliðstæð málefni til sendiráða annarra Norðurlanda. Sama gildir um þátttöku okkar í starfi alþjóðastofnana. Þar starfa ríki almennt á jafnréttisgrundvelli og hafa því sömu skyldum að gegna gagnvart stofnuninni óháð íbúafjölda.

Aðhald í ríkisrekstri

Þegar ofangreindar upplýsingar eru skoðaðar kann það koma á

FJÖLDI STARFSMANNA Í UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNI



óvart hve lítil hækkun hefur í raun orðið á framlögum til utanríkisþjónustunnar á tímabilinu 2001 til 2006. Á þessu tímabili voru opnaðar sendiskrifstofur í Nýju Delhi og Róm og komið hafa til töluverðar almennar verðlags- og launahækkanir. Hluti af skýringunni er að á tímabilinu 2001 til 2004 voru fjárveitingar til utanríkisráðuneytisins lækkaðar um alls 705 m.kr. vegna hagræðingar í ríkisrekstri.

Undanfarin ár hefur það verið fastur liður í fjárlagagerðinni að gerð er krafa um að hver og ein ríkisstofnun skuli hagræða í rekstri sínum sem nemur ákveðnu hlutfalli af rekstrarkostnaði. Þetta hefur verið liður í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að skila afgangi af ríkisrekstrinum, greiða niður skuldir ríkisins og draga úr umsvifum þess.

Það er hins vegar mjög mismunandi hvernig stofnanir eru í stakk búnar til að draga úr rekstrarkostnaði. Hjá mörgum stofnunum er stofnkostnaður stór hluti af ráðstöfunarfé stofnunar og við slíkar aðstæður er tiltölulega auðvelt að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum og aðlaga reksturinn að lækkuðum fjárveitingum. Hjá öðrum stofnunum er launakostnaður stærsti útgjaldaliðurinn og þegar þannig háttar til er erfiðleikum bundið að lækka rekstrarkostnað án þess að draga úr starfsmannafjölda.

Utanríkisráðuneytið fór á tímabilinu 2001 til 2004 nokkuð fram úr heimildum fjárlaga, eða sem nemur 1-3% árlega. Helsta skýringin á þessu er að ráðuneytið hefur átt erfitt með að standa undir þeim kröfum sem fjármálaráðuneytið hefur gert um sparnað í rekstrinum. Uppsafnaður halli nam í lok ársins 2004 um 400 m.kr, sem hafði safnast upp á fjórum árum. Á því tímabili var gerð krafa um lækkaðan rekstrarkostnað utanríkisráðuneytisins um 705 m.kr. og fjárveitingar voru lækkaðar um þá upphæð samanlagt frá árinu 2001. Staðreyndin er því sú að ráðuneytið jók ekki rekstrarkostnað sinn á því tímabili (að undanskildum nýjum verkefnum, sem veittar voru sérstakar fjárveitingar fyrir) heldur tókst að draga úr kostnaði um 300 m.kr. Ástæðurnar fyrir því að ráðuneytið náði ekki að hrinda í framkvæmd öllum þeim sparnaði sem gert var ráð fyrir eru í fyrsta lagi að samsetning útgjalda ráðuneytisins er með þeim hætti að erfitt er að ná verulegum árangri í lækkun kostnaðar nema með því að leggja niður störf og að einhverju leyti þá starfsemi sem ráðuneytið stundar. Slíkt mun þó ekki hafa verið markmiðið með hagræðingarkröfum ríkisstjórnarinnar heldur frekar að ítrasta aðhalds yrði gætt í núverandi rekstri. Þá er þess að gæta að ráðuneytið hefur árum saman hugað vel að öllum rekstrarkostnaði sínum, sem þýðir að fá tækifæri finnast til að draga enn frekar úr kostnaði.

Höfundur er skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins.

Fyrir mistök birtist röng útgáfa þessarar greinar í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á því.

Athugasemd frá embætti ríkislögreglustjóra

UMRÆÐAN
Olíumálið

PÁLL WINKEL

Í grein Lúðvíks Bergvinssonar alþingismanns sem birtist í Fréttablaðinu 19. apríl sl., voru alvarlegar rangfærslur og misskilnings gætti. Það sama á við um viðtal við þingmanninn sem birtist í DV 23. apríl sl. Þessar rangfærslur og misskilning ber að leiðrétta.

Alþingismaðurinn gerir að umtalsefni viðtal við Harald Johannessen ríkislögreglustjóra, sem birtist í Morgunblaðinu 24. mars síðastliðinn. Í viðtalinu ræðir ríkislögreglustjóri um olíusamráðsmálið svokallaða. Alþingismaðurinn fullyrðir að málið „hafi farið forgörðum" í meðförum starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra. Þetta er fjarri lagi. Samkeppnisyfirvöld vöktu athygli embættisins á rannsókn sinni á olíufélögunum. Þá þegar benti embætti ríkislögreglustjóra á þá hættu að mál sem væru í rannsókn hjá Samkeppnisstofnun nýttust ekki sem sakamál meðal annars vegna réttarstöðu starfsmanna olíufélaganna sem samkeppnisyfirvöld höfðu rætt við.

Í umræddu Morgunblaðsviðtali segir ríkislögreglustjóri: „Við töldum að ef samkeppnisyfirvöld hefðu komist að þeirri niðurstöðu að um sakamál væri að ræða, þá hefðu þau átt að hætta rannsókn mjög fljótlega eftir húsleitina í desember 2001 og beina málinu til ríkislögreglustjóra eða ríkissaksóknara til að koma í veg fyrir sakarspjöll." Meirihluti Hæstaréttar staðfesti lögfræðilegt álit embættisins og skoðun þess á rannsókninni.

Þá les þingmaðurinn það út úr viðtalinu að rannsókn málsins hafi hafist vegna þrýstings frá alþingismönnum. Hvergi á það stoð og ekki var minnst á það í viðtalinu. Stjórnmálamenn höfðu engin áhrif á lögreglu eða ákæruvald í þessu máli frekar en öðrum. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Sem æðsti handhafi ákæruvalds getur ríkissaksóknari kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar, m.a. gagnaöflun og fylgst með henni, sbr. 5. mgr. 27. gr. laganna. Það gerði ríkissaksóknari í þessu máli með því að fela ríkislögreglustjóra að afla gagna hjá Samkeppnisstofnun í því skyni að taka ákvörðun um hvort hefja bæri opinbera rannsókn á ætluðum refsiverðum brotum olíufélaganna og starfsmanna þeirra.

Einnig tekur þingmaðurinn fram að sjálfstætt og faglegt ákæru- og lögregluvald sé hornsteinn „refsivörslukerfisins" og spyr hvernig á því hafi staðið að rannsókn á olíumálinu hafi tekið fjögur ár. Hér á þingmaðurinn væntanlega við réttarvörslukerfið. Rannsókn olíumálsins tók tíma enda málið mjög viðamikið og lögfræðilega flókið. Hafa skal í huga að eitt af grundvallaratriðum sjálfstæðs og faglegs ákæru- og lögregluvalds er að fullrannsaka mál og ganga með hlutlægum hætti úr skugga um hvort eðlilegt og rétt sé að gefa út ákæru í málum. Það var gert í þessu máli og ákæra gefin út af ríkissaksóknara en lögregluransóknin tók rúm tvö ár.

Höfundur er yfirmaður stjórnsýslusviðs ríkislögreglustjóra.

BLOGG.VISIR.IS

F-TV: Myndbandatíðindi úr kosningabaráttu

Frjálslyndi flokkurinn á oft undir högg að sækja í fjölmiðlum hér á landi.
Það er oft erfitt að komast að í samkeppni við stærri flokkana.
Þá er bara að bregðast við því. Internetið er ómetanlegt í þessu samhengi og það verður sífellt mikilvægara með framförum í netnotkun almennings og fullkomnari tækni.

Við höfum nú stofnað sjónvarpsstöð á netinu. Hún er hýst á vefsetri flokksins.

Magnús Þór Hafsteinsson
http://blogg.visir.is/magnusthor

Blaðamennska – Þegar J.Lo og Mark giftu sig

Ég var að krúsa um sjónvarpið um daginn og datt inn á þátt á E! stöðinni þar sem blaðamaður á einhverju slúðurblaði lýsti deginum þegar J.Lo gekk að eiga Mark Anthony. Á meðan hún lýsti þessu sá ég atburðarrásina á ritstjórn blaðsins ljóslifandi fyrir mér: Morgunfundur: senda einhvern að elta Madonnu, athuga hvað Paris Hilton var að gera í gær, sitja um Brad Pitt, ná myndum af ómáluðu frægu fólki… Inn stormar einn blaðamaðurinn og segir: „Heimildarmaður minn var að

hringja og Jennifer er búin að panta hárgreiðsludömu og förðunarfræðing heim til sín!"

Lára Ómarsdóttir
http://blogg.visir.is/lara

Silfur á heimsmælikvarða

Veitingastaðurinn Silfur er á lista ferðablaðsins Condé Nast Traveler, Hot List Tables, yfir heitustu veitingastaði heims árið 2007. Sjávarkjallarinn lenti á sama lista 2004.

Allt opið í Iðu

Margir halda að veitingastarfsemi Iðu hafi tímabundið verið lögð niður í kjölfar bruna við Lækjargötu. Hið rétta er að hún er enn í fullum gangi og höfð opin frá klukkan 9 til 22 alla daga.

Frönsk matargerðarlist á Sögu

Grillið á Hótel Sögu verður með sérstakan Chapoutier-matseðil dagana 25.-28. apríl. Boðið verður upp á fjölbreytta og gómsæta rétti í anda franskrar matargerðarlistar ásamt Chapoutier-víni.

allt

Helgartilboð í Flash

20% afsláttur af kjólum við buxur

stærðir 36-46

FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

Helluborð á hálfvirði

Við rýmum fyrir nýjum gerðum, og bjóðum því eldri gerðir helluborða og fleiri tækja á hálfvirði, meðan birgðir endast.

- 4ra hellu m/steyptum hellumkr. 10.500
- 2ja hellu keramikborð.....kr. 14.700
- 4ra hellu keramikborð.....kr. 19.700

- 2ja brennara gasborð.....kr. 8.100
- 4ra brennara gasborð .....frá kr. 14.100
- 1 raf + 3 gas .....kr. 12.600

ELBA
- Fleiri gerðir helluborða á verði frá aðeins kr. 6.700
- Einnig grill, niðufelld í borð, á kr. 9.900 og kr.12.700

ELDAVÉLAR - OFNAR
HELLUBORÐ - VIFTUR
HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Dögg lærði meðal annars að elda Tom Yam-súpu með rækjum á matreiðslunámskeiðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Taílenskt í hverri viku

Dögg Hjaltalín, fjárfestatengill hjá Eimskipi, var nýlega í Taílandi þar sem hún fór meðal annars á matreiðslunámskeið.

Dögg og kærastinn hennar komu heim í síðustu viku úr skipulagðri tólf daga ferð um Taíland. Ferðin var á vegum erlendrar ferðaskrifstofu og voru þau einu Íslendingarnir í hópnum. „Inni í ferðinni var matreiðslunámskeið þar sem okkur var kennd taílensk matargerð og það var rosalega skemmtilegt," segir Dögg.

Matreiðslunámskeiðið var aðeins eitt skipti og segir Dögg að byrjað hafi verið á því að fara á markað að kaupa hráefni. „Allt hráefnið var ferskt og við fórum svo með það út í sveit þar sem námskeiðið var haldið. Þar lærðum við allt um hráefnið og fengum að elda fjóra rétti, mjög sterka," segir hún og hlær.

Eftir námskeiðið fengu allir matreiðslubók og segist Dögg ætla að vera dugleg að elda taílenskan mat. „Nú verður bara taílensk matarveisla einu sinni í viku," segir hún og hlær. „Ég hef samt ekki prófað að elda neitt annað en það sem ég eldaði á námskeiðinu en það var svo gott að kannski held ég mig bara við það. Ég er heldur ekki ennþá búin að bjóða neinum í mat en það stendur til að gera það fljótlega."

Ekki er mikið mál að fá hráefni í taílenska rétti hér á landi, að sögn Daggar. „Það er orðið mikið af austurlenskum búðum en ég fór einmitt og verslaði í matinn eftir að ég kom heim og það var svo ótrúlegt úrval að það var eiginlega allt til. Í sælkerabúðinni á Suðurlandsbraut má fá flest en við keyptum líka krydd úti sem ég nota. Ef eitthvað er ekki til má bara laga uppskriftina að íslenskum aðstæðum," segir hún.

Inni í blaðinu er uppskrift að Tom Yam-súpu með rækjum sem Dögg lærði að elda á matreiðslunámskeiðinu.

emilia@frettabladid.is

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika

Hunang getur komið í staðinn fyrir sykur í kökur og heita drykki og er mun hollara en sykur.

Herlufsdesign
Vorlínan í yfirhöfnum
FS Fiskur & Skinnur

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Sólkoli og salat í tilefni

Gunnar Örn Jónsson, yfirkokkur veitingastaðarins Við Tjörnina, galdraði fram fiskrétt sem er vinsæll á þessum árstíma.

„Sólkoli er tilvalinn fyrir þá sem vilja jafna sig eftir páskana og byrja sumarið á einhverju bragðgóðu og hollu," segir Gunnar Örn Jónsson, yfirkokkur á veitingastaðnum Við Tjörnina, sem var svo vænn að elda fisk og eftirláta lesendum uppskriftina. „Ég tala nú ekki um þegar hann er heilsteiktur í roðinu á þennan hátt, en þá heldur hann vítamínunum og safanum og fer því vel í sólbakaða mallakúta sem og skjannahvítar vambir. Svo má sleppa smjörinu ef barátta stendur yfir við aukakílóin."

Sólkoli með sítrónusósu og salati.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Góðir og hollir fiskréttir eru eðalsmerki veitingastaðarins og segir Gunnar sólkola eftirsóttan, en það sé þó háð því hvort hann standi til boða. „Þetta er fyrst og fremst fiskistaður þótt kjötréttir fáist líka. Matseðillinn breytist reglulega, stundum allt að því vikulega, og fer meðal annars eftir afla sjómanna sem við reynum að versla sem mest við. Hérna er því farið eftir framboði og mikið lagt upp úr því að hafa ferskan mat á boðstólum."

Sólkolinn sem Gunnar eldaði er borinn fram með salati, hálfri sítrónu og sítrónusósu með kryddjurtum, en á þessum árstíma segir kokkurinn eftirspurn eftir salati og öðru léttu meðlæti aukast til muna. „Fólk biður í síauknum mæli um salat í forrétt jafnvel þótt það sé ekki á matseðlinum. Þess eru líka dæmi að fólk óski eftir grilluðum fiski einum og sér, án sósu og salats. Slíkar séróskir eru í takt við hækkandi sól og við gerum okkar besta til að verða við þeim."

Gunnar heldur hér á sólkolanum, sem hann segir aðeins borinn fram með hvítlauksolíu. Hann er því næst steiktur upp úr vel heitu smjöri í um það bil tvær mínútur á hvorri hlið. Hann er síðan færður upp á disk.

Sólkoli
Meðalstór sólkoli, um það bil 400-500 g, á mann. Uggar, haus og sporður eru skorin frá og blóðdálkur hreinsaður burt. Kolanum er síðan velt upp úr heilhveiti og kryddaður með salti og pipar, blóðbergi, basil, steinselju og pensl-

Sósa
Fiskisoði, sítrónusafa og kryddjurtum er bætt út á pönnuna og soðið niður um stund. Vænni smjörklípu er bætt út í sósuna og

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA Á BYLGJUNNI

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLASTA SÍÐDEGISÞÁTT LANDSINS?

Reykjavík síðdegis er vinsælasti síðdegisþáttur landsins samkvæmt nýjustu hlustendakönnun Capacent - Gallup.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

GOTT FÓLK McCANN

Grilltíminn kemur með vorinu og nú er kominn tími til að hreinsa grillið og kaupa gas eða kol. Sólin skín og ekki úr vegi að skella pylsum eða öðru góðgæti á teinana.

sumars

r njóta mikilla vinsælda á þessum árstíma.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hún krydduð með salti og pipar ef með þarf.

Sumar salat
Eikarlaufi, ruccola, romanesku, lambhagasalati, ólífum, rauðrófuspírum, eða því sem fólki þykir sumarlegt, er blandað saman. Lítilræði af vinaigrette-dressingu hellt yfir. Borið fram með sítrónu.

roald@frettabladid.is

Tom Yam-súpa með risarækjum

Uppskrift Daggar Hjaltalín

Tom Yam Koong

100 grömm risarækjur
2 bollar af vatni
5-6 fersk smá chili, skorin smátt
Einn stöngull af sítrónugrasi, skorinn smátt
2-3 límónulauf
2-3 litlir bitar af galangal (taílenskt engifer), skorið smátt
2 matskeiðar af límónusafa
2 matskeiðar af fiskisósu
1 teskeið sykur
Smá af lauk og sveppum
Má bæta við tómötum og eggaldin
Kóríander og vorlaukur

Tom Yam-súpa með rækjum er einn af þjóðarréttum Taílendinga.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðferð:

Setjið sítrónugras, galangal og límónulaufin í pott ásamt vatninu og sjóðið í tvær mínútur. Fjarlægið sítrónugrasið, galagalið og laufin og bætið fiskisósu og sykri út í súpuna svo og lauk, sveppum og tómötum (ef vill). Smáchilið er svo sett út í (þessi uppskrift er fyrir þá sem eru vanir sterku þannig að mælt er með að setja eitt og eitt chili út í einu og smakka til). Þessu er leyft að malla í stutta stund og rækjurnar eru svo settar út í sjóðandi súpuna. Mikilvægt er að setja rækjurnar út í aðeins einni til tveimur mínútum áður en bera á súpuna fram til að ofsjóða þær ekki. Að síðustu er límónusafinn setur út í og kóríander stráð yfir og smáchili eftir smekk.

Ískurl – nýjung á Íslandi

„Frozen Drink Mix – Slush Ice“

- Slushice Strawberry
- Slushice Arctic Ocean
- Slushice Margarita

Tilbúið eftir 24 tíma í frysti!

áman

EINN TVEIR OG ÞRÍR 403.002

Áman ehf • Háteigsvegi 1 • 105 Reykjavík
Sími: 533 1020 • aman@aman.is • www.aman.is

Hvað er að frétta?

Fréttir af fólki_

www.visir.is

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

CITROEN XSARA 1,8 EXCLUSIVE 10/2002, ek. 94 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, dráttarkrókur, cd, samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir og fl.Ásett verð 1.190 þús. áhv. 973 þús. 25 þús. pr. mán. Tilboð 100% lán.

Nissan Patrol SE turbo dísel,6/1998 ekinn 149þús km,7manna,beinskiptur,35" breyttur,álfelgur,dráttarbeisli,fjarstsamlæsingar,geislaspilari,kastaragrind,ný dekk og allt nýtt í stýrirgang og m/fl ný sk '08,Verð:1,990,000- ákvílandi 1,200,000-afb 24þús pr mán.



Porsche Cayenne 3,2L, 4/2005 ekinn 37þús km,17"álfelgur,Tiptronic S sjálfskipting,BI-Xenon ökuljós,hraðanæmt stýri með hita,Ski bag,Hiti í sætum,Leðurinnrétting,Geislaspilari,Litað gler,stöðuleikakerfi og m/fl. Verð:6,490,000- Ákvílandi 5,000,000-afb 65þús pr mán .ATH skipti á ódýrari

SUBARU LEGACY WAGON 1/2006, ek. 36 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. 17" dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar, cruise, filmur, rafm. í rúðum og speglum,líknarbelgir, veltistýri, spoiler, þjónustubók. Engin skipti. Verð 2.390 þús.

Toyota Corolla 1.6 VVT-I S/D Sol, 9/2006, ek. 6þ.km, sjálfskiptur, ABS, Álfelgur, Bakkskynjari, Dráttarkrókur, , Líknarbelgir, Rafm. í rúðum og speglum, útvarp, Þjónustubók o.fl. Ásett verð: 2.390þús

Daewoo Korando E23 bensín, 3/2002, ek. 66þ.km, beinskiptur, ABS, Álfelgur, Brettakantar, 32" ný dekk, Dráttrbeisli, CD, Litað gler, Rafm. í rúðum og speglum, Reyklaus, stigbretti, þakborgar. O.fl. Ásett verð: 1.190þús. TILBOÐ: 990,000-STGR

Bílabúð Benna ehf.
Bíldshöfða 10,
Sími: 587 1000
www.benni.is

Bílahornið

Mercedes Benz CLK 55 AMG, árg 04/2003, ek:65þ.km, 19" carlson felgur, leður, lúga, Xenon ofl. Verð:6.900þ. Áhvílandi:6.400þ.

Bílahornið
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is

Bílar til sölu

WW Passat '97
Ekinn 146 þús. km. 5 dyra, beinskiptur. Ný yfirfarið lakk en þarfnast smávægilegra lagfæringa. Fæst á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 616 7490.

Nissan Almera '99, ek. 90 þús. Verð 420 þús. S. 616 2597.

Nissan Almera 1,8 Lux. Ssk. Ek. 45 þ. Árg. '03. Verð 1.050 þ. S. 662 2001.

Mazda 3 '04, ek. 28 þús. Áhv. gott lán. Verð 1.630 þús. S. 899 4499.

Nýr Avensis árg. 10/'03. 1800, bensín. Bsk. Ek. 29 þ. Í mjög góðu ástandi. Hreyfiþjófavörn. Verð 1.850 þ. Uppl. í s. 664 1982.

Renault árg. '95. Ek. 136 þ. Með dr.kúlu, góður bíll. Verð 110 þ. Einnig Golf árg. '97. Ek. 170 þ. Verð 135 þ. Uppl. í s. 898 3178.

M. Bens. Árg. 2001, ek. 100 þús. Verð 2.500 þús. Uppl. í s. 568 1931 & 693 1931.

Toyota Camry Hybrid 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v. 3325 þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100 km! 2006 frá 3.790 þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Subaru Impreza, '02, turbo, ek. 56 þús., fullkittuð með lambóhurðum. Áhv. 1.4 m. Verð 1.700 þús. Uppl. í s. 896 1974 & 564 1974.

Ford Econoline árg. '01, Triton v8. Ek. 140þ. 5 manna. Snúningsstólar. Þarfnast lagf. eftir bruna að innan. Verð 880þ. Uppl. í s. 567 2277.

Opel Astra GCC Sport. Árg '99. Ek. 100 þús. Allur ný yfirfarinn. Einungis 2 til á landinu. Tilboð óskast. Sími 866 6602 & 588 5934.

VW Passat árg. '98. Ek. 132 þ. Ásett 750 þ. Tilboð 550þ. S. 616 2597.

Til sölu M. Bens árg. '96. Ek. 170 þús. Verð 1,2 milj. Uppl. í s. 696 9376.

Til sölu Daewoo Lanos Hurreken. Árg. '99. Vél árg. '00. Nýskoð. Ek. 80 þús. Ný tímareim og kúpling. Verð 200 þ. Staðgreitt. Uppl. í s. 897 1557.

Lexus IS 200. skr. 12.'03. Ssk, filmur, 17" vetrardekk, 18" sumardekk. Mjög gott eintak. Verð 2.190 þús. Einginn skipti. S. 692 9231.

0-250 þús.

Kawazaki kdx 220 '01 árg. í toppformi. Nýr stimpill, nýleg dekk, mikið af auka nammi. V. 270 þ. 864 7325, Gunnar.

Suzuki Swift vel með farinn, '93, ek. 78 þ. Nýsk. V. 190 þús. Ný dekk. S. 693 0103.

Lancer '91. Skoðaður, ssk, dráttarkúla. Verð 65þ. Uppl. í s. 699 2707.

250-499 þús.

Toyota Corolla Wagon '99. 1.6 Ssk. ek. 129 þ. Vetr.dekk, Cd spilari. V. 440 þ. S. 691 4898.

500-999 þús.

VW Polo Comfline 2003 ek. 37 þkm! Beinsk, sumar+vetrard, CD. V 940 þús. S:8567452

1-2 milljónir

Vandaður To Corolla '02 til sölu, ekinn 45 þús. ssk. Toppeintak, uppl. 862 6242.

2 milljónir +

Santa Fe 2005 dísel, ek. 36 þús. Verð 2.800 þús. Skoða skipti á ódýrari. GSM 669 9932.

Stórútsala á bílum: Nýr 2007 Dodge Caravan frá kr. 2.490 þús.! Rúmgóður 7 manna fjölskyldubíll. Fæst sem 4x4. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Bílar óskast

Skítblönk!! Bráðvantar mjög ódýran eða gefins bíl. Má kosta 0-30 þús. Verður að vera í jákvæðu og hressu ástandi. Uppl. í s. 845 6933.

Gott eintak af MMC L 300 4x4 óskast, einnig vél í sömu teg. Uppl. í s. 869 2159.

Jeppar

Ekkert út! Bara yfirtaka á láni!
Passat VR6 4x4 stw ek. aðeins 71 þús. km. Mjög vel með farinn. Leður, topplúga, 18" álfelgur o. fl. o. fl. Uppl. í síma 898 8228.

Jeppaútsala: 2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Gæða svefnsófi 25 þús - Hjónarúm með dýnum frá Ragnari Björns 25 þús-s: 6953455

Pallbílar

Pallbílar Útsala: Ford F150 frá 1.750 þús.! Toyota Tacoma frá 1990 þús. Einnig Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Vörubílar

www.trukkur.is
Sími 893 8327.

www.trukkur.is
Sími 893 8327.

Húsbílar

Bens O309, húsbíll árg. '84 6 cl, ssk, topp eintak. Tilboð 500 þús. Uppl. í s. 699 5343.

Mótorhjól

Kínversk hjól, bestu verðin. Það litla 90cc aðeins 115.900,-. Vespur, svartar, bláar, silfurlitar eða rauðar á aðeins 169.900,-. 200cc hjólin, hægt að götuskrá, núna á aðeins 179.900,-. Uppl. í s. 895 7272.

Yamaha Fazer 600
Yamaha Fazer 600 árg. 2004, blátt, ekið 5500 km. Verð 750 þús. Gott lán getur fylgt. S. 699 3166.

Við erum flest allir á www.partasolur.is

Til sölu: Yamaha TTR 125 árg '05 í topp standi, vel með farið og vel umhugsað. Verð 280 þús. S: 868-2211.

Fjórhjól

Til sölu fjórhjól Suzuki 400 cc, afturdrifið, árg. '05. Verð aðeins 480 þús. Uppl. í s. 820 1885.

Vélsleðar

Til sölu Polaris RMK 800 árg. '00. Verð 300 þ. Staðgreitt. Uppl. í s. 897 1557.

Hjólhýsi

Til sölu hjólhýsi Dominant 520, árg 2006. Mjög vel með farið. Aukahlutir: geislaspilari,sjónvarpsloftnet, skyggni og teppi á gólfum. Uppl. í s. 894 4184 - Ólafur.

sirkus

27. apríl 2007

Elskar pils og hælaskó

Fréttakonan María Sigrún Hilmarsdóttir segir pils og hælaskó gera veröldina fallegri. Sirkus kíkti í fataskápinn hennar.

Bls. 6

Gjafmildur Jón

Auðjöfurinn Jón Ólafsson vann sex milljónir í spilavíti í Monte Carlo og gaf allt til munaðarleysingjahælis í Cannes.

Bls. 2

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir púslar saman vinnu og fjölskyldu

Í STRÍÐI VIÐ SAMVISKUBITIÐ

SIRKUSMYND/VALLI

eurovision hornið

Heyrt þetta áður

Ricky Martin 2

Grikkirnir eru þekktir fyrir að senda sjóðheita karlmenn og konur í Eurovision-keppnina og í ár er það engin undantekning. Ungi söngvarinn Sarbel mun syngja lagið Yassou Maria. Þeir gerast ekki sykursætari en Sarbel og á drengurinn eftir að heilla dömurnar upp úr skónum eða allavega þær sem fíla svona drengi. Sarbel hefur gert það gott í heimalandi sínu og er gefinn út af Sony BMG. Það er áhugavert í þessari keppni í ár hversu margar þjóðir senda söngvara sem eru að gera það gott.

Lagið Yassou Maria er eins og Eurovision-lag á að vera nema hvað að við höfum heyrt þetta áður. Þegar viðlagið byrjar segir söngvarinn sjóðheiti, „Shake it up, shake it up Maria“ og maður getur ekki annað gert en að hugsa til Ricky Martin er hann sló í gegn með laginu Livin' la vida loca. Þau eru ekki alveg eins en það er eitthvað svipað með þessum lögum.

Hermikrákur dauðans

Ah, hver man ekki eftir þeim einföldu tímum, þegar Justin Timberlake var með aflitaðar krullur, ástfanginn af Britney Spears og enn í strákasveitinni *NSYNC. Spánverjar muna greinilega vel eftir þessum tíma og ákváðu að senda spænsku útgáfuna í Eurovision. D'NASH er spænsk strákasveit sem stofnuð var fyrir rúmu ári er kapparnir gáfu út sína fyrstu smáskífu.

Lagið sem drengirnir munu flytja í aðalkeppninni í Finnlandi í ár heitir I love you mi vida. Það er óhætt að segja að þetta sé eitt af verstu lögunum í keppninni í ár og að þeir skuli vera frægir er algjörlega óskiljanlegt. Það fyndasta við þessa sveit er að þeir eru eins og slæm útgáfa af *NSYNC, meira að segja fyrsta smáskífan þeirra minnir á Justin og félaga.

ATHAFNAMAÐURINN JÓN ÓLAFSSON HUGSAR TIL ÞEIRRA SEM MINNA MEGA SÍN

VANN SEX MILLJÓNIR Í SPILAVÍTI Í MONTE CARLO OG GAF TIL MUNAÐARLAUSRA

Athafnamaðurinn Jón Ólafsson, stundum kenndur við Skífuna, gerði sér lítið fyrir um síðustu helgi og vann 68 þúsund evrur, um sex milljónir króna, í spilavíti í Monte Carlo. Jón hélt eftir þremur evrum sjálfur en gaf restina til munaðarleysingjahælis í Cannes þar sem hann er búsettur. Þorsteinn Kragh, stórvinur hans, var staddur með honum í spilavítinu og segir Jón hafa boðið sér upp á einn espresso í tilefni góðs gengis í 21 í spilavítinu. „Hann lagði 300 evrur undir, vann þetta á nokkrum tímum og bauð mér svo upp á kaffi. Afganginn gaf hann svo á munaðarleysingjahæli í heimabæ sínum, Cannes," segir Þorsteinn í samtali við Sirkus. Hann bætir við að þetta sé ekki í fyrsta sinn sem Jón gerir slíkt. „Við höfum margoft farið í spilavíti víðs vegar um heiminn og hann hefur alltaf gefið vinningana sína."

Jón og Þorsteinn voru staddir á ofurbílasýningunni Top Marques í Mónakó sem fram fór um síðustu helgi. Þar prufukeyrðu þeir alla helstu sportbíla heimsins á götum Mónakó sem einnig eru notaðar undir Formúlu 1 kappakstur. „Þetta var ótrúlegt ævintýri. Þarna var allt fullt af ríku fólki sem keypti bíla í safnið sitt fyrir stjarnfræðilegar upphæðir," segir Þorsteinn og bætir við að honum hefði liðið eins og hann væri að labba inn í framtíðina þegar hann kom á sýninguna. „Bílarnir voru svakalegir og mótorhjólin ekki síðri," segir Þorsteinn sem tók snúning á nokkrum bílum, þar á meðal 850 hestafla Porsche-jeppa.

Aðspurður hvort hann hefði keypt sér bíl á sýningunni sagði Þorsteinn svo ekki vera. „En Jón keypti sér bláan Bentley Continental GTC, alveg sérlega glæsilegan blæjubíl," segir Þorsteinn. Um verðið á Bentley-bílnum vill Þorsteinn ekkert segja en sagði bílinn þó dýran.

Þetta er ekki fyrsta ferðin sem Þorsteinn og Jón fara saman. „Hann hringir í mig þegar hann er í stuði og þá djöflumst við eitthvað," segir Þorsteinn og hlær. „Við röltum á Kilimanjaro í júní fyrir tveimur árum og höfum farið í langar hestaferðir um hálendið. Við gistum á algjöru lúxushóteli núna í Mónakó sem var fínt en ég kann betur við mig í hestaskúrum eða tjöldum uppi á hálendinu. Það er meiri stemning enda bý ég nánast í hótelherbergjum í starfi mínu sem umboðsmaður," segir Þorsteinn.

oskar@frettabladid.is

FÉKK KAFFIBOLLA Athafnamaðurinn Þorsteinn Kragh var með Jóni í Mónakó og fékk kaffibolla eftir gott gengi í spilavítinu.

FULLT AF PENINGUM Jón vann 68 þúsund evrur á nokkrum tímum í spilavítinu. „Hann er eldsnöggur að hugsa og heppinn," segir Þorsteinn Kragh um félaga sinn þegar hann spilar 21.

NÝR BÍLL Jón festi kaup á nýjum Bentley-blæjubíl á bílasýningunni í Mónakó.

GJAFMILDUR Auðjöfurinn **Jón Ólafsson** vann sex milljónir í spilavíti um síðustu helgi og gaf þær til munaðarleysingjahælis í Cannes þar sem hann býr nú um stundir.

Mánuður í plötu Jógvans

RADDBÖNDIN ÞANIN **Jógvan** sést hér í upptökuverinu ásamt Vigni Snæ upptökustjóra og má sjá að drengurinn lifir sig inn í sönginn. SIRKUSMYND/HÖRÐUR

„Þetta gengur bara ljómandi vel. Ég er að mestu leyti búinn að syngja," segir færeyski hjartaknúsarinn Jógvan Hansen, um ganginn í upptökum á nýrri plötu hans en Jógvan bar sigur úr býtum í X faktor þáttaröðinni á Stöð 2 fyrir skemmstu.

Hann vonast til að platan verði klár í búðir eftir mánuð og segist vera stressaður yfir því hvaða viðtökur hún fái. „Ég hugsa um að gera mitt besta og vona að fólk taki vel á móti," segir Jógvan en platan verður á rólegum nótum. „Þetta er svona rólegt popp að mestu leyti þótt einhver keyrslulög læðist með," segir Jógvan.

Eitt frumsamið lag eftir hann verður á plötunni en auk þess verður meðal annars frumsamið lag eftir upptökustjórann Vigni Snæ Vigfússon við texta Magnúsar Þórs Sigmundssonar. Nokkur laga þeirra sem Jógvan söng í X-faktor verða á plötunni auk þess sem hið vinsæla lag Óskars Páls Sveinssonar og Stefáns Hilmarssonar, Hvern einasta dag, verður með enskum texta Stefáns.

FÓTBOLTAFÁR

taktu þátt í því !

Skráðu þig í Fótboltaklúbb MasterCard á kreditkort.is, notaðu MasterCard® kortið þitt og þú gætir verið á leið á úrslitaleik UEFA Champions League í Aþenu 23. maí!

Skráðu þig í Fótboltaklúbb MasterCard og notaðu MasterCard kortið þitt frá 15. mars - 30. apríl og þú gætir unnið það sem alla fótboltaáhugamenn dreymir um: Ferð fyrir tvo á úrslitaleik UEFA Champions League í Aþenu 23. maí 2007.

Í hvert skipti sem félagi í Fótboltaklúbbi MasterCard notar MasterCard kortið sitt á tímabilinu fer nafn hans í pottinn sem vinningarnir verða dregnir út. Því oftar sem þú notar MasterCard kortið þitt, því meiri líkur á að þú farir á úrslitaleikinn!

Meira á www.kreditkort.is.

MasterCard Official Card

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

ATHENS FINAL 2007

Ferð, gisting og miðar í boði MasterCard.

fréttir

Heyrst hefur

Fyrirsæta á nýjum bíl

Eftir því hefur verið tekið að **Björn Sveinbjörnsson**, fyrrverandi fyrirsæta og sambýlismaður Svövu Johansen, einatt kennd við 17, er kominn á nýjan bíl. Sá er ekki af verri gerðinni því um er að ræða kolsvartan Mercedez Benz-jeppa af gerðinni GL 500. Þessi bíll kostar á bilinu 11 til 14 milljónir frá Öskju, sem er með umboð fyrir Benz á Íslandi. Meðal annarra sem hafa keypt sér þennan glæsilega lúxusjeppa frá Benz eru flugkóngurinn og stjórnarformaður RÚV ohf., **Ómar Benediktsson** og Frakkinn Olivier Bremond, sem rekur verslunina Kisu ásamt eiginkonu sinni, Þórunni Eddu Anspach.

Rappari til Kaupþings

Tónlistarmaðurinn knái **Sölvi Blöndal**, sem eitt sinn var forsprakki rappsveitarinnar vinsælu Quarashi, mun vinna í greiningardeildinni hjá Kaupþingi í sumar. Sölvi, sem var aðalsprautan í útgáfu plötunnar Goldmine með Silviu Nótt, leggur nú stund á nám í hagfræði við Háskóla Íslands og fær því fína reynslu hjá bankanum í sumar.

Engir peningar enn

Tónlistarmaðurinn **Máni Svavarsson** þvertekur fyrir það að hann sé orðinn moldríkur á góðu gengi tónlistarinnar úr Latabæ sem farið hefur sigurför um heiminn og meðal annars unnið hin virtu bresku BAFTA-verðlaun. Máni keypti sér nýlega einbýlishús í Garðabænum og fóru sögur á kreik um að þar væri Latabæjargróðinn kominn. Máni segist hins vegar ekki hafa séð mikið af peningum. „Þetta tekur mikið lengri tíma. Ég neita því hins vegar ekki að það væri gaman að græða á þessu eftir fjögurra ára streð í stúdíói á litlum launum," segir Máni.

Bond-bíllinn safnar ryki

Illa gengur að selja Bond-bílinn Aston Martin Db9, sem notaður var í nýjustu James Bond-myndinni Casino Royale. Bíllinn hefur staðið óhreyfður á bílasölu frá því fyrir jól og þrátt fyrir að margir áhugasamir milljónamæringar hafi komið og skoðað hann hefur enginn ekið á brott á honum. Bíllinn, sem kostar 25 milljónir, stendur því óhreyfður og safnar ryki. Bundnar eru þó vonir við að bíllinn seljist þegar dag tekur að lengja og sumarið nálgast.

ATHAFNAKONAN ÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR SELUR FOKHELT HÚS SITT Í KÓPAVOGI

STÓRGLÆSILEGT Hús Þóru í Asparhvarfinu er risastórt og afar huggulegt.

SIRKUSMYND/VILHELM

VILL FÁ 125 MILLJÓNIR FYRIR 550 FERMETRA GLÆSIVILLU

Ég svara ekki þessari spurningu. Það er minn réttur," segir flugdrottningin Þóra Guðmundsdóttir, oft kennd við Atlanta, í samtali við Sirkus hver sé ástæðan fyrir því að hún sé að selja rúmlega 560 fermetra glæsivillu sína í Asparhvarfi í Kópavogi aðeins rétt rúmum fjórum mánuðum eftir að hún keypti húsið af Einari Páli Tamimi, lögfræðingi hjá Glitni. Glæsivillan er tilbúin að utan en fokheld að innan og fylgja teikningar að skipulagi innanhúss eftir Rut Káradóttur innanhússarkitekt. Á efri hæð hússins eru til að mynda 100 fermetra svalir. Þóra vill fá 125 milljónir fyrir villuna sem stendur á frábærum útsýnisstað efst í Kópavoginum, rétt við Elliðavatn. Lóðin er gríðarstór, tæpir 2.000 fermetrar, og var í fyrstu gert ráð fyrir hesthúsi innan lóðamarkanna.

Að sögn fasteignasala sem Sirkus ræddi við getur orðið erfitt fyrir Þóru að selja húsið. Ekki sé stór markaður kaupenda að húsum sem kosta meira en hundrað milljónir auk þess sem staðsetningin hjálpi ekki til.

Þóra býr nú í rúmlega 250 fermetra einbýlishúsi í Leirutanga í Mosfellsbæ ásamt dóttur sinni en það hús byggði hún ásamt fyrrverandi eiginmanni sínum og viðskiptafélaga, Arngrími Jóhannssyni. Þau seldu flugfélagið Atlanta til Magnúsar Þorsteinssonar fyrir um þremur árum og hefur Þóra verið talin með auðugustu konum landsins.

oskar@frettabladid.is

LÁTLAUST Þóra býr nú í einbýlishúsi í Leirutanga í Mosfellsbæ. SIRKUSMYND/VILHELM

VILL EKKI SVARA **Þóra Guðmundsdóttir vill ekki gefa upp ástæður þess að hún kýs að selja glæsivillu sína við Asparhvarf.**

Sturla hefur aldrei verið þyngri

Ég held að ég hafi nú bara aldrei verið þyngri," segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hlæjandi við Sirkus. Hann hafði mælst 105 kíló á vigt í Forvarnahúsinu þar sem blásið var til blaðamannafundar á mánudaginn í tilefni af því að alþjóðleg öryggisvika Sameinuðu þjóðanna hófst sama dag. „Annars kann ég nú betur við baðvigtina heima. Hún sýnir 102,5 kíló og er eflaust mun áreiðanlegri," segir Sturla.

Þrátt fyrir annir í kosningabaráttunni segist Sturla bæta á sig kílóum meðan á slagnum stendur. „Ég hef tilhneigingu til að borða mikið í kosningabaráttunni, mikið af tertum, og hef lítinn tíma til að hreyfa mig," segir Sturla og bætir við að hann fari ekki oft yfir hundrað kílóin.

„Ég er alveg í toppformi. Ég byrjaði ungur að vinna erfiðisvinnu og fékk þá vöðva fyrir lífstíð," segir Sturla. Spurður um hreyfingu segist hann labba og synda reglulega.

En hvenær var hann í sínu besta formi? „Það hlýtur að hafa verið á því herrans ári 1978. Þá var ég búinn að vera bæjarstjóri í Stykkishólmi í fjögur ár og var 78 kíló. Síðan eru liðin mörg ár og þó nokkur kíló," segir Sturla og hlær.

ÞYNGIST Í KOSNINGABARÁTTUNNI **Sturla Böðvarsson vegur nú 105 kíló og segist aldrei hafa verið þyngri. Kosningabaráttan tekur sinn toll enda úðar hann í sig tertum hvar sem hann kemur að eigin sögn.** SIRKUSMYND/VILHELM

Mikilvægasta líffæri mannsins

>> Grunnnám

B.Ed. nám í grunnskólakennarafræði
B.Ed. nám í leikskólakennarafræði
B.Ed. nám í íþróttafræði
B.S. nám í íþróttafræði
B.A. nám í þroskaþjálfafræði
B.A. nám í tómstunda- og félagsmálafræði
Kennsluréttindanám

>> Framhaldsnám

M.Ed. nám í menntunarfræði
M.Ed. nám í stjórnunarfræði menntastofnana
M.Ed. nám í sérkennslufræði
M.Ed. nám í íþrótta- og heilsufræði
M.Ed. nám í þroskaþjálfa- og fötlunarfræði
M.Ed. nám í tómstunda- og félagsmálafræði
M.A. nám í menntunarfræði
M.S. nám í íþrótta- og heilsufræði
Ph.D. nám í menntunarfræði
Kennsluréttindanám

Heilinn er mikilvægasta líffæri mannsins

Taktu þátt í uppbyggingu hans og hafðu áhrif á hugmyndir, hugsjónir, skoðanir og viðhorf næstu kynslóða. Með því að sækja um í Kennaraháskólanum gætir þú öðlast þau forréttindi að fá að laða það besta fram í fólki og nauðsynlegt er að til þess veljist hæfileikaríkir einstaklingar.

Umsóknarfrestur um grunnnám er til ***18. maí.***
Hægt er að sækja um rafrænt á ***www.khi.is***

>> Kennaraháskóli Íslands
sími 563 3800 > www.khi.is

PIPAR • SÍA • 70599

MEÐ SKÓDELLU „Skórnir eru héðan og þaðan og frá flestum heimshornum í raun. Ég er með meðvitaða skódellu eins og svo margar stúlkur.“

MARÍA SIGRÚN HILMARSDÓTTIR FRÉTTAMAÐUR ER ALLTAF GLÆSILEG TIL FARA

Pils og hælaskór gera veröldina fallegri

BIKINI „Bikiníið er úr H&M og er með flottar palliettur. Þetta verður vonandi mikið á sundlaugarbakkanum í sumar.“

Ég hef mátulega mikinn áhuga á tísku en finnst ég hafa dregist svolítið aftur úr upp á síðkastið. Er ekki alveg „up to date“ eins og sagt er,“ segir María Sigrún Hilmarsdóttir, fréttamaður á Sjónvarpinu, sem vakið hefur athygli fyrir glæsileika á skjánum. „Ég hef samt áhuga á fallegum fötum en ekki endilega tískufötum. Stundum finnst mér ég eiga tvo fulla skápa af engu til að fara í,“ segir María og tekur undir að smekkur hennar hafi breyst með aldrinum. „Já og sem betur fer. Annars ætti ég yfir höfði mér sektir frá umhverfisráði fyrir sjónmengun. Ég er orðin miklu praktískari en ég var þegar ég vel mér föt og læt skynsemina ráða för.“

Þegar María Sigrún er beðin um að lýsa fatasmekk sínum segir hún hann heldur einfaldan. „Með vott af væmni kannski. Ég á mikið af pastellituðu. Mér finnst gaman af kvenlegum dragtarjökkum úr ull í anda sjötta áratugarins og klæðist þeim gjarnan við gallabuxur þegar ég er í vinnunni. Í frístundum ráða þægindin ferðinni og stundum klæðist ég nokkurs skonar náttbuxum heilu dagana og bol við ef ég kemst upp með það.“

María segir Íslendinga framarlega í tískunni en vildi að sumar konur myndu leggja gallabuxunum og flíspeysunni. „Og draga heldur fram pilsin og hælaskóna. Þá yrði veröldin enn fegurri en hún er,“ segir hún brosandi og bætir við að hún hlakki til sumarsins. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég á rétt á sumarfríi. Ég hef alltaf verið í skóla og unnið á sumrin. Ég ætla að taka nokkrar vikur í endalausri dagsbirtu í júní og svo restina í haust. Þá hyggst ég brjóta upp skammdegið með sólarlandaferð,“ segir hún en bætir við að útilegur séu ekki fyrir hana. „Það fer mér ekkert sértaklega vel að vera í tjaldi. Ég er meira fyrir fellihýsi og sumarbústaði.“

indiana@frettabladid.is

SUMARKJÓLL Kjólinn keypti María fyrir brúðkaup. „Ég vona að ég fái fleiri tækifæri til að klæðast honum.“

UPPÁHALDS BUXURNAR „Buxurnar eru frá FCUK. Ég á nokkrar svona, mismunandi að lit. Ég er svo ánægð með sniðið.“

GULLVESKI „Úr TopShop minnir mig. Komið nokkuð til ára sinna. Fínt í kokteilboð.“

MYNDIR VILHELM

SLAUFUKJÓLL „Þessi er úr Karen Millen. Smekkmaður valdi og hitti beint í mark.“



	Fjárhæð	Vextir
1. þrep	0– 1.999.999	12,50%
2. þrep	2.000.000– 9.999.999	12,85%
3. þrep	10.000.000–29.999.999	13,30%
4. þrep	30.000.000–59.999.999	13,70%
5. þrep	60.000.000+	14,60%

Netreikningur **Sparisjóðsins**

Nýr hávaxtareikningur í Heimabankanum – stighækkandi vextir eftir innstæðu
Netreikningur Sparisjóðsins er óverðtryggður og óbundinn hávaxtareikningur. Þú stofnar Netreikning Sparisjóðsins á **www.spar.is**. Reikningurinn ber stighækkandi vexti, því hærri innstæða þeim mun hærri vextir skv. vaxtatöflunni* hér að ofan. Þú hefur aðgang að Netreikningnum allan sólarhringinn í gegnum Heimabanka Sparisjóðsins. Vextir eru færðir inn í árslok.

*vextirnir eru miðaðir við vaxtatöflu 21. 4. 2007

Enginn binditími
Binditími er enginn og þú getur tekið út hvenær sem þér hentar.

Enginn kostnaður og engin úttektarþóknun
Netreikningur er alltaf laus til útborgunar án úttektarþóknunar í Heimabanka Sparisjóðsins.

Engin lágmarksinnborgun
Ekki þarf að leggja inn tiltekna lágmarksfjárhæð til að fá háa vexti.

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Fíton/SÍA

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR ER MAMMA, EIGINKONA OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA

LÍFIÐ ER SKEMMTILEGT PÚSLUSPIL

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er 41 árs gömul. Hún er gift handboltahetjunni og bankamanninum Kristjáni Arasyni. Saman eiga þau hjónin þrjú börn, Gunnar Ara 11 ára, Gísla Þorgeir 7 ára og Katrínu Erlu sem verður 4 ára í júlí. Þrátt fyrir afar erilsamt starf nær Þorgerður Katrín að sameina það fjölskyldulífinu þótt hún kysi oft að hafa meiri tíma, bæði fyrir börnin og eiginmanninn.

TÍMALEYSI Þorgerður Katrín vildi gjarnan hafa meiri tíma með dóttur sinni Katrínu Önnu og strákunum sínum tveimur, Gunnari Ara og Gísla Þorgeiri. SIRKUSMYND/VALLI

Það er hjá okkur eins og flestum öðrum nútímafjölskyldum að lífið er endalaust en skemmtilegt púsluspil. Til dæmis á milli fimm og átta eins og margir þekkja og líka á kvöldin. Það þarf að redda barnapíu ef við erum að vinna fram eftir því maðurinn minn er líka í mjög krefjandi vinnu hjá Kaupþingi og er mikið erlendis. Það þarf að púsla þessu öllu og það hefur gengið vel. Mér finnst líka mikilvægt að ég sýni að þetta sé hægt því við viljum hafa konur á öllum aldri í stjórnmálum, konur sem eiga ung börn sem og barnlausar konur. Við verðum að sýna að þetta er gerlegt þótt þetta sé stundum ansi mikið," segir menntamálaráðherrann Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir um galdurinn við að sameina krefjandi vinnu og stórt heimili.

Tímaleysið háir mér mest

„Ég hef sagt það áður í viðtölum að það er tímaleysið sem háir mér mest. Ég myndi vilja hafa meiri tíma, sérstaklega tíma með fjölskyldunni. Það er þetta stanslausa stríð við samviskubitið sem ég hef glímt við en ég er eiginlega komin yfir það. Í það minnsta stundum. Ég horfi á börnin mín og þeim líður vel. Við knúsumst alltaf, náum að fíflast og tala saman. Það eru glöð og sátt.

Ég reyni að leggja áherslu á það um helgar að ef ég er einhvers staðar að vinna annan daginn þá er ég laus hinn daginn. Og er orðin nokkuð grimm á föstudagskvöldin. Ef það eru frumsýningar eða eitthvað annað þá afþakka ég boð á slíkt. Þetta eru svona fjölskyldukvöld. Það eru allir saman og kannski pöntuð pitsa. Við reynum að hafa þetta svona. Það er auðvitað oft þannig í mínu starfi að þegar ég vakna á morgana þá veit ég ekki hvernig dagurinn verður. Það eru auðvitað fastir punktar en síðan er ýmislegt sem kemur upp sem þarf að bregðast eða verða við. Ég er stundum komin heim klukkan sex, stundum átta og einstaka sinnum enn seinna. Þá reynir á skipulagninguna."

En hver eldar?

„Ég elda. Ég ætla að vona það að ég sé betri kokkur en Kristján. Hann er þó einn allra besti grillari sem ég hef kynnst. Honum fer reyndar mjög fram í eldhúsinu en sumarið er kannski hans tími. Mér finnst nú reyndar þessi grillmennska stundum ofmetin því það er ekki síður mikil vinna að búa til allt í kringum blessaðan grillmatinn. En hann hefur oft sagt mér að þetta snúist um tilfinninguna, að halda safanum inni í kjötinu," segir Þorgerður Katrín og hlær dátt.

Lítill tími í lærdóm

Það verður ekki undan því vikist að spyrja sjálfan ráðherra menntamála hvort hún hafi mikinn tíma til að læra með börnum sínum?

„Ég er ekki nógu dugleg. Það er eiginlega syndsamlega lítill tími sem ég get eytt með strákunum við lærdóm. Kristján hefur verið með það á sínum herðum. Ég geri eins og ég get þegar ég er heima en strákarnir eiga að læra um leið og þeir koma heim úr skólanum og þá er ég yfirleitt ekki komin heim. Síðan reyni ég að hlýða þeim yfir námsefnið og fylgjast vel með en ég myndi gjarnan vilja hafa meiri tíma fyrir lærdóminn þeirra. Ég reyni að lesa mikið fyrir þau. Það skiptir miklu máli að lesið sé fyrir börnin.

Þeir finna það að ef ég verð ekki í ríkisstjórn næst þá hef ég meiri tíma þannig að þetta er bara tækifæri fyrir mig hvernig sem kosningarnar fara. Það væri virkilega gaman ef kosningarnar ganga vel og við sjálfstæðismenn verðum áfram í ríkisstjórn. Ef ekki þá opnast ný tækifæri og þótt ég telji mig vita að það sé mikil vinna að vera í stjórnarandstöðu þá er ekki loku fyrir það skotið að ég fái meiri tíma með fjölskyldunni," segir Þorgerður Katrín.

Tölum saman og þegjum saman

Þorgerður Katrín og Kristján hafa verið saman frá því að þau voru unglingar en hvernig fara þau að því að viðhalda neistanum í hjónabandinu eftir öll þessi ár?

„Við reynum að eyða sem mestum tíma saman. Við eldum mat saman og förum í sveitina. Það besta er að hafa stundum ekkert fyrir stafni, vera bara tvö ein með börnin. Það er eiginlega best og það verður ákveðin endurnýjun í kyrrðinni í sveitinni. Síðan reynum við að nota tækifærið og skella okkur utan saman þótt það sé ekki nema í tvo daga kannski. Það er alveg ómetanlegt því þótt börnin séu yndisleg þá er það með okkur eins og önnur hjón að við þurfum okkar svigrúm, aðeins andrými frá þessu fjölskylduálagi og ábyrgð, og tíma ein saman. Það er afskaplega gefandi að vera tvö ein, tala saman og þegja saman. Mér finnst gott að vera í þögninni og lesa. Síðan erum við með hesta þótt það það sé nú meira í orði þessa dagana því ég hef varla náð að komast í hesthúsið í vetur. Hestarnir eru yndislegir og ein bestu ferðalögin sem við förum í eru hestaferðir," segir Þorgerður.

„ÞAÐ ER ÞETTA STANSLAUSA STRÍÐ VIÐ SAMVISKUBITIÐ SEM ÉG HEF GLÍMT VIÐ EN ÉG ER EIGINLEGA KOMIN YFIR ÞAÐ."

Verðum að lifa eðlilegu lífi

Hún segist hafa vitað af því að hún myndi fá gagnrýni á sig fyrir að fara til Kaupmannahafnar á tónleika Sálarinnar og Stuðmanna í síðustu viku í stað þess að standa vaktina heima í kosningabaráttunni.

„Ég var búin að ákveða þessa ferð til Kaupmannahafnar fyrir löngu. Við hjónin erum í vinahópi sem samanstendur af gömlum leikmönnum úr FH í handboltanum og eiginkonum þeirra og við vorum alltaf að tala um það að við yrðum að fara að hittast. Hópurinn var ekki búinn að hittast lengi vegna tímaskorts þannig að við konurnar tókum okkur til og gáfum öllum mönnunum okkar þessa ferð í jólagjöf. Ég vissi að kosningabaráttan yrði byrjuð en ákvað bara að hagræða því. Auðvitað er leiðinlegt að hafa misst af þættinum á Stöð 2 en þar er verið að gera frábæra hluti en ég hef alltaf verið talsmaður þess að sýna breiddina. Bjarni er náttúrlega mjög öflugur og stóð sig frábærlega. Þar fyrir utan hefði ég aldrei verið reiðubúin til að gefa þetta eftir. Þetta var ferð með vinum og mínum manni og þótt ég vissi að ég myndi fá gagnrýni á mig út af því þá var ég ákveðin í því að brynja mig gegn slíku. Það er líka svo merkilegt að einn poppari sem var þarna úti spurði hvað hefði verið sagt ef ég hefði verið að fylgja Sinfóníuhljómsveitinni? En af því að þetta voru Sálin og Stuðmenn þá þótti það ekki nægilega fínt. Þessi ferð var hluti af því lífi sem við Kristján eigum saman og verðum að passa upp á."

Og Kristján fær aldrei nóg af krefjandi starfi konu sinnar?

„Nei, Kristján er keppnismaður og nýtur þess að sjá mig í þessari baráttu. Öll hvatningin sem ég fæ frá honum er ómetanleg. Hann er líka minn besti ráðgjafi. Hann stendur eins og klettur við bakið á mér og hefur gefið mér ómetanleg ráð í erfiðum málum. Síðan er hann maðurinn sem er svo gott að halda í höndina á þegar eitthvað hefur ekki farið eins og maður vonaðist til," segir Þorgerður Katrín.

Kennaraverkfallið erfiðast

Og talandi um erfiða tíma. Hvað er það erfiðasta sem Þorgerður Katrín hefur staðið frammi fyrir í starfi sínu sem menntamálaráðherra?

„Kennaraverkfallið haustið 2004 var erfiður tími fyrir allt samfélagið. Mér fannst óskaplega sárt að horfa

FRAMHALD Á SÍÐU 10 >>

OF ÞRÖNGT Þótt fjölskyldunni líði vel á Tjarnarbrautinni þá er of þröngt um hana þar.

NÝJA HEIMILIÐ Fjölskyldan mun flytja í þetta glæsilega hús í Mávahrauni í haust. Öll börnin fá þá sérherbergi.

Gisting - golf - veiði

Gerum tilboð

Efri-Vík ehf 880 Kirkjubæjarklaustur
netfang: efrivik@simnet.is • veffang: www.efrivik.is • sími: 487 4694

fákar og fólk

FÖSTUDAGUR 27. APRÍL 2007

Hestasund

Byggir upp vöðva og þol

BLS. 4

Við flytjum...

Risa útsölumarkaður

verslunina eftir helgi og tökum sem minnst með okkur á nýja staðinn. **Á útsölumarkaðnum á allt að seljast.**
Opið til kl 17:00 á laugardag.

HESTAR MENN

Lynghálsi 4 - ... fram á laugardag.

Byggir á fimm hundruð ára hefð

Lítill og nettur, brosmildur og hlýr, dökkur yfirlitum með heiðblá augu. Þannig kom portúgalski hestamaðurinn Julio Borba blaðamanni fyrir sjónir þegar hann hitti knapann knáa í Reiðhöllinni að Votmúla.

„Þegar ég sá íslenskan hest í fyrsta sinn var það í keppni í Svíþjóð. Þá fannst mér sem þetta hlyti að vera mjög reiður hestur og ósamvinnuþýður. Í fyrsta sinn sem ég settist á íslenskan hest vissi ég að augu mín höfðu blekkt mig," segir portúgalski knapinn og reiðkennarinn Julio Borba sem staddur var á Íslandi í annað sinn nú í apríl og hélt námskeið í reiðmennsku. Veru hans lauk með kennslusýningu í Ölfushöll sem opin var almenningi. Julio segir íslenska hesta mjög viðkvæma og viljuga en hins vegar hundrað prósent samstarfsfúsa. „Ég hélt ég hefði fullkomið jafnvægi en íslenski hesturinn hefur kennt mér að svo er ekki. Ef maður gerir einhverja vitleysu er hann fljótur að segja manni það."

Inntur eftir hinni klassísku spurningu hver sé munurinn á íslenska hestinum og öðrum hestakynjum svarar Julio að bragði: „Hestur er hestur, hann getur verið slæmur eða góður en munurinn á milli tegunda er ekki svo mikill, byggingin og vöðvar eru meira og minna þeir sömu hvort sem við erum að tala um íslenskan hest, lusitano eða shetland smáhest. Allar æfingar og vitneskja sem við getum aflað til að hjálpa hestinum er frábært," segir Julio ákveðið og fær sér smók af sígarettu sem hann skolar niður með kaffi. Hann vill ekki flækja málin með skilgreiningum. „Hér á Íslandi er ég álitinn nútímalegur, svolítið klikkaður kannski, með nýjar hugmyndir um hvernig gera eigi hlutina. Í Þýskalandi hins vegar er ég klassískur reiðmaður."

„Hestur er hestur, sama hvort hann er íslenskur, lusitano eða shetland smáhestur."

Aðferðir Julios eru þó ekki nýjar af nálinni heldur eiga þær að hans sögn rætur sínar fimm hundruð ár aftur í tímann. „Ég reyni að nota margar hundleiðinlegar æfingar sem undirbúning undir fljúgandi gangtegundir eins og tölt og skeið án þess að vera stöðugt í baráttu við hestinn," segir Julio og telur Íslendinga heppna með sinn viljuga og orkuríka hest. „Aðal vandamálið ykkar er að róa hestana nægilega niður," segir Julio brosmildur og bætir við að íslensku nemendur sínir hafi verið til fyrirmyndar. „Það sem nemandi þarf að hafa til að bera er löngunin til að læra. Ef nemandinn er gáfaður notar hann eitthvað af því sem ég kenni honum, ef hann er heimskur notar hann það allt."

Julio hefur riðið hestum allt sitt líf. Faðir hans var hestamaður og föðurbróðir hans er víðfrægur hestamaður og stofnandi bæði spænska reiðskólans Jerez á Spáni og konunglega reiðskólans í Portúgal. Það gerði Julio þó ekki auðveldara fyrir að komast að í skólanum sem þykir einn sá besti í heimi. „Þú getur aðeins komist að í skólanum ef einhver býður þér að koma þangað, það eru engin inntökupróf eða slíkt. Þar sem föðurbróðir minn var stofnandi skólans gat hann alls ekki boðið mér að koma því það hefði verið litið hornauga. Mér fannst ég sjálfur heldur ekki samboðinn skólanum og var mjög hissa og glaður þegar mér var boðið að koma þangað sem aðstoðarmaður eins knapans. Á þeim tíma var ég orðinn atvinnumaður í reiðmennsku en undi því glaður að eyða heilu ári í það að þjálfa hesta með því að láta þá hlaupa hringi í bandi," segir hann og kveikir í næstu rettu.

„Í reiðskólanum ríkir mikil hefð og strangar reglur. Hestarnir eru úr aðeins einni ræktun af Lusitano ætt sem einn af konungum okkar stofnaði fyrir fimm hundruð árum og nauðsynlegt er að hestarnir séu jarpir," segir Julio sem þurfti að klæðast sérstökum fötum alla daga. „Þetta voru ekki beint þægileg föt, hvítar buxur, hvít skyrta og rauður flauelsjakki. Þú getur ímyndað þér hversu sniðugt það er á veturna þegar maður er að þjálfa ungan hest og dettur í forina," segir Julio og hlær.

Eftir tólf ár fannst Julio þó nóg komið. „Mér fannst líf mitt komið í einstefnu. Ég ákvað því að hætta í skólanum og það var erfiðasta ákvörðun lífs míns því ég var að segja skilið við draum minn," segir Julio. Hann hefur ekki séð eftir ákvörðuninni enda segist hann hafa lært ótrúlega mikið af nemendum sínum sem flestir eru atvinnumenn sjálfir.

Julio dvelur stærstan hluta ársins erlendis. „Ég er heima í Portúal um fjóra til fimm daga í mánuði og eyði þá öllum mínum tíma með dætrum mínum tveimur," segir Julio og kveðst einarðlega hata ferðatöskuna sína en elska þá staði sem hann dvelur á. *solveig@frettabladid.is*

Julio ræðir aðferðir sínar við knapana Hafliða Halldórsson og Olil Amble.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON

Sjúkraþjálfun á hestbaki viðurkennd

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, undirritaði nýlega reglugerð sem felur í sér að framvegis mun Tryggingastofnun ríkisins taka þátt í kostnaði við nauðsynlega sjúkraþjálfun á hestbaki fyrir einstaklinga sem eru með skaða í miðtaugakerfi.

Undanfarið hefur verið gerð tilraun með að nota hesta við sjúkraþjálfun fatlaðra barna og hefur hún gefið góða raun. Þrátt fyrir það hefur þetta úrræði ekki fengið almenna viðurkenningu hér á landi fyrr.

Sjúkraþjálfun fatlaðra á hestbaki hefur gefið góða raun.

● KNAPAMERKIN eru stigskipt, bóklegt og verklegt kennsluefni sem henta fyrir hinn almenna hestamann og hafa verið samin með það fyrir augum að þau henti breiðum hópi nemenda. Allir aldurshópar frá 12 ára aldri geta nýtt sér námsefnið og tekið próf í því í samvinnu við reiðkennara. Námsefni Knapamerkjanna fjallar stig af stigi um grunnatriði í hestamennskunni.

Mikil alúð hefur verið lögð í hönnun Knapamerkjanna og að námsefnið sé notendavænt, markmið þess skýr og að það sé auðvelt og aðgengilegt til notkunar. Á vefsíðunni www.holar.is/knapamerki er hægt að kynna sér námsefnið, próf, námsmat og markmið. Námsefnið er gefið út af Háskólanum á Hólum og Helga Thoroddsen er höfundur.

● FAGUR FOLI Þessa fallegu mynd tók ljósmyndari Fréttablaðsins, Vilhelm Gunnarsson, þegar hann var staddur í Víðidal í vikunni. Myndin er af stóðhestinum Svaka frá Miðsitju sem var í fremstu röð í kynbótadómi á landsmóti síðasta sumar. Hann er nú í þjálfun hjá Sigurði V. Matthíassyni sem stefnir með hann í keppni og kynbótadóm í vor og sumar.

● STÓRSÝNING Í VÍÐIDAL Stórsýning hestamanna fer fram 5. maí í Reiðhöllinni Víðidal. Þar ber marga fallega gæðinga fyrir augu. Eftir sýninguna verður slegið upp balli í félagsheimili Fáks þar sem hljómsveitin Hunang leikur fyrir dansi.

● FORSÍÐAN á blaðinu er eftir breska ljósmyndarann Tim Flach. Myndina tók hann þegar hann var staddur hér á landi síðasta sumar en Flach sérhæfir sig í ljósmyndun dýra og vinnur nú að ljósmyndabók um hestategundir um allan heim.

FLOTT án fíknar!

Félagsskapur fyrir unglinga með heilbrigðan lífsstíl.

Það eru ekki ALLIR unglingar
sem reykja eða drekka áfengi.

Flott án fíknar er klúbbur fyrir unglinga sem vilja vera án tóbaks og vímuefna.

Er Flott án fíknar klúbbur þar sem þú býrð?

Takið þátt í samkeppni um bestu sjónvarpsauglýsinguna!

Upplýsingar eru á www.flottanfiknar.is og hjá Ungmennafélagi Íslands
í síma 568-2929 eða flottanfiknar@flottanfiknar.is

UMFÍ

LÝÐHEILSUSTÖÐ

EINN. TVEIR OG ÞRÍR 248.063

Sannkallaða líkamsræktarstöð fyrir hestana er að finna í Víðidalnum, hér er einn á hlaupabrettinu en það eykur úthald, bætir fet og byggir upp vöðva.

Arna Rúnarsdóttir leiðir hestinn um sundlaugina þar sem hann styrkir vöðva og eykur úthald. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eykur þol og byggir upp vöðva

Hestar stunda sund af kappi í sundlaugaraðstöðu í Víðidal.

„Viðtökurnar eru brjálaðar og mikið að gera. Við erum að frá sjö á morgnana til tíu á kvöldin," segir Arna Rúnarsdóttir sem á og rekur hestasundlaug Faxahesta í Víðidal ásamt eiginmanni sínum, Helga Leifi Sigmarssyni. Arna segir alls konar fólk koma með hesta sína, allt frá atvinnumönnum til áhugamanna. „Við erum til dæmis með fjóra hesta í sundi sem eru yfir tvítugt," segir Arna. Sundið, sem er nýtt af nálinni í þjálfun íslenska hestsins á Íslandi, þykir góð viðbót við þjálfun auk þess sem það er góð sjúkraþjálfun fyrir hesta sem orðið hafa fyrir meiðslum. Sundið hjálpar þannig til við að jafna misstyrk, styrkja bakvöðva, bæta yfirlínu og auka burð og styrk hestsins.

„Áhuginn hefur farið stigvaxandi alveg frá því að við opnuðum í nóvember og er það framar okkar björtustu vonum," segir Arna en í sundlaugina fara um fjörutíu hestar á dag. Þeir synda mislengi en fara eftir það undir hitalampa ef kalt er í veðri svo þeir þorni fyrr. Síðan er einnig boðið upp á að láta hestana ganga á sérútbúnu hlaupabretti. Því má segja að Faxahestar reki nokkurs konar heilsuræktarstöð fyrir hesta.

Arna býst við að töluvert verði um að vera í sundlauginni í sumar þó að flestir hestar séu í sumarhaga. Enda hefur sýnt sig að margir víla ekki fyrir sér að flytja hestana langar leiðir í sundið. „Hér koma hestar alla leið frá Hellu og Borgarfirði einu sinni í viku," útskýrir Arna glöð í bragði og snýr sér aftur að vinnunni.

solveig@frettabladid.is

Hlín Pétursdóttir, sópransöngkona og hestakona, er hér með Toppi, sem hún hefur í hesthúsi í Kópavoginum. Hlín hefur stundað hestamennsku frá barnæsku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ópera og hestamennska

Hlín Pétursdóttir óperusöngkona hefur stundað hestamennsku frá barnæsku og segist hvergi slaka eins vel á og í hesthúsinu.

„Þegar ég var lítil voru foreldrar mínir báðir atvinnumenn í hestamennsku og störfuðu við kennslu og tamningar, auk þess sem þau kepptu í greininni," segir Hlín sem ólst upp í Flóanum. „Ég var því alltaf í kringum hestana og var komin með delluna mjög snemma," bætir hún við.

„Hestarnir eru svo miklir vinir manns. Svo er þetta yndisleg útivera og góður félagsskapur. Ég tók líka eftir því í vetur að um leið og ég var komin í hesthúsið þá steinhætti ég að flýta mér.

Heima og í vinnunni er maður að drífa sig að öllu en þegar í hesthúsið er komið tekur við annar taktur." Hlín bjó erlendis í tólf ár og segir hestamennskuna aðallega hafa takmarkast við sumartímann þegar hún kom heim. „Ég skrapp reyndar stundum á bak úti, bæði á stórum hestum og íslenskum en það er ekki alveg það sama," segir hún en fyrstu tvö árin úti lærði hún söng og starfaði sem óperusöngkona í tíu ár, aðallega í Þýskalandi.

„Ég á átta hesta núna og er með tvo á húsi í Reykjavík. Tveir eru í tamningu og hinir eru bara trippi úti í haga," segir Hlín sem þjálfar hestana sína sjálf. „Ég læt samt frumtemja þá fyrir mig í dag, einfaldlega vegna þess að mér finnst ég vera komin úr æfingu."

sigridurh@frettabladid.is

HÁSKÓLANÁM Í HESTAFRÆÐUM

Sameiginleg námsbraut til BS-gráðu

Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands

NÝTT!

Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum bjóða sameiginlega upp á nýja námsbraut til BS prófs í hestafræðum frá haustinu 2007. Grunnfög raungreina og sérfög búvísinda og rekstrarfræða eru kennd á Hvanneyri en námskeið í sérhæfðum hestafræðum fara fram á Hólum. Í náminu er lögð áhersla á að skapa traustan þekkingargrunn á öllum sviðum hestafræða með sérstaka áherslu á *íslenska hestinn*.

Námið undirbýr fólk fyrir störf í atvinnugreininni, við rekstur hrossabúa og fyrir sérhæfða þjónustu, ráðgjöf og hvers kyns miðlun þekkingar við hrossaræktendur og hestamenn. Námið er einnig góður grunnur fyrir frekara nám á sviði hestafræða.

Nánari upplýsingar:

www.lbhi.is/bshestar

www.holar.is/bshestar

Umsóknarfrestur: 4. júní

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS · HÁSKÓLINN Á HÓLUM · HÓLASKÓLI

Reiðskóli - innritun hafin

Hver dagur er bland af skemmtun, áskorunum og ævintýrum.

Bjóðum upp á námskeið fyrir börn (6 - 16 ára) og fullorðna, byrjendur og lengra komna. Menntaður reiðkennari sér um alla kennslu. Öllum barna og unglinga námskeiðum lýkur með sýningu og tveggja vikna námskeiðum lýkur einnig með prófi.

Ný upplifun...

ÍS HESTAR

Hestamiðstöð Íshesta í Hafnarfirði - fyrir alla, alla daga vikunnar.

Fjölskyldudagar og ferðir

Allir sunnudagar eru fjölskyldudagar hjá Íshestum. 50% afsláttur í klst ferð kl. 15:00, teymt undir börnum kl. 16:00 - 17:00. Okkar sívinsæla hraunferð er í boði þrisvar á dag. Þá erum við einnig með ferðir fyrir vana. Kaffi og kökur í Jósölum. Allir velkomnir.

Kúreka fjör

Upplifðu alvöru kúrekaævintýri. Heitasta ferðin í dag, tökum vel á móti stórum sem smáum hópum. Tugir þúsunda manna hafa stigið línudansinn í hlöðunni, keppt í skeifukasti og skvett úr hófunum í kúrekastuði. Ætlar þú að bætast í hópinn?

Jósalir veitingastaður

Athvarf í erli dagsins.

Jósalir er veitinga- og kaffistaður í Hestamiðstöðinni. Allt í kring eru fallegar gönguleiðir og tilvalið að kíkja inn, alltaf heitt á könnunni og léttar veitingar. Fullbúinn bar er á staðnum og alltaf opið í hádegismat. Mjög vinsæll veislusalur til leigu. Tilvalið fyrir fermingar, brúðkaup og einnig námskeið og fundi.

Íshestar, Sörlaskeiði 26, Hafnarfirði - sími: 555 7000 - www.ishestar.is - info@ishestar.is

Nemendur útskrifast með sameiginlega gráðu frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og Háskólanum á Hólum.

BS-nám í hestafræðum

Hestafræði heitir ný sameiginleg námslína Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Háskólans á Hólum og hefst kennsla í haust. „Námið brýtur blað í íslenskri háskólasögu því þetta er í fyrsta sinn sem tveir háskólar bjóða upp á sameiginlega námsbraut þar sem nemendur útskrifast með sameiginlega prófgráðu," segir Þorvaldur Kristjánsson, kennari á Hvanneyri. Hann segir að undirbúningur hafi staðið yfir síðastliðið ár.

Námið er á BS-stigi og tekur þrjú ár. Fyrstu tvö árin eru tekin á Hvanneyri og það síðasta á Hólum. „Á Hvanneyri er námsefnið að mestu bóklegt og byggist á raungreinum. Þar er grunnurinn lagður," útskýrir Þorvaldur sem sjálfur kennir hrossarækt og kynbótafræði. Fyrsta árið byggist að mestu á búvísindabraut sem hefur verið við lýði í skólanum í áraraðir. „Þá eru einnig sérfög um búvísindi og bútækni, fóðurverkun og kynbótafræði," segir Þorvaldur. Eftir fyrstu vorönnina er haldið mánaðarnámskeið á Hólum í reiðmennsku og sögu hestsins. Verður það kennt á ensku og boðið sem valáfangi fyrir nemendur erlendra skóla. Að öðru leyti verður lögð megináherslan á sérhæfðar hestafræðigreinar og reiðmennsku á þriðja ári sem fram fer á Hólum.

Þorvaldur Kristjánsson, kennari á Hvanneyri, segir mikinn áhuga á námi í hestafræðum.

Inntökuskilyrði í námið eru stúdentspróf og einnig þarf að þreyta stöðupróf í reiðmennsku sem Þorvaldur segir ekki mjög stíft. „Fólk verður þó að hafa kynnst hestinum og hafa jafnvægið nokkurn veginn í lagi. Við getum ekki tekið fólk í þetta nám sem aldrei hefur komið á hestbak."

Ástæðan fyrir því að boðið er upp á þetta nám er margþætt að sögn Þorvaldar. „Í fyrsta lagi vildum við sameina krafta beggja stofnana og í öðru lagi hefur áhuginn á íslenska hestinum aukist mikið bæði hér á landi og erlendis," segir Þorvaldur. Búist er við erlendum nemendum strax í haust. Þorvaldur segir mikinn áhuga vera á náminu og hafi þó nokkrir sótt um. Umsóknarfrestur rennur þó ekki út fyrr en í byrjun júní.

Feðgin á Hólum. Þórir situr hér hryssu úr sinni ræktun, Rán frá Lækjamóti, og Sonja situr Dagrós frá Stangarholti. FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLRÚN HARÐARDÓTTIR

Feðginin saman á skólabekk

Feðginin Þórir og Sonja stunda bæði nám við hestadeild Hólaskóla, hann á þriðja ári og hún á fyrsta.

Þórir Ísólfsson er aldursforsetinn í hrossadeild Hólaskóla. „Mér skilst á kunnugum að ég sé sá elsti sem hef innritast í þetta nám," segir Þórir glaðlega. Þótt þetta sé hans fyrsta ár í skólanum stundar hann nám með nemum á þriðja ári. „Tamningamenn með mikla reynslu komast beint á þriðja ár að undangengnum inntökuprófum," útskýrir Þórir sem fór í prófin í haust og byrjaði í skólanum eftir áramót. „Svo klára ég í vor ef guð lofar," segir hann glettinn.

Þórir hefur starfað við hestamennsku í árafjöld og temur, þjálfar og ræktar hesta á bæ sínum Lækjamóti í Víðidal í Húnavatnssýslu. Þrátt fyrir mikla reynslu fannst honum kominn tími á að læra meira. „Hestamennskan er á engan hátt ólík öðrum greinum. Mikil þróun hefur átt sér stað og full þörf á endurmenntun."

Þórir segir fullt starf að vera í skólanum enda um krefjandi nám á háskólastigi að ræða. Því býr hann á meðan á Hólum hjá dóttur sinni Sonju og kærastanum hennar, en Sonja er sjálf á fyrsta ári á hrossabraut Hólaskóla. „Mér finnst indælt að vera í sama skóla og Sonja. Við erum nú ekki í sama bekk en í mjög tengdu námi," segir Þórir en námið og hestamennskan eru mikið rædd á heimili þeirra feðgina. „Ég bý vel að því að eiga þau að enda þarf ég hjálp við ýmislegt eftir svona langa fjarveru frá skólabekk," segir Þórir og hlær.

Þórir telur sig hafa lært ótrúlega mikið á þeim tíma sem hann hefur dvalið í skólanum og margt hafi komið sér á óvart. „Hér byggist þjálfun hestanna upp á hugmyndafræði sem snýst að forsendum hestsins og það hefur komið mér á óvart hvað það virkar gríðarlega vel. Þar sannast máltækið „Betur vinnur vit en strit," segir Þórir.

Honum þykir námið vel skipulagt og kennararnir á hrossaræktarbraut frábærir á sínu sviði. „Það eru forréttindi fyrir hestamenn, á hvaða aldri sem þeir eru, að vera í þessu námi." *solveig@frettabladid.is*

● **HNAKKAHÖNNUN** verður til umræðu á fræðslufundi sem haldinn verður hjá hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði í kvöld klukkan 19.00. Fyrirlesari er Kari Anne frá Noregi sem er lærður hnakkaformfræðingur frá Bretlandi. Hún veit því hvernig hanna þarf hnakk miðað við byggingu hestsins.

Allir eru velkomnir en aðgangseyrir er 1.000 krónur.

Spónakögglar - einfaldlega besti undirburðurinn!



Ein rúmmálseining af ABM dregur í sig jafnmikið og 9 einingar af hefðbundnum spæni.

EAGLE VALLEY ABM

LÍFLAND
Lynghálsi 3 • Sími: 540 1125
www.lifland.is

VIÐ ERUM GÓÐIR Í HESTHÚSUM!

Smíðum innréttingar jötur, hnakka og beyslis statíf og fleira í hesthús, allt úr ryðfríu stáli
Hönnum teiknum og sjáum um uppsetningar

Króm & Stál ehf

Hvaleyrarbraut 2, Hfj
S. 565 2546, 863 2548

VON Á GÓÐU SUMRI!

Vandaður frístunda- og útivistarfatnaður frá Dynjanda gerir sumarið enn betra.

1251

HETTUPEYSA

VERÐ kr. 3.548.-

Hettupeysa með rennilás

LAVVO JAKKAR

VERÐ kr. 13.478.-

Frábær útivistarfatnaður, með öndun og er vind- og vatnsheldur.

LAVVO BUXUR

VERÐ kr. 9.199.-

Frábær útivistarfatnaður, með öndun og er vind- og vatnsheldur.

1799

SOFT SHELL JAKKI

VERÐ kr. 8.471,-

Léttur jakki sem andar og hrindir frá sér vindi og vatni.

WI 565

GÖNGUSKÓR

VERÐ kr. 7.916,-

Góðir gönguskór með Mer-Tex öndun og Vibram sóla

WI 568

GÖNGUSKÓR

VERÐ kr. 15.836,-

Sérlega vandaðir leðurskór með Sympatex öndunar-filmu og Vibram sóla

Skeifan 3 108 Reykjavík Sími 588 5080 www.dynjandi.is

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Hannaðu þinn eigin sófa

Láttu drauminn rætast og hannaðu sófann sem þig hefur lengi dreymt um. Möguleikarnir eru nánast óendanlegir.



Verðdæmi
2,5 sæti, 2 Cajun armar, 4 Tapered fætur frá kr. 81.620
Skemill, 4 Tapered fætur frá kr. 25.820

LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is

upp á kennara líða illa. Kennarar eru með léleg laun og það er í raun til skammar. Ábyrgðin liggur hjá ríkisvaldinu, sveitarfélögunum og ekki síður hjá kennaraforystunni. Það eru þessir aðilar sem eiga að stíga fram og leita leiða til að bæta hag kennara. Nú tala ég líka sem foreldri því fyrir okkur er ekkert mikilvægara en góðir kennarar. Það þarf ekki að segja okkur hversu dýrmætt það er fyrir þjóðina að hafa góða kennara. Ég tók þennan tíma sem verkfallið stóð inn á mig, mér fannst vont að geta ekki komið með þessa töfralausn sem hefði virkað."

Smekkur til hins verra

Þorgerður Katrín þykir vera afar glæsileg kona og er einatt á listum yfir kynþokkafyllstu konur landsins. Nú síðast í Sirkus í síðustu viku þegar hún var kosin kynþokkafyllsta alþingiskonan af álitsgjöfum blaðsins. Skiptir þetta máli fyrir hana?

„Þetta skiptir mig engu máli. Mér finnst þetta aðallega skondið, svolítið skondið og svolítið gaman en það er greinilegt að smekkur landans er eitthvað að breytast til hins verra," segir Þorgerður Katrín og hlær. Hún segist þó vel geta tekið undir þetta með Bjarna Benediktsson sem var kosinn kynþokkafyllsti alþingismaðurinn.

„Ég held að það geti allar konur tekið undir það. Það er ekki bara að hann hafi þessa útgeislun og þennan þokka heldur er hann líka skarpur, skemmtilegur og tekur sjálfan sig mátulega alvarlega. Ég lít samt fyrst og fremst á kosningar sem þessar sem skemmtiefni og eru hugsaðar sem söluvara en ekki til að taka mjög alvarlega. Þetta gerir fólk forvitið og truflar mig ekki. Í það minnsta á meðan það truflar ekki börnin mín."

„ÞAÐ ER AFSKAPLEGA GEFANDI AÐ VERA TVÖ EIN, TALA SAMAN OG ÞEGJA SAMAN. MÉR FINNST GOTT AÐ VERA Í ÞÖGNINNI OG LESA."

PASSA UPP Á SAMBANDIÐ Þorgerður Katrín og eiginmaður hennar, Kristján Arason, passa upp á að rækta sambandið þrátt fyrir miklar annir.

Tími til kominn að stækka við sig

Þorgerður Katrín og Kristján keyptu glæsilegt einbýlishús í Mávahrauni seint á síðasta ári en búa enn á Tjarnarbrautinni sem þau hafa átt frá því að Kristján kom heim úr atvinnumennsku árið 1990.

Stærri íb. og sérh. — Básbryggja - Rvk.

Mjög góð 5 herbergja 126,4 fm íbúð á tveimur hæðum. Íbúðin er á 3. hæð (efstu) í nýlegu fjölbýli í Bryggjuhverfi. Baðherbergi er á báðum hæðum, flísalögð. Mikil lofthæð. Stórir gluggar gefa íbúðinni skemmtilegt yfirbragð. Íbúðin er laus við kaupsamning.
Verð 33,5 millj.

Stærri íb. og sérh. — Kólguvað - Norðlingaholti

Tvær 4ra herbergja.127,5 fm neðri sérhæðir. Aðeins 7 hús í götunni. Íbúðirnar skilast tilbúnar til innréttingar. Lóð verður frágengin þó án sólpalls. Hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Stuttur afhendingatími.
Verð 29,5 millj. hvor eign.

Rað- og parhús — Fellasmári - Kóp.

Einstaklega vandað og snyrtilegt 147,2 fm raðhús á einni hæð með innbyggðum 24,1 fm bílskúr með glæsilegum garði og flottu útsýni innarlega í lítilli og sérlega fallegri botnlangagötu í Smárahverfi Kópavogs. Örstutt í alla verslun og þjónustu. Góð aðkoma, engar tröppur eða pallar. Glæsileg eign fyrir vandláta.
Verð 44,9 millj.

2 herbergja — Sogavegur - Rvk.

Björt og góð 2ja herb. íbúð í Sér inngangur í 48,4. fm bjarta íbúð á jarðhæð. Anddyri með dúk á gólfi. Baðherbergi með dúk á gólfi, góð innréttingu og vaskur í borði, skápur á vegg, sturta. Eldhús með hvítri og beyki innréttingu, parket á gólfi. Stofa með parketi á gólfi. Svefnherbergi með dúk á gólfi. Panill í flestum loftum. Þvottahús og geymsla. **Verð 12,9 millj.**

Lindarvað 2-14 Norðlingaholti

- **Nýtt á skrá**
- 127,5 fm 4ra herbergja sérhæðir í tvíbýlishúsum.
- Bílskúr fylgir efri hæðunum.
- Fullbúnar að utan og tilbúnar til innréttingar að innan.
- Hitalagnir í gólfi.
- Að utan er húsið steinað í ljósum lit.
- Lóðin fullbúin.
- Bílaplan og aðkoma hellulögð.

Lækjarvað 15 – 25 110 Reykjavík

- Glæsilegar sérhæðir
- Bílskúr fylgir efri hæðum
- Tilbúnar til inréttinga
- Þvottahús innan íbúðar
- Sérgarður fyrir báðar hæðir
- Hús fullbúið að utan og lóð frágengin

AÐEINS TVÆR HÆÐIR EFTIR

OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is

Kaffivélar
á ótrúlegu verði

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

9.990kr
GOTT VERÐ

Philips Senseo kaffivél
HD7810SV
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa
- Svört, hvít, blá

17.990kr
GOTT VERÐ

Philips Senseo kaffivél HD7830
- 1450w Senseo kaffivél
- LCD skjár
- Hægt að stilla hve mikið vatn fer í bollann
- Lætur vita hvenær þarf að afkalka vélina
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Stillanleg hæð á stúti
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa

13.990kr
GOTT VERÐ

Philips Senseo kaffivél HD7822
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Stillanleg hæð á stúti
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa
- Litur: Svört

11.990kr
GOTT VERÐ

Philips Senseo kaffivél HD7812TI
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa
- Litur: Silfur

49.990kr
Verð áður 59.990,-

DeLonghi espressó kaffivél EAM3200
- Fullkomin 1,8l espressó kaffivél með kaffikvörn
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Tekur líka malað kaffi
- Hægt að stilla hve fín mölunin er
- Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- Cappucino system - Blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino

29.990kr
GOTT VERÐ

Ariete espressó kaffivél DM131621
- Fullkomin 2,2l espressó kaffivél með kaffikvörn
- 1100w
- 15 bar
- Innbyggð 300 g kaffikvörn
- 2l vatnstankur
- Hægt að stilla hve fín mölunin er

Gildir til 3. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Rétt og rangt ölvunarakstur

UMRÆÐAN
Umferðaröryggi

Vikuna 23.-29. apríl stendur yfir Alþjóðleg umferðaröryggisvika Sameinuðu þjóðanna. Umferðarslys eru eitt stærsta heilbrigðisvandamál sem heimurinn stendur frammi fyrir samkvæmt mati WHO, heilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Að fækka umferðarslysum er á margan hátt auðveldara en að vinna bug á mörgum þeim sjúkdómum sem leggja jafn marga eða fleiri að velli en umferðarslys. Mikilvægt skref í rétta átt er breytt viðhorf vegfarenda.

Finnst þér í lagi að t.d. flugumferðarstjóri, barnaskólakennari eða tannlæknir neyti áfengis í starfi sínu? Við erum ekki að tala um eitthvert fyllerí heldur að þeir dreypi á aðeins einu glasi í starfi sínu. Er það í lagi? Þessi spurning er sett fram í nýjum auglýsingum Umferðarstofu og Vínbúða sem sjá hefur mátt í fjölmiðlum undanfarið.

50 þúsund Íslendingum (samkv. viðhorfskönnun US og Ríkislögreglustjóra) finnst í lagi að aka bifreið eftir að hafa neytt eins áfengs drykkjar. Er sú ábyrgð eitthvað minni? Getur verið að það gæti einhvers misskilnings eða skeytingarleysis í afstöðu okkar til ölvunaraksturs?

Við skulum skoða nokkrar algengar ranghugmyndir varðandi ölvunarakstur:
1) Ég er nýbúinn að borða svo mikið þannig að mér er óhætt að keyra.
2) Ég drakk svo lítið.
3) Það er í lagi að keyra því það er svo langt síðan ég drakk síðasta drykkinn.
4) Ég er að fara svo stutta vegalengd.
5) Ég keyri hvort eð er hægt og varlega.

Þetta eru nokkrar af algengum ranghugmyndum sem ökumenn hafa þegar þeir, skertir athygli og viðbragðsflýti, setjast undir stýri og aka undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt umferðarlögum má enginn vera undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis. Ef lögregla mælir áfengi í öndunarprófi ökumanns hefur hún heimild til að banna viðkomandi að halda áfram akstri jafnvel þótt magn áfengis mælist undir refsimörkum sem eru 0,5‰. Þetta undirstrikar það að eftir einn drykk má ekki aka!

Áfengi lengir viðbragðstíma ökumanns og dregur úr hæfni hans til að bregðast rétt við aðsteðjandi hættu. Einnig minnkar hæfileikinn til að meta fjarlægð og hraða rétt. Sjónsvið þrengist. Ökumaður á erfiðara með að meta hættur í jaðarsjónsviði og getur því ekki brugðist eins örugglega við þeim.

En skoðum þessar ranghugmyndir sem minnst var á hér að framan.

EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

1) Það að borða ofan í neyslu áfengis dugar skammt. Matur í maga dregur það lítið úr áhrifum að þrátt fyrir neyslu staðgóðrar máltíðar skaltu gera ráð fyrir því að áfengið hafi letjandi áhrif á athygli þína og dómgreind.

Finnst þér í lagi að t.d. flugumferðarstjóri, barnaskólakennari eða tannlæknir neyti áfengis í starfi sínu? Við erum ekki að tala um eitthvert fyllerí heldur að þeir dreypi á aðeins einu glasi í starfi sínu. Er það í lagi?

2) Það þarf ekki nema einn drykk til að hafa áhrif á getu þína til að aka og á hæfni þína til að bregðast við hættu.
3) Það þarf að vera liðinn langur tími frá því að þú neyttir áfengis til að þú getir verið viss um að áhrifanna gæti ekki lengur. Það getur borgað sig að bíða í allt að sólarhring, allt eftir því hve mikils er neytt.
4) Komið hefur í ljós að flest slys eiga sér stað innan við 3 km frá upphafsstað.
5) Það skiptir litlu þótt þú vandir þig við aksturinn því dómgreind þín og öll sú hæfni sem þarf að vera í lagi við akstur er skert. Sama hvað þú vandar þig.

Segjum að ölvaður ökumaður sé á 90 km hraða. Ef viðbragðstími hans lengist um eina sekúndu vegna þess að hann hefur neytt jafnvel lítils magns áfengis þá er bifreiðin búin að fara u.þ.b. 25 metrum lengra en ef viðbragð ökumannsins hefði verið óskert. Þessir metrar geta skilið á milli feigs og ófeigs.

Ef þú ferð út á lífið með vinum þínum, fáðu þá hópinn til að tilnefna einhvern ábyrgan ökumann úr hópnum. Sá tekur að sér að koma þeim sem neytt hafa áfengis á áfangastað. Svo er bara að láta einhvern annan gegna þessu hlutverki næst. Vitanlega er einnig hægt að taka leigubíl, strætó eða fá far með einhverjum.

Ef þú átt þátt í umferðarslysi og það mælist áfengi í blóðinu áttu það á hættu að tryggingarfélagið geri þig ábyrgan fyrir öllu tjóni sem af hegðun þinni hlýst – jafnvel þótt mælanlegt magn áfengis sé mjög lítið. Þetta getur gerst jafnvel þótt þú hafir ekki valdið slysinu.

Meðalfjöldi þeirra sem slasast alvarlega og látast í umferðarslysum á Íslandi af völdum ölvunaraksturs eru 15 manns á ári. Ölvunarakstur telst ekki til mannlegra mistaka. Einstaklingur sem veldur umferðarslysi vegna ölvunar þarf að bera byrðar vítaverðs kæruleysis alla sína ævi.

Höfundur er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

www.icelandexpress.is/kaupmannahofn

Kíktu til Køben!

Kaupmannahöfn

Í Kaupmannahöfn finnurðu allt sem góðri heimsborg sæmir. Úrval verslana á Strikinu er endalaust og þar blandast poppmenning og hátíska í skemmtilegum bræðingi.

Bragðlaukarnir fá sitt í Nýhöfn á huggulegum kaffihúsum og svo er bara að halda áfram, því Tívolíið bíður og enginn fer til Kaupmannahafnar án þess að kíkja þangað.

Lousiana-nýlistasafnið, Glyptoteket, Nationalmuseet, Vega, veitingahúsin á Vesterbro, Hviid's Vinstue og allar djassbúllurnar fullkomna svo frábæra ferð til Kaupmannahafnar!

Bókaðu ódýrt fargjald til Kaupmannahafnar á www.icelandexpress.is

VERÐ FRÁ: 7.995 kr. Aðra leið með sköttum.
BÖRN: 50% Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.
Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 www.icelandexpress.is
Iceland Express

Orka á tombóluprís

UMRÆÐAN
Orkuverð

ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR

Orkuverð til stóriðju á Íslandi er leyndarmál. En hvers vegna er því haldið leyndu? Getur verið að orkuverðið sé algerlega óviðunandi og niðurgreitt af almenningi og íslenskum iðnaði?

Í Brasilíu eru báxítnámur sem súrál er unnið úr og hráefnið því á staðnum. Flutningskostnaður er nær enginn og mengun vegna flutninga í lágmarki.

Til Íslands þarf að flytja hráefnin um hálfan heiminn jafnvel alla leið frá Ástralíu, með kostnaði og mengun.

Í Brasilíu er launakostnaður miklu lægri en á Íslandi og því allar framkvæmdir ódýrari.

Í Brasilíu eru risastór vatnsorkuver svo álið þar er líka framleitt með vatnsorku. Í raun er í Suður-Ameríku notuð meiri vatnsorka í álbræðslur en hægt væri að framleiða á Íslandi með því að virkja hvern einasta læk og hver. Ólíkt því sem ráðamenn á Íslandi hafa haldið fram, er meirihluti áls í heiminum framleitt með vatnsorku eða annarri endurnýjanlegri orku.

Hvort skyldi vera ódýrara að framleiða ál á Íslandi eða í Brasilíu ef orkuverðið er undanskilið?

Hvort skyldi vera umhverfis

Til að vinna upp flutningskostnað hráefnis og gríðarlegan mun á launakostnaði við byggingu virkjana, álvera og rekstur þeirra verður orkuverðið á Íslandi að vera lágt. Svo lágt að fjárfestingin borgi sig fyrir álrisana. Það er því ljóst að íslensk orkufyrirtæki eru að undirbjóða þróunarlönd í orkuverði og valda um leið meiri mengun með hráefnaflutningi yfir hálfan heiminn. Sá eini sem græðir til lengri tíma litið er stóriðjan, erlend fyrirtæki sem fá orkuna á útsölu og arðurinn rennur til útlanda. Ekki má heldur gleyma því að náttúran sem lendir á höggstokki orkuútsölunnar er ekki metin til verðs heldur fylgja ómetanleg náttúruauðæfi með í kaupbæti. Álver í Helguvík, Húsavík og Þorlákshöfn eru enn öll á dagskrá stjórnarflokkanna, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, sem áfram vinna að því að færa auðlindir landsins, þjóðargersemi, sameign okkar allra, erlendum stórfyrirtækjum á silfurfati. Á meðan blæðir öðrum iðnaði, garðyrkjubændum og almenningi á Íslandi. Er ekki mál að linni?

Jafnvel ein og sér er náttúra Íslands mikils virði og hægt er að nýta hana á margvíslegan hátt. Að nýta náttúruna til orkuöflunar er ein leið og þá með hámarksarðsemi enda er auðlindin ekki óþrjótandi.

Nú er lögð áhersla á hversu hagstætt sé að virkja jarðvarma til stóriðju. Vissulega er jarðvarmi endurnýjanlegur en vatnið sem verið er dæla upp var þúsundir ára að seytla niður í berggrunninn og hitna. Árið 1930 voru heitar laugar á yfirborði í Reykjavík en nú þarf að sækja vatnið á mörg hundruð metra dýpi. Enginn veit hversu miklu heitu vatni má dæla upp í jarðvarmavirkjunum á Reykjanesskaganum. Ef vatninu er dælt of hratt endurnýjast auðlindin ekki sem skyldi og gæti valdið skorti á heitu vatni. Þess vegna eigum við að verja næstu árum í að rannsaka og læra á nýtingu jarðvarmans á þeim svæðum sem við notum nú þegar til orkuvinnslu. Þá fyrst vitum við hvernig best má nýta jarðhitann og sú þekking er verðmæt útflutningsvara.

Hvað varðar vatnsaflsvirkjanir gildir það sama, það er aldrei þess virði að sökkva stórum svæðum fyrir stundargróða fárra á kostnað framtíðarinnar.

Við verðum að umgangast auðlindir landsins af varúð og virðingu. Leyfum ám og vötnum að renna til sjávar uns þörfin fyrir orku þeirra er brýn nauðsyn fyrir þjóðarhag. Látum Kerlingarfjöll, Grændal, Torfajökulssvæðið og öll hin jarðhitasvæðin sem enn eru ósnortin njóta vafans því fegurð þeirra og fjölbreytileiki er auðlegð.

Höfundur skipar 1. sæti Íslandshreyfingarinnar í Suðurkjördæmi.

NEXT

Kringlunni sími 551 3200

ULYSSES S. GRANT FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1822

„Ég hef aldrei verið stuðningsmaður þess að fara í stríð, nema því sé ætlað að koma á friði.“

Átjándi forseti Bandaríkjanna og hershöfðingi í borgarastyrjöldinni fæddist þennan dag fyrir 185 árum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 4977 FYRIR KRIST

Sköpun alheimsins

Á þessum degi árið 4977 fyrir Krist var alheimurinn skapaður að mati þýska stjörnufræðingsins Jóhannesar Kepler, sem hefur verið talinn upphafsmaður nútímavísinda.

Kepler, sem fæddist 27. desember 1571, er þekktastur fyrir kenningar sínar um hreyfingar reikistjarna. Í háskólanámi sínu rannsakaði hann kenningar Kópernikusar um staðsetningu reikistjarnanna í sólkerfinu. Kópernikus hélt því fram að sólin en ekki jörðin væri miðpunktur sólkerfisins og vakti sú kenning vitaskuld gríðarlega athygli á sínum tíma.

Árið 1609 setti Kepler fram fyrstu kenningar sínar um hreyfingar reikistjarnanna. Þær voru ekki álitnar merkilegar frekar en aðrar kenningar hans á meðan hann var á lífi en þær áttu síðar eftir að hafa mikil áhrif á enska stærfræðinginn Sir Isaac Newton og kenningar hans um þyngdaraflið. Kepler gerði einnig mikilvægar rannsóknir á því hvernig mannsaugað hegðar sér, auk þess sem hann hafði sín áhrif á heim stærðfræðinnar.

Hvað varðar kenningu hans um sköpun alheimsins hröktu vísindamenn hana síðar meir með kenningunni um stóra hvell. Munaði þar 13,7 milljörðum ára á útreikningunum.

REIKISTJARNA Kenningar Keplers um hreyfingar reikistjarna hafa haft mikil áhrif á aðra vísindamenn.

MERKISATBURÐIR

1915 Gullfoss leggur af stað til New York og kemur þaðan mánuði síðar. Hann er fyrstur íslenskra skipa með íslenskum skipstjóra og áhöfn til að sigla milli Íslands og Ameríku síðan á dögum Leifs heppna.

1941 Breski herinn handtekur tvo ritstjóra Þjóðviljans og blaðamann, flytur þá til Bretlands þar sem þeir voru í haldi í þrjá mánuði fyrir að æsa upp verkamenn gegn Bretum.

1957 Guðmundur Guðmundsson heldur sína fyrstu sýningu á Íslandi 24 ára gamall. Listamaðurinn tók síðar upp nafnið Erró.

1994 Nixon, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, er jarðsettur í Kaliforníu.

SEXTUGSAFMÆLI Rarik ohf. fagnar sextíu ára afmæli Rafmagnsveitna ríkisins með málþingi í Salnum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afmæli RARIK

Rafmagnsveitur ríkisins fagna 60 ára afmæli með afmælismálþingi í dag. Yfirskrift málþingsins er Rafmagn í fortíð, nútíð og framtíð. Það hefst að loknum aðalfundi RARIK ohf. og er öllum opið. RARIK ohf. tók til starfa 1. ágúst 2006, þegar það tók við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, sem höfðu starfað frá 1. janúar 1947. Í fréttatilkynningu frá Rarik segir: „Blásið er til málþingsins nú til þess að fagna stórafmælinu, minnast sögu RARIK og horfa til framtíðar með nýju rekstrarformi.“

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra opnar málþingið með ávarpi. Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins, flytur erindi um breytt viðhorf til auðlinda og eignarréttar. Þá fjallar Sveinn Þórðarson sagnfræðingur um sögu rafmagns hér á landi síðustu 100 ár. Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, segir frá því þegar rafmagn kom á æskuheimili hennar. Steinunn Huld Atladóttir ræðir að lokum umhverfisstefnu fyrirtækisins.

Málþingið fer fram í Salnum í Kópavogi og hefst klukkan 14 í dag.

ÍSLENSK FRÆÐI Í UPPGANGI Þórður Ingi Guðjónsson, formaður Félags íslenskra fræða, segist hafa lagt sérstaka áherslu á að gefa ungu fólki tækifæri á rannsóknarfundum vetrarins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ÞÓRÐUR INGI GUÐJÓNSSON: FÉLAG ÍSLENSKRA FRÆÐA 60 ÁRA

Félag stofnað af eldmóði

Félag íslenskra fræða fagnar 60 ára afmæli sínu í dag. „Félagið var stofnað 27. apríl 1947. Þá var lýðveldið enn kornungt, og mikill eldmóður og bjartsýni í hugum fólks,“ sagði Þórður Ingi Guðjónsson, formaður félagsins. Á meðal stofnenda félagsins voru margir þjóðkunnir menn, á borð við Kristján Eldjárn, Sigurð Nordal, Ásgeir Blöndal Magnússon og Einar Ólaf Sveinsson. Að sögn Þórðar var upphaflegur tilgangur þess tvískiptur. „Fyrst og fremst var félaginu ætlað að vinna að vexti og uppgangi íslenskra fræða og skapa vettvang fyrir umræður um þau. Það er eiginlega megintilgangur okkar í dag,“ útskýrði Þórður. Hins vegar átti Félag íslenskra fræða að vera hagsmuna- og réttindafélag fyrir félagsmenn, en Þórður segir aðra hafa tekið við því starfi í dag. Til íslenskra fræða teljast helst bókmenntir, málfræði og sagnfræði, sem Þórður segir félagið reyna að gera jafn hátt undir höfði.

Stjórnin sem tók við í október á síðasta ári setti sér nokkur markmið fyrir afmælisárið, að sögn Þórðar. „Það var í fyrsta lagi að endurskoða lög félagsins. Svo héldum við afmælismálstofu á hugvísindaþingi við Háskólann í mars, sem var mjög vel sótt,“ sagði hann. „Að lokum langaði okkur að gefa félaginu eitthvað í tilefni af þessum tímamótum, og við ákváðum að það yrði merki,“ sagði Þórður. „Öll virðuleg félög verða náttúrlega að eiga merki,“ bætti hann sposkur við. Mikil leynd hvílir þó enn yfir merkinu, en það verður afhjúpað á afmælisfögnuði félagsins sem hefst klukkan 17.15 í Skólabæ í kvöld.

„Þar ætlum við líka að taka nýja heimasíðu félagsins formlega í notkun. Svo verða stuttir og léttir ræðustúfar og við heiðrum nokkra félagsmenn,“ sagði Þórður. Afmælisfögnuðurinn rekur þar með smiðshöggið á vetrardagskrá félagsins, sem heldur á ári hverju rannsóknarfundi jafnt og þétt yfir vetrarmánuðina. „Það er einn af föstu punktunum hjá félaginu. Í vetur lögðum við áherslu á að gefa ungu fólki tækifæri. Það gafst mjög vel, það eru margir ungir fræðimenn að gera spennandi hluti,“ sagði Þórður.

Afmælishátíðin er fyrst og fremst ætluð félagsmönnum og velunnurum félagsins. „Þeir taka það til sín sem eiga,“ sagði Þórður sposkur.

sunna@frettabladid.is

†

Útför föður okkar, tengdaföður, afa, langafa, bróður og mágs,

Skúla Þórðarsonar

fer fram frá Akraneskirkju 30. apríl kl. 14.00.

Bragi Skúlason
Hrafnhildur Skúladóttir
Hafdís Skúladóttir
Sigríður Birna Bragadóttir
Ámundi Steinar Ámundason
Hafdís Anna Bragadóttir
Sara Skúlína Jónsdóttir
Arnar Ólafsson
Skúli Bragi Magnússon
Bragi Þórðarson
Birgir Þórðarson
Hilmar Þórarinsson
Anna Þuríður Kristbjörnsdóttir
Ólafur Jón Guðmundsson
Magnús Árnason
Sigurjón Þorsteinsson
Hrafnhildur Vala Grímsdóttir
Grímur Arnar Ámundason
Arnar Már Símonarson
Árni Þórður Magnússon
Elín Þorvaldsdóttir
Ása Gústavsdóttir

†

Við þökkum innilega öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Soffíu Jóhannsdóttur
frá Skálum á Langanesi.

Sérstakar þakkir viljum við senda starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

Guðbjörg Nielsen
Fróði Indriðason
Kristján Indriðason
Kristín María Indriðadóttir
Guðmundur Hólm Indriðason
Ragnar Indriðason
Birgir Indriðason
Rut Indriðadóttir
Kári Nielsen
Leena Janus
Kristinn Óskarsson
Aðalheiður Daníelsdóttir
Pétur Bolli Jóhannesson

Ástkær dóttir mín, systir, mágkona og frænka okkar,

Ingibjörg Lovísa Sæunn Jónsdóttir

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Reykjavíkur 24. apríl síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 4. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag vangefinna.

Margrét Kr. Sigurpálsdóttir
Jón Veigar
Jóhanna María
Linda Líf
og aðrir aðstandendur.
Ragnhildur Þórðardóttir
Smári Karlsson
Guðmundur Helgason

†

Bróðir minn elskulegur,

Herbert Ólafsson
húsvörður,

lést 25. apríl síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut.
Útförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Karitas Laufey Ólafsdóttir.

NÝTT LÍF ER KOMIÐ ÚT!

4
SÆTUSTU SYSTUR LANDSINS – AGNES, SVAVA, BERGLIND OG KRISTÍN JOHANSEN

23
SÍÐUR UM TÍSKU OG LÍFSSTÍL

3
STRÁKAR FARA Á TRÚNÓ

10
LEIÐIR TIL AÐ TÆKLA TENGDÓ

5
SÍÐUR UM FEGURÐ OG FÖRÐUN

1
EGG GETUR ÖLLU BREYTT

10
LYKILFLÍKUR FYRIR SKRIFSTOFUNA

12
MANNA HEIMILI HJÁ SÍGAUNUM Í KÓSÓVÓ

DYNAMO REYKJAVÍK

Símaskraut fylgir frítt með!

Johansen-systurnar, draumkenndur tískuþáttur, frönsk innanhúss-hönnun og meira til – allt er þetta að finna í nýjasta tölublaði Nýs Lífs.

Opnaðirðu fataskápinn í morgun og fannst ekkert til að fara í? Þá færðu praktískar hugmyndir að vinnuklæðnaði í greininni okkar, 10 lykilflíkur fyrir skrifstofuna. Ef vandamálin í lífi þínu snúa meira um baráttuna við tengdó og hitt kynið þá gefa sálfræðingar góð ráð um samskipti við erfiðar tengdamæður og óvissutímann í upphafi ástarsambands – þegar fólk er að byrja saman en er samt ekki „alveg" komið á fast. Við birtum viðtal við konu sem hefur gefið ófrjósömum pörum í kringum 40 egg og tölum við hjón sem þrá að eignast barn. Síðast en ekki síst láta Johansen-systurnar, Agnes, Svava, Berglind og Kristín, gamminn geisa í stórskemmtilegu viðtali um lífið og tilveruna.

Ekki missa af maíblaði Nýs Lífs – það er blað sem þú verður að lesa!

Hvaða blað ert þú að lesa? Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555** eða sendu okkur póst á **askrift @birtingur.is**

BIRTÍNGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

STUÐ MILLI STRÍÐA Verðmæti og verðlag

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR ER TILBÚIN AÐ BORGA TÖLVERT FYRIR SÚKKULAÐI

Draumar eru oftast óttalegt rugl en samt geta sumir þeirra vakið mann til umhugsunar. Fyrir einhverju síðan dreymdi mig einmitt þannig draum.

Í draumnum fannst mér ég vera stödd í öðru landi og byrjaði því á að fara í hraðbanka þar sem ég tók út sem svaraði tíu þúsund íslenskum krónum í þarlendum gjaldmiðli. Fljótlega sá ég sjoppu og ákvað að kaupa mér súkkulaði. Þegar ég var búin að fá til baka og byrjuð að borða súkkulaðið fattaði ég að afgangurinn var ekki nema tvö þúsund og fimm hundruð íslenskar krónur. Ég benti afgreiðslumanninum á þetta en hann hélt því bara fram að súkkulaðið kostaði svona mikið því það væri munaðarvara.

Mér fannst þetta verðlag alveg út í hött í draumnum og þegar ég vaknaði fór ég að hugsa um hvað það væri fáránlegt ef í alvörunni þyrfti að borga sjö þúsund og fimm hundruð krónur fyrir eitt súkkulaðistykki. Ég taldi mjög sennilegt að ég myndi alfarið hætta að borða súkkulaði, sem á þó stóra sneið í fæðuhringnum hjá mér, ef það kostaði svona mikið.

Svo fór ég að spá í þær fjárfestingar sem ég hef gert um ævina og áttaði mig á að þær hafa ekki allar verið mjög gáfulegar. Ég hef alltaf bara borgað uppsett verð án þess að efast um að verðlag væri í einhverju samræmi við verðmæti. Ég veit til dæmis ekki hvað ég hef keypt margar gallabuxur á fimmtán til tuttugu þúsund án þess að setja spurningarmerki við verðið á þeim. Og núna velti ég því fyrir mér hvort ég eigi ekki bara að fjárfesta í heimili á höfuðborgarsvæðinu þó að ég þurfi að borga tugi milljóna fyrir það, sem auðvitað er ekkert vit í.

Við nánari umhugsun komst ég þess vegna að því að sennilega væri það að borga nokkur þúsund fyrir súkkulaði ekki það vitlausasta sem ég gæti gert. Ef ég flytti út á land og hætti að versla í tískuvöruverslunum myndi ég að minnsta kosti hafa efni á að leyfa mér þann munað öðru hvoru.

myndasögur

Pondus Eftir Frode Øverli

Gelgjan Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar Eftir Patrick McDonnell



Barnalán Eftir Kirkman/Scott

Ótrúlegt verð

Dekkjastærðir

Fólksbíladekk

Stærðir	
155/70R13	4,499 kr.
165/70R13	4,799 kr.
175/70R13	4,999 kr.
175/65R14	5,499 kr.
185/65R14	5,599 kr.
17570R14	4,999 kr.
185/70R14	5,499 kr.
185/65R15	5,999 kr.
195/65R15	6,499 kr.
205/55R16	8,999 kr.
215/55R16	9,999 kr.
215/45R17	11,999 kr.
225/45R17	12,999 kr.
235/40R18	17,999 kr.

Jeppadekk

Stærðir	
205/75R15	9,499 kr.
30X9,50R15	13,499 kr.
31X10,50R15	14,999 kr.
33X12,50R15	16,999 kr.
35X12,50R15	17,999 kr.
265/75R16	15,499 kr.
265/70R17	15,999 kr.
35X12,50R17	26,999 kr.
285/65R18	31,999 kr.
35X12,50R18	33,999 kr.

Sendibíladekk

Stærðir	
195/70R15	9,999 kr.
225/70R15	10,999 kr.

Afsláttarmiði

Chaparral Jeppadekk www.vdo.is SUNNY Fólksbíladekk

Gegn framvísun þessa miða fæst umfelgun á fólksbíl á aðeins kr 4.199,-
Hjá VDO Borgardekk

VDO Borgardekk Fljót og góð þjónusta

Borgartún 36 s:588-9747

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

LEGO

Tilboð

Lego City
2.980 kr.
Verð áður: 4.980 kr.

Lego Exo-Force
2.880 kr.
Verð áður: 4.980 kr.

Bionicle
1.990 kr.
Verð áður: 3.580 kr.

Lego Duplo fata
1.980 kr.
Verð áður: 3.980 kr.

DÓTABÚÐIN

Leikbær

27. apríl
- 2. maí
(eða á meðan birgðir endast)

Smáralind

Kringlan

Faxafen

Laugavegur
Mjódd
Háholt, Mosfellsbæ
Fjörður, Hafnarfirði
Kjarninn, Selfossi

Hringbrot

Kl. 13.30
Málþing meistaranema í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands verður haldið í stofu 101 í Odda. Flutt verða fjölbreytt erindi út frá B.A., M.A. og öðrum rannsóknarverkefnum nemenda.

menning

menning@frettabladid.is

Royal-búðingur og majónes

Vatnadansmeyjafélagið Hrafnhildur æfir nú stíft fyrir uppákomu sína á Listahátíð í vor. Þá setur félagsskapurinn upp sýningu í Óðni, elsta skipi íslensku landhelgisgæslunnar, og leyfir þar ímyndunaraflinu að flæða um krók og kima.

Í sýningunni er brugðið upp táknmyndum af konunni gegnum árþúsundir, saga hennar og samhengi viðrað á nýstárlegan hátt. Saumuð verða hjartasár, keppir fylltir, málshættir bróderaðir. Hugurinn baðaður í hlaupi, hunangi, Royal-búðingi og majónesi. Uppákomur í bland við innsetningar, tónlist og dans. Áhorfendur eru leiddir um vistarverur skipsins, ganga og geymslur, káetur og klósett. Hvernig er konan þegar búið er að skræla hana og skoða og hún síðan sett inn í heim sem hún hefur aldrei átt þátt í að skapa? Í lokin er áhorfandinn staddur í vélarrúminu, hjarta skipsins, þar sem taktur inn er hreinn og klár og hvert slag sendir frá sér boð um það sem á eftir kemur – hið óvænta er væntanlegt.

BRÓDERA MÁLSHÆTTI OG FLEIRA Ímyndunaraflinu er gefinn laus taumurinn á undarlegustu stöðum.

Félagið skipa leikkonurnar dáðrökku Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Halla Margrét Jóhannesdóttir, Katrín Þorkelsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir og Sigrún Sól Ólafsdóttir.

>Ekki missa af...

Söngvaranum í útvarpinu. Útvarpsleikhúsið flytur leikrit **Ólafs Hauks Símonarsonar** í leikstjórn **Maríu Kristjánsdóttur**. Reglubundnar útsetningar leikhússins eru á fimmtudögum og sunnudögum en dagskráin er jafnframt **aðgengileg** á **heimasíðu** útvarpsins í hálfan mánuð.

DRAMATÍSKT EFNI Þýskur leikhópur sækir efnivið sinn í þorskastríðið og setur upp sýningu á fiskmarkaðnum í Hafnarfirði.

Stríðið um þorskinn

Hér á landi er staddur þýskur leikhópur, Das Letzte Kleinod, sem mun setja upp leiksýningu á harla óvenjulegum stað í kvöld. Hópurinn sem kennir sig við síðasta fjársjóðinn leggur áherslu á frumsamin verk er byggja á sannsögulegum atburðum og hefur nú gert sér mat úr þorskastríðinu.

Leikritið Þorskastríðið var frumsýnt í netaverksmiðju í þýsku borginni Cuxhaven á dögunum en þrjár sýningar verða í Fiskmarkaðnum í Hafnarfirði, hin fyrsta í kvöld.

Verkið segir sögu djúpveiða við Íslandsstrendur á árunum 1975-1976 og lýsir því hvernig deilurnar milli Íslendinga og Breta mögnuðust. Leikritið byggir á viðtölum við íslenska og þýska sjómenn um þorskastríðið. Umgjörð og uppsetning leikritsins í fyrrum netverksmiðju í Cuxhaven og í húsi Fiskmarkaðsins í Hafnarfirði gera sögur sjómannanna enn áþreifanlegri. Í leikhópnum er íslensk leikkona, Bryndís Petra Bragadóttir, og er leikið á þýsku, ensku og íslensku.

Merkar þýðingar í vinnslu

Í gær var tilkynnt um úthlutanir til útgáfufyrirtækja úr Þýðingasjóði en hann hefur reynst lesendum, þýðendum og utgefendum mikilvægur bakhjarl í vinnslu erlendra texta á íslensku.

Hafa þýðendur haft mörg orð um hversu brýnt erindi hans sé eftir að þeir komu sér saman í félag. Margar umsóknir berast sjóðstjórninni og ugglaust vandasamt verk að velja úr: umsóknir voru vel yfir hundrað í ár frá á fjórða tug útgefenda.

F. SCOTT FITZGERALD Höfuðverk hans um sprúttsalann Gatsby kemur brátt í íslenskri þýðingu.

Á listanum yfir styrkt verk kennir margra grasa, verk úr ensku eru í miklum meirihluta, bæði fyrir fullorðna og börn, nýleg verk og sígild. Þannig eru væntanlegar nýjar þýðingar á sögunum um Bangsimon eftir A.A. Milne á forlagi Eddu og Frumskógaræintýrum eftir Kipling en þessi sagnasöfn eru þegar til í eldri þýðingum. Ugla ætlar að gefa út hin sígildu rit eftir bandarísku sagnaskáldin Stephen Crane og F. Scott Fitzgerald, The Red Badge of Courage og The Great Gatsby sem eru báðar meðal öndvegisverka bandarískra bókmennta. Stórvirki í ljóðagerð heimsins eru væntanleg í þýðingum: Myndbreytingar eftir Ovid, kvæði Allens Ginsberg og The Pisan Cantos eftir Ezra Pound. Þá eru bókmenntafræðileg rit eftirtektarverð á listanum og þeirra elst De vulgari eloquentia, ófullgerð ritgerð eftir Dante Alighieri, Mimesis eftir Auerbach sem er grundvallarrit í bókmenntasögulegri greiningu, hið merka verk Juliu Kristevu, Soleil noir - Dépression et mélancolie, heimspekileg og menningarsöguleg verk eftir Jean-François Lyotard, Walter Benjamin og Paul Ricoeur.

Almennir lesendur taka samt meira eftir skáldsögum: hér eru styrktar þýðingar á verkum eftir Isabel Allende, DBC Pierre, Norman Mailer, Niccoló Ammaniti hinn ítalska; Milan Kundera, Paulo Coelho, John Steinbeck eru meðal annarra höfunda.

ISABEL ALLENDE Enn fjölgar verkum þessarar vinsælu sagnakonu á íslensku.

Stóru forlögin eru fyrirferðarmikil í áætlunum um þýðingar: Bjartur er með tíu verk í bígerð, Edda sjö verk og JPV sex verk. Smærri útgefendur færa sig upp á skaptið: Ari Útgáfa, Uppheimar, Brú, Salka og Græna húsið eru þeirra á meðal. Stærsti styrkurinn er upp á 800.000, en flestir telja þeir eitt til þrú hundruð þúsund. Þar sannast hið fornkveðna að mjór er mikils vísir. Styrktu verkin eru öll yfirleguverk og taka marga mánuði í vinnslu. Vakna spurningar hvort ekki sé nær að fækka styrktum verkum en auka fjárhæðina.

pbb@frettabladid.is

www.volkswagen.is

Hreinna loft með umhverfisvænu, ódýru, íslensku eldsneyti

Umhverfisvænt
Það þarf 113 metanbíla til að menga jafnmikið og sambærilegur bensínbíll.

Ódýrt
Metan sem skilar jafnmikilli orku og 1 lítri af bensíni kostar í dag 78,57 kr. Verðið er óháð duttlungum olíumarkaðarins.

Íslenskt
Metan er framleitt á Íslandi og er mengun vegna flutninga því hverfandi.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 69611

Fundað um filmur

Áfram heldur fundaröð Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar í fundarsal Þjóðminjasafnsins. Annar fundurinn verður haldinn í hádeginu og þar mun Anna María Karlsdóttir framleiðandi velta fyrir sér spurningunni „Hverjir sjá íslenskar kvikmyndir?“ Í kynningarefni um fyrirlestur Önnu segir: „Hér á landi keppa íslenskar kvikmyndir um áhorfendur á svipuðum forsendum og kvikmyndir frá öðrum löndum og standa sig ágætlega, eins og vera ber. Þegar kemur að dreifingu í öðrum löndum blasir allt annað við. Brugðið verður upp mynd af því umhverfi og fjallað um hvernig íslenskum bíómyndum hefur vegnað á undanförnum árum.“

KVIKMYNDIR Anna María Karlsdóttir framleiðandi.

Fundurinn hefst stundvíslega kl. 12 á hálftíma erindi en að því loknu gefst tækifæri til fyrirspurna og umræðna. Fundi lýkur kl. 13 og er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.

Öfund má finna á internetinu

Nóbelsverðlaunahafinn umdeildi Elfriede Jelinek hefur tekið nútímatækni í sína þjónustu. Hún birtir nýjustu skáldsögu sína, Öfund, alfarið á netinu en á heimasíðu hennar má þegar lesa fyrstu tvo kaflana, alls rúmlega hundrað síður, á því formi sem útlit heimasíðunnar býður upp á.

Öfund ber undirtitilinn „einkaskáldsaga“ sem er skemmtilegur orðaleikur, höfundurinn ætlar ekki að gefa textann út á bók en býður lesendum sínum að hlaða honum niður eða prenta hann út til einkanota. Önnur útgáfa eða notkun á textanum er bönnuð. Jelinek áskilur sér þó rétt til þess að breyta eða lagfæra textann.

Sagan gerist í þurrausnum námubæ þar sem íbúarnir hafa lítið að lifa fyrir annað en eigin græðgi og öfund en á heimasíðu austurríska kanslaraembættisins er líkum leitt að því að fyrirmynd hans sé smábærinn Eisenerz í háfjöllum Austurríkis.

Jelinek hefur áður skrifað um aðra lesti mannsins og gaf út bókina Losta árið 1989 og Græðgi árið 2000 en sú síðarnefnda kom nýlega út í enskri þýðingu.

Öfund má lesa á heimasíðunni www.elfriedejelinek.com en þar er einnig að finna fjölmarga áhugaverða texta eftir höfundinn. **- khh**

AÐRAR LEIÐIR Í ÚTGÁFUMÁLUM
Nýjasta skáldsaga Elfriede Jelinek verður aðeins aðgengileg á netinu.

HAFSTEINN AUSTMANN MÁLARI Sýnir í Listasafni Reykjanesbæjar.

Litbrigðin

Yfirlitssýning á verkum myndlistarmannsins Hafsteins Austmann verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar kl. 18 í dag. Á sýningunni eru bæði olíumálverk, akrýl- sem og akvarellamyndir. Hafsteinn hefur lengi talist til okkar allra færustu listamanna og spanna verkin á sýningunni tímabilið 1986-2007.

Aðalsteinn Ingólfsson skrifar um verk málarans: „Myndir Hafsteins, olíumálverk jafnt sem vatnslitamyndir, virðast ríkari af blæbrigðum tilfinninganna en flest annað sem flokkast undir myndlist í dag. Hins vegar tekur listamaðurinn áhorfendum sínum vara fyrir að tengja tilfinningar eða upplifanir sem kunna að slæðast inn í myndir hans við þann sem heldur um pentskúfinn; myndirnar séu honum tæki til að vinna sig frá upplifunum sínum, ekki til að velta sér upp úr þeim.“

Sýningin er opin alla daga frá kl. 13-17.30 og stendur til 10. júní. Listasalurinn er í Duus-húsum við Duusgötu 2-8 í Reykjanesbæ.



CAMERATA DRAMMATICA
Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir Miðaverð kr. 2.500

SÖNGVARABALL
30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson
Sardas-strengjasveitin, Léttsveit tónlistarskóla Reykjanesbæjar,„Tenórinn“ o. fl. góðir gestir Miðaverð kr. 3.000

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

Carmen í konsertflutningi

Það hefur farið lágt en Sinfóníuhljómsveit Íslands mun flytja vinsælu óperu George Bizet, Carmen, hinn 7. júní.

Um konsertflutning er að ræða en mörgum hefur þótt hljómsveitin gera lítið af því að flytja óperur í konsertformi. Slíkir tónleikar væru kærkomnir áhugamönnum um óperur og gæfu íslenskum söngkröftum tækifæri til að kljást við óperubókmenntirnar. Valinn hópur söngvara leiðir verkið: Garðar Thor Cortes, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Ólafur Kjartan Sigurðarson og Auður Gunnarsdóttir. Gert er ráð fyrir að óperan verði flutt í nokkuð stuttu formi með sögumanni. Mun þegar vera vel selt á tónleikana en ekki er gert ráð fyrir að þeir verði endurteknir. Carmen hefur þó alla tíð verið afar vinsælt verk, bæði hér á landi og erlendis.

Flutningurinn á Carmen kemur inni á milli flutnings á Ávaxtakörfu Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar, sem verður tvítekinn samkvæmt verkefnaskrá hljómsveitarinnar, og stórflutnings á verki Rogers Waters úr Pink Floyd, The Wall. Sjá heimasíðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sinfonia.is.

GUÐRÚN JÓHANNA Carmen er stórt hlutverk og verður framaspor fyrir hina ungu söngkonu.

ABBABABB! eftir Dr. Gunna
29 apr sun kl 14
6 maí sun kl 14
13 maí sun kl 14

Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason
28 apr lau 10 sýning kl 20
5 maí lau 11 sýning kl 20
11 maí fös 12 sýning kl 20

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarf. Pantanasími 555 2222 og á www.mideind.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“ GRETTIR

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning

HIPP HOPP GESTASÝNING
Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Þri 8/5 kl. 20 Mið 9/5 kl. 20
Miðaverð 2.000

LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Í kvöld kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Lau 5/5 kl. 14 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14
Mán 4/6 kl. 20
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 28/4 kl.20 UPPS. Sun 29/4 kl. UPPS.
Fim 3/5kl.20 UPPS. Sun 6/5 kl. 20 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fös 11/5 kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl. 14 Sun 13/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20 Lau 26/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 2/5 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 5/5 kl. 20 AUKASÝNING

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Mið 16/5 kl. 20
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort UPPS.
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Lau 26/5 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

EILÍF HAMINGJA
Fim 3/5 kl. 20 AUKASÝNING
Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 29/4 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00, örfá sæti laus. 50. sýning!
Aukasýningar sun. 6/5 kl. 14:00, sun. 13/5 kl. 20:00. Allra síðustu sýningar!

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, fös. 4/5 nokkur sæti laus, lau. 5/5, fös. 11/5, lau. 19/5.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.

CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.
Í kvöld fös. 27/4 örfá sæti laus, lau. 5/5 nokkur sæti laus, sun. 13/5, fös. 18/5.
Umræður eftir sýningu með Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.

Kassinn

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Í kvöld, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, sun. 29/4 uppselt, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 uppselt, lau. 5/5 uppselt, sun. 6/5 uppselt. sun. 13/5 uppselt, aukasýningar mið. 16/5 og fim. 17/5, fös. 18/5 uppselt, lau. 19/5 nokkur sæti laus, aukasýning sun. 20/5, fim. 24/5 örfá sæti laus.

Kúlan

MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Sun. 29/4 kl. 15:00, örfá sæti laus. Síðasta sýning!

Í SKÓLA TÍMANS - Leikin dagskrá Sigurðar Skúlasonar og Margrétar Helgu Jóhannsdóttur.
Lau. 28/4 kl. 17:00 uppselt, þri. 1/5 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 2/5 kl. 20:00 nokkur sæti laus. Aðeins þessar þrjár sýningar!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL
24 25 26 **27** 28 29 30

Föstudagur

TÓNLEIKAR

☐ 23.59 Hljómsveitirnar **Dikta** og **Hjaltalín** halda tónleika á **Grand Rokk**.

OPNANIR

☐ 17.00 **Kristinn G. Harðarson** opnar sýningu í **Anima gallerii Ingólfsstræti 8**. Á sýningunni eru málverk, en þau eiga það sameiginlegt að vera að grunni til frásagnir eða lýsingar á stöðum, atvikum eða aðstæðum.

☐ 17.00 **Fjölmennt** og **Geðhjálp** opnar sýningu í **Hafnarborg**. Á myndlistanámskeiðum þeirra hefur verið lögð áhersla á litafræði, mikilvægi sköpunar, persónulegrar nálgunar, teikningu og umfjöllun nemenda á verkum sínum. Kennari á námskeiðinu er **Sigríður Oddný Stefánsdóttir** Sýningu lýkur þann 6. maí

SÝNINGAR

☐ 13.00 Nú stendur yfir málverkasýning **Péturs Péturssonar** á kaffihúsinu **Energia** í **Smáralind** og stendur út aprílmánuð. Pétur sýnir tíu landslagsmálverk, öll unnin með akríllitum á striga á árunum 2005 til 2007. Ríflega helmingur myndanna eiga sér fyrirmynd í landslagi Snæfellsnessins, þar af ein úr Stykkishólmi og fimm úr Hnappadalnum.

☐ 17.00 Myndlistarsýning í **Hinu húsinu** í Pósthússtræti. Félagar í **Tipp Topp** sýna en sýningin er liður í hátíðinni **List án landamæra.**

SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 10.00 Sýningum franska myndlistarmannsins **Pierre Huyghe** og **Geirþrúðar Finnbogadóttur Hjörvar** í **Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi** lýkur næstkomandi sunnudag.

☐ 13.00 Sýningu alþýðulistakonunnar **Guðlaugar I. Sveinsdóttur**, **Óður til íslenskrar náttúru**, í **Boganum** í **Gerðubergi** lýkur um helgina. Á sýningunni má sjá abstrakt-, landslags- og blómamyndir auk ofinna veggteppa sem unnin eru á síðustu árum. Í Gerðubergi stendur jafnframt yfir **yfirlitssýning** á verkum myndlistarkonunnar **Rúríar** og lýkur henni einnig um helgina.

☐ 13.00 Hönnunarsýningunni **Vísanir - samtímahönnun í París** í **Gerðarsafni** í Kópavogi lýkur á sunnudaginn Hugmyndin að baki þessari sýningu er, að sögn **Cédric Morisset,** sýningarstjóra, að brjóta hinar margvíslegu hliðar franskrar hönnunar, aðallega frá París, til mergjar, með því sem má nú kalla sérkenni hennar: beitingu tilvísana. Sýningin er liður í dagskrá frönsku menningarkynningarinnar Pourquoi Pas?

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Viðburðir Landnámsseturs í apríl og maí

fö 27. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson *örfá sæti laus*
lau. 28. apríl kl 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson *örfá sæti laus*
lau. 28. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson *örfá sæti laus*
su. 29. apríl kl. 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson *örfá sæti laus*
fö. 4. maí kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar
lau. 5. maí.kl. 20 Svona eru menn - KK og Einar *örfá sæti laus*
su. 6. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
fö. 11. maí kl. 20
Mr. Skallagrímsson *uppselt*
lau. 12. maí kl. 20
Svona eru menn - KK og Einar

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

GERÐUBERG
www.gerduberg.is

RÚRÍ Tími - Afstæði - Gildi
Sýning frá glæstum listferli. Listaverk, ljósmyndir og myndbönd af gjörningum og innsetningum.
Sjá www.ruri.is.
Sýningin stendur til 6. maí


Óður til íslenskrar náttúru
Guðlaug I. Sveinsdóttir sýnir málverk og vefnað
Síðasta sýningarhelgi !

Textílverk og frumsamin ljóð
Sýning 6. bekkinga í Rimaskóla í Kaffi Bergi.
Sýningin stendur til 5. maí

Vissir þú af...
góðri aðstöðu fyrir ráðstefnur veislur, námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is

Sýningar Rúríar og Guðlaugar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Sýningin í Kaffi Bergi er opin mán-fös frá kl. 9-16 og á laugardögum frá kl. 13-16
Sími 575 7700

Kringlu kráin
Stuðbandalagið í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

SÝNINGUM Á ÍSLANDI FER FÆKKANDI
40 UPPSELDAR SÝNINGAR!

Prostyle 2007

hönnun • gæði • skemmtun • upplifun

Prostyle
13 ár á Íslandi

Prostyle reiðhjól eru þýsk gæðahönnun á frábæru verði. Prostyle reiðhjól hafa verið seld í Hagkaupum síðan 1994.

Í Prostyle hjól eru einungis notaðar viðurkenndar vörur t.a.m. Shimano gírbúnaður, Zoom demparar, Neco stýri, Viking diskabremsur, MDA álgjarðir, HJC DA-17 twin wall léttmálmsgjarðir og C-star bremsur. Prostyle hjól hafa viðurkennda viðhalds og varahlutaþjónustu.

Veldu gæði, veldu Prostyle

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

BJÖRK

ARCTIC MONKEYS

> Í SPILARANUM

Björk - Volta
Patrick Wolf - The Magic Position
You Say Party! We Say Die! - Lose All Time
The Twilight Sad - Fourteen Autumns and Fifteen Winters
Arctic Monkeys - Favourite Worst Nightmare

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Upptökur í Nashville

Hljómsveitin The Raconteurs, hliðarverkefni Jack White úr The White Stripes, er um þessar mundir að taka upp sína aðra plötu í hljóðveri í Nashville. Vonir standa til að platan komi út síðar á þessu ári og segir White að platan hljómi allt öðruvísi en sú síðasta.

Upptökurnar hafa staðið yfir í eina og hálfa viku og þegar hafa tólf lög verið samin. Vilja White og félagar ljúka eins miklu og hægt er áður en tónleikaferð The White Stripes hefst 19. júní í tilefni af útkomu plötunnar Icky Thump.

THE RACONTEURS Önnur plata sveitarinnar er í vinnslu í Nashville.

> Plata vikunnar

Kings of Leon -
Because of the Times

★★★

„Farið er í aðrar áttir en á fyrri plötum sveitarinnar. Stundum tekst þeim frábærlega upp en á öðrum stöðum er platan ekki upp á marga fiska.“ **SHA**

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Er rappið sterkara en sverðið?

PALESTÍNSKA RAPPSVEITIN DAM

Þó að hip-hoppið hafi byrjað sem partítónlist í Bronx snemma á áttunda áratugnum þá fékk það fljótlega samfélagslegt hlutverk. Bæði pólitískt hlutverk með sveitum eins og Public Enemy en líka hlutverk sameiningartákns fyrir þeldökka Bandaríkjamenn, en því hlutverki hefur það haldið alla tíð síðan þó að tónlistin sjálf sé löngu orðin að iðnaði.

Hip-hoppið hefur breiðst út um allan heim og víða hafa undirokaðir minnihlutahópar tekið það í sína þjónustu, hvort sem er á Kúbu, í Afríku eða í úthverfum franskra stórborga. Besta leiðin til þess að vita hvað hinn æsti múgur úthverfanna í óeirðunum í Frakklandi hér um árið var að hugsa var að hlusta á rapparana.

Nú er palestínskt rapp að verða mjög áberandi. Fyrsta palestínska rappsveitin til að vekja athygli utan heimalandsins heitir DAM, sem stendur fyrir Da Arabian MCs, en orðið dam þýðir líka blóð bæði á arabísku og hebresku. DAM er skipuð þremur ísraelskum Palestínumönnum. Hún var stofnuð árið 1999 í úthverfi Tel Aviv og sló í gegn með laginu Min erhabi? sem þýðir „Hverjir eru hryðjuverkamennirnir?“ Velgengni DAM hefur hrundið af stað bylgju palestínskra hip-hop sveita. Þær spretta nú upp eins og gorkúlur, en kvikmyndin Slingshot Hip Hop: The Palestinian Lyrical Front sem verður frumsýnd fljótlega fjallar um þessa bylgju sem er bæði áberandi á Gaza, Vesturbakkanum og á meðal Palestínumanna í Ísrael.

Hvað tónlistina varðar er DAM mjög flott band sem sækir áhrif í bandarískt rapp (Nas, 2Pac, Mos Def), franskt rapp (IAM, NTN, Saina Supa Crew) og arabíska tónlist. Þeir berjast fyrir sjálfstæði Palestínu og segja í nýlegu viðtali: „Við viljum einfaldlega að hernámi Ísraelsmanna í Palestínu ljúki og við fáum okkar eigið ríki. Við leggjum mikla áherslu á friðarboðskap því að við erum sannfærðir um að öðruvísi náum við ekki takmarkinu.“ Hljómar betur en sjálfsmorðssprengingar. Þeir sem hafa áhuga ættu að skoða Myspace.com/damrap og Slingshothiphop.com.

Vonarstjörnur dansgólfanna

Franska danstónlistarplötufyrirtækið Ed Banger er það langheitasta í dag. Steinþór Helgi Arnsteinsson grennslaðist fyrir um fyrirtækið og steig villtan dans í leiðinni.

EITURSVÖL Höfuðgúrúinn sjálfur, Busy P, réttu nafni Pedro Winter, ásamt Íslandsvinunum Uffie, sem hreytir hér einhverju í hljóðnemann, og Feadz á tökkunum.

Ed Banger var stofnað árið 2002 sem undirfyrirtæki Headbanger-plötuútgefandans og má því á engan hátt rugla saman við hina goðsagnakenndu pönkhljómsveit Ed Banger and The Nosebleeds. Höfuðpaur Ed Banger er maður að nafni Pedro Winter, öðru nafni Busy P, en með ötulli aðstoð goðsagna á borð við Mr. Ozio (gerði lagið Flat Beat sem varð geysilega vinsælt árið 1999 er það birtist í Levi's-auglýsingu) og Philippe Zdar (annar helmingur rafdúettsins Cassius) stofnaði hann kjölfestu fyrir unga og efnilega danstónlistarmenn til þess að koma tónlist sinni á framfæri. Í nýlegu viðtali við URB-tímaritið sagði Pedro að peningar frá Daft Punk hefðu komið Ed Banger á fót en Pedro hefur lengi verið umboðsmaður þeirra. Markmiðið: að „gefa út plötur sem gætu selst illa, án þess að hafa áhyggjur,“ og að koma Frakklandi aftur á danstónlistarkortið.

JUSTICE Samanstendur af þeim Gaspard Augé og Xavier de Rosnay en þeir eru af mörgum nefndir hinir nýju Daft Punk.

Justice í stuði

Önnur tólf tomman sem Ed Banger gaf út hét Never Be Alone og innihélt endurhljóðblöndun rafdúettsins Justice á samnefndu lagi eftir Simian (seinna Simian Mobile Disco). Í dag þekkja allir þetta lag sem We Are Your Friends með Justice vs. Simian. Eftir það byrjuðu hjólin að snúast og það á ógnarhraða, ekki síst fyrir Justice, sem vann í kjölfarið með til dæmis Britney Spears, Franz Ferdinand, Daft Punk og Fatboy Slim.

Fyrsta breiðskífa Justice, †, er væntanleg í júlí og gefin út í samvinnu við Vice. Mun platan innihalda meðal annars smáskífuna Waters of Nazareth.

Samrýnd fjölskylda

En Justice er svo sannarlega ekki eina nafnið sem slegið hefur í gegn hjá Ed Banger. Ed Banger hefur spunnið um sig stóran og mikinn vef og nægir í því sambandi að nefna Feadz og kærustuna hans Uffie sem nýlega komu til Íslands.

Auk þess verður að nefna höfuðpaurinn sjálfan, Busy P, en lagið hans Rainbow Man er með því besta sem komið hefur frá útgáfunni, SebastiAn sem framkallar líklegast vélrænustu tónana, Dj Mehdi, sem mikið hefur unnið með bæði Daft Punk og MC Solar, ofur 80's hetjuna Kavinsky, hinn svala Vicarious Bliss, Mr. Flash sem er hálfgerð hip-hop hlið Ed Banger og í svipuðum dúr er Krazy Baldhead.

Brjáluð partí

Sá sem líklegast mestu athyglina hefur fengið er So Me en hann sér um öll myndbönd, plötuumslög og grafík fyrir Ed Banger. Hann gerði myndbandið við We Are Your Friends sem valið var besta myndbandið á síðustu MTV-hátíð.

Öll þessi fyrrnefnda fjölskylda kemur síðan saman í villtum partíum undir nafni Ed Banger og hefur troðið upp á skemmtistöðum úti um allt. „Það er tími til kominn að við sýnum fólki að hægt sé að fara frá klassísku rave-lagi yfir í það nýjasta frá Soulwax eða Justin Timberlake. Við erum ekki teknó plötusnúðar sem horfa ekki á áhorfendurna – við deilum tónlistinni en einnig partíandrúmslofti til Spike Jonze/Beastie Boys-kynslóðarinnar, ég meina fólk er að kasta sér fram af sviðinu okkar,“ útskýrir Busy P í fyrrnefndu URB-viðtali. Sannkallað neu-rave hér á ferð.

BRENNSLAN BENEDIKT REYNISSON

„Ég hef nánast alltaf haft ótæmandi þörf fyrir að heyra nýja og spennandi tónlist. Hér eru nokkur ný lög sem eru í uppáhaldi í bland við nokkur gömul og góð,“ segir Benedikt Reynisson, gítarleikari Skáta.

1. Alex Delivery - Komad
„Ég komst nýverið í kynni við þessa fimm manna New York-sveit. Þetta lag er vélrænt og krefjandi. Minnir á það besta með Faust og Tortoise.“
2. White Rabbits – Kid On My Shoulders
„Þessir búa allir saman í risíbúð í New York. Þetta lag er taktfast með sargandi gíturum og seiðandi söng- og píanómelódíum.“
3. DJ Musician – Klinsi
„DJ Musician er uppáhalds plötusnúðurinn minn og þetta er eitt af mörgum frábærum lögum hans.“
4. Dan Le Sac Vs. Scroobius Pip – Thou Shalt Always Kill
„Þetta er eitt besta rapplag sem ég hef heyrt lengi. Textinn er ógeðslega beittur og hittir beint í mark.“
5. Seabear – I Sing I Swim
„Ég er búinn að bíða lengi eftir fyrstu plötu Seabear og nú er hún loksins komin. Frábært lag af henni.“
6. Sebadoh – Soul Mate
„Þessi hljómsveit hefur lengi verið í miklu uppáhaldi og voru þeir að koma saman á ný sem eru mikil gleðitíðindi.“
7. Times New Viking – Dance Valhalla
„Þetta lag hljómar svo illa að það er æðislegt. Times New Viking minnir á margt af því besta í lágtíðnipoppinu frá síðasta áratug.“
8. Mary Timony Band – Summer's Fawn
„Mary Timony er sönn gítargyðja. Hún var áður í Helium og var að gefa út plötu sem minnir um margt á það sem hún gerði með þeirri sveit.“
9. White Shoes & The Couples Company – Tentang Cita
„Þetta er sex manna gleðisveit frá Jakarta í Indónesíu. Þetta lag er hreinræktað C-vítamín sykurpopp með límaldinbragði. Sumarið hefst fyrir alvöru með þessu lagi.“
10. Paul Simon – 50 Ways to Leave Your Lover
„Þetta lag er af plötunni Still Crazy After All These Years með Paul Simon. Ég var búinn að gleyma því hvað þetta er gott lag.“

BENEDIKT REYNISSON Benni hefur óseðjandi þörf fyrir að heyra nýja og spennandi tónlist.

Í BÚNINGSHERBERGINU AMY WINEHOUSE

2 flöskur af rauðvíni
1 kassi af bjór (ekki Stella eða Carling)
1 stór vodkaflaska (Smirnoff eða Zubrowka)
1 stór kampavínsflaska
60 vatnsflöskur
12 kókdósir
4 Red Bull-dósir
Ferskir ávextir
Niðurskorið kjöt og ostar
3 stórar „alvöru" pitsur
Te
Jógúrt
Karfa með súkkulaðistykkjum
Snakk
40 sígarettur
4 kveikjarar

Volta lak á iTunes

Aðdáendur tónlistarkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur í Bretlandi fengu óvæntan glaðning í byrjun vikunnar. Þá var væntanleg plata hennar, Volta, fáanleg á iTunes í Bretlandi í hálfan sólarhring. Um mannleg mistök var að ræða, að því er fram kemur á vefsíðu Rolling Stone. Volta var til sölu á iTunes frá því seint á mánudagskvöldið og fram á þriðjudagsmorgun. Þá uppgötvuðust mistökin og þau voru leiðrétt.

Mikil eftirvænting er eftir plötu Bjarkar en hún kemur út 7. maí næstkomandi. Flestir stærstu tónlistarmiðlar á netinu hafa undanfarið birt viðtöl við Björk og þeir sem fengið hafa að heyra Volta bera henni söguna vel.

EFTIRVÆNTING Margir bíða spenntir eftir Volta, næstu plötu Bjarkar Guðmundsdóttur, sem kemur út 8. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Avril á toppnum

Þriðja plata kanadísku söngkonunnar Avril Lavigne, The Best Damn Thing, hefur slegið rækilega í gegn úti um allan heim og er á toppnum á fjölda breiðskífulista, þar á meðal í Bandaríkjunum og á Bretlandi.

AVRIL LAVIGNE Nýjasta plata kanadísku söngkonunnar er að gera góða hluti á vinsældalistum.

Fyrsta plata Lavigne, Let Go, kom út árið 2002 og var hún tilnefnd til átta Grammy-verðlauna. Seldist hún í sextán milljónum eintaka. Síðasta plata hennar, Under My Skin, kom út tveimur árum síðar og seldist í átta milljónum eintaka.

NÝJAR PLÖTUR

Modest Mouse
We Were Dead Before the Ship Even Sank

★★★

Sísta plata Modest Mouse til þessa en samt sem áður margslungin og heldur Modest Mouse enn í fremstu röð. **SHA**

Skátar
Ghost of the Bollocks to Come

★★★★

Með Ghost of the Bollocks to Come festa Skátar sig í sessi sem ein áhugaverðasta rokksveit landsins. Hrá og kraftmikil jaðarrokkplata frá sveit sem fer sínar eigin leiðir. **TJ**

Silvia Night
Goldmine

★★

Það sannast með þessari nýju plötu Silviu Night, sem mikið hefur verið lagt í, að popptónlist verður aldrei góð ef lagasmíðarnar sjálfar eru vonlausar. **TJ**

LCD Soundsystem
Sound of Silver

★★★★

Farið er um víðan völl en platan heldur sér fast saman í frábærlega heilsteyptu verki sem ögrar, gleður, hressir, bætir og kætir! **SHA**

Ry Cooder
My Name Is Buddy

★★★★

Eins og síðasta plata Ry Cooder, Chavez Ravine, þá er My Name Is Buddy þemaplata sem sækir í bandaríska dægurtónlist síðustu aldar. Vel heppnuð og glæsileg útgáfa. **TJ**

The Stooges
The Weirdness

★★★

Þó að platan standi gömlu meistaraverkunum langt að baki er á henni nóg af tilþrifum til að gleðja gamla aðdáendur. **TJ**

!!!
Myth Takes

★★★

Slagararnir hrista nægilega mikið upp í manni til þess að halda manni áfram á dansgólfinu, en tónlistin líður fyrir síendurtekin riff og of mörg uppfyllingarlög. **BÖS**

fjörið ... fólk

folk@frettabladid.is

Harry ekki með skotleyfi í Írak

Yfirmenn í breska hernum eru nú sagðir íhuga það alvarlega að halda Harry prins sem lengst frá vígvellinum vegna ótta um að nærvera prinsins kunni að stefna lífi og limum félaga hans í hættu. Breska blaðið The Sun greindi frá þessu í gær og hafði eftir heimildarmönnum sínum að töluverðrar ólgu væri farið að gæta innan breska hersins vegna yfirvofandi ferðar Harrys og herdeildar hans til Íraks. „Viljum við virkilega vinna eitthvað ímyndarstríð og hafa fjölda mannslífa á samviskunni?“ sagði heimildarmaður The Sun en leiðir jafnframt að því líkur að fari Harry verði það mikill álitshnekkir fyrir stríðsrekstrurinn í Írak.

The Sun hefur eftir háttsettum aðilum innan hersins að hryðjuverkahópar séu þegar farnir að dreifa myndum til sinna manna og að einhverjir hafi hótað að ræna prinsinum til að skera af honum eyrun. Harry vill hins vegar sjálfur ólmur komast á vígvöllinn enda þjálfaður til að stjórna ellefu manna skriðdrekadeild. Ef honum yrði hins vegar skellt fyrir aftan skrifborð í Bagdad yrði það mikið áfall fyrir hann og feril prinsins innan hersins.

Það vakti mikla athygli á sínum tíma þegar greint var frá því að Harry myndi halda til Íraks. Hann yrði þá fyrsti konungborni einstaklingurinn sem tæki virkan þátt í landhernaði en Andrew prins flaug herþotum í Falklandseyjastríðinu. Talsmaður breska hersins vildi lítið láta hafa eftir sér vegna málsins og sagði: „Við erum alltaf að skoða ferð Harrys prins.“

HARRY Vill ólmur komast í fremstu víglínu en nærvera hans gæti stofnað lífi og limum félaga hans í hættu.

HUGH GRANT Leikarinn breski missti stjórn á sér og réðst á ágengan ljósmyndara.

Hugh Grant handtekinn

Leikarinn Hugh Grant hefur verið handtekinn fyrir að hafa ráðist á ljósmyndara skammt frá heimili sínu í London og kastað í hann dós með bökuðum baunum. Grant, sem er 46 ára, var sleppt eftir að hann greiddi lausnarfé.

Að sögn ljósmyndarans sparkaði Grant í hann áður en hann kastaði matnum í hann og kallaði hann og börnin hans öllum illum nöfnum. Grant gaf sig fram við lögregluna í Notting Hill þar sem hann var handtekinn og yfirheyrður. Hann þarf að mæta aftur í yfirheyrslur eftir mánuð.

Grant, sem virðist vera orðinn leiður á ágangi ljósmyndara, var á sínum tíma handtekinn fyrir viðskipti sín við vændiskonuna Divine Brown í Hollywood árið 1995.

Kyrrahafsnótt á Nordica

Kyrrahafsstemning ríkti á Nordica á miðvikudagskvöldið þegar B&L kynnti nýjan BMW X5 lúxusjeppa fyrir viðskiptavinum sínum og öðrum boðsgestum. Málverk Pauls Gauguin, pálmablöð og úrvals tónlistarfólk lögðust á eitt til að skapa blómstrandi stemningu, eins og myndirnar sýna.

BLÓMLEGAR Gestir á Nordica voru ekki síður blómlegir en þjónustufólkið sem glittir í í bakgrunni.

DANSINN DUNAR Á milli tónlistaratriða stigu ungir dansarar á svið og sýndu

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

TÓNNINN GEFINN Logi Bergmann Eiðsson kynnti tónlistarmanninn Pétur Ben til leiks, en hann hefur notið mikilla vinsælda undanfarin misseri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

INNLIFUN Lay Low lét sig heldur ekki vanta og söng fyrir boðsgesti af mikilli innlifun.

GLITUR OG GLAMÚR Sumir gestir sóttu þó innblástur sinn fyrir kvöldið til himinhvolfsins og glitruðu eins og stjörnur.

Tækjadagar

Kodak EasyShare Series 3

Tilboð
á ljósmyndaprentara
við kaup á myndavél

Ljósmyndaprentari
Margverðlaunuð Kodak myndgæði.
Myndir sem endast áratugum saman.
Pappir skemmist ekki af fingraförum.
Pappír þolir vatn og hægt að
þerra bleytu án skemmda.
Kodak XTRALIFE húðaður pappír.
Prentun með eða án tölvu.
Einfalt - Ýtt á einn takka til yfirfæra að
myndir á tölvu.

6.000 AFSLÁTTUR

TILBOÐ Kr. 8.980,-
Kr. ~~14.980,-~

Canon EOS 400D
með 18-55mm linsu

HEITASTA VÉLIN

10,1 milljón pixla
EOS integrated cleaning system (rykhreinsibúnaður)
Dregur úr rykmyndum og hreinsar nemann (sensor)
2,5" skjár
Níu punkta fókus
Digic II örgjörvi
3 rammar á sek. allt að 27 rammar í burst
Picture style – mismunandi litir og áhrif
Hugbúnaður til RAW vinnslu í tölvu
Video out
Vegur aðeins 510 grömm
Val á yfir 60 linsum við vél

Takmarkað magn

Kr. 4.938,- 24 mán
Kr. 94.900,-

SAMSUNG DIGIMAX i6

TIPA 2006

12.000 AFSLÁTTUR

6 milljón pixla
3 x optískur aðdráttur
Mp 3 spilari
Hristivörn
2,5" skjár
Tekur video
Mikið af séreiginleikum
Frábær hönnun

TILBOÐ Kr. 26.900,-
Kr. 2.665,- 12 mán
Kr. ~~38.900,-~

Kodak EasyShare Z612

6,1 milljón pixla
Schneider Kreuznach linsa tryggir gæðin
12 x optískur aðdráttur (35 - 420 mm)
Hristivörn
2,5" skjár
Mikið af stillimöguleikum og tökustillingum
Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki fylgir

Kr. 3.882,- 12 mán
Kr. 39.900,-

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

Farsímalagerinn.is VIÐ HEIMTUM ÓDÝRA FARSÍMA

Þrjú tilboð frá farsímalagernum komin í verslanir

NOKIA 1112

Sá allra ódýrasti
Tveir litir: Blár og Rauður
Ath þessi sími kemur ekki
með íslensku stýrikerfi

Kr. 3.990,-
Samanburðarverð:
Ævintýralegt verð Vodafone kr. 4.900

NOKIA 6085

Samlokusími með Bluetooth
Stækkanlegu minni í 2GB
Tveir litir: Svartur og Bleikur

Kr. 15.990,-
Samanburðarverð:
Ævintýralegt verð Vodafone kr. 16.900

Sony Ericsson W810i

2mp myndavél
100 fríar framkallanir fylgja

Kr. 26.990,-
Samanburðarverð:
Netverð Símans kr. 28.400

100 ára
HANS PETERSEN
1907–2007

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

MasterCard

Vefverslun Hans Petersen er á
www.hanspetersen.is/verslun

12 mán 24 mán Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða

Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind

Dáleiðir fyrir próf

Gríndávaldurinn vinsæli Sailesh heldur sýningu á Broadway í kvöld. Kappinn hitaði upp fyrir sýninguna í Verslunarskólanum í hádeginu í gær þar sem hann sló rækilega í gegn. Fjölmargir nemendur grátbáðu hann um að dáleiða sig svo þeim gengi vel í yfirvofandi prófum og ætlar Sailesh að verða við þeirri beiðni. Geta áhugasamir Verslingar mætt á Park Inn hótelið á laugardaginn til að láta hann dáleiða sig í þeim tilgangi að undirbúa sig fyrir prófin.

Í VERSLÓ Sailesh hitti rækilega í mark í Versló og lofaði að dáleiða nemendur fyrir yfirvofandi próf.

Fjölmörg ný atriði verða á sýningunni í kvöld og eru mörg þeirra sérhönnuð fyrir Íslendinga, enda er Sailesh farinn að þekkja íslenskan húmor afar vel. Sýningin byrjar klukkan 20.00 og fer miðasala fram á midi.is, Skífunni og BT úti á landi. Miðaverð er 2.500 krónur.

600 kall
27. apríl - 3. maí!

MasterCard

MasterCard korthafar fá miðann á 600 kr. dagana 27. apríl - 3. maí, í Smárabíói, Háskólabíói, Sambíóunum Kringlunni og Borgarbíói Akureyri greiði þeir með kortinu.

Meira á www.kreditkort.is/klubbar

Undirmeðvitundarkarnival

Nýjasta mynd leikstjórans Davids Lynch sver sig í ætt við hans fyrri og það gæti reynst skemmtilegt sport að rekja Inland Empire saman við önnur verk hans. Að sumra mati væri hægt að líta á Inland Empire sem samnefnara eða safnhaug fyrir áherslur hans og hugmyndir og víst er af nógu að taka. Kunnugleikinn og annarleikinn takast á í þessari mynd sem skilur mikið eftir sig, bæði furðu og fögnuð.

Inland Empire er verulega dáleiðandi mynd og heimurinn sem Lynch er svo lunkinn við að skapa getur, þegar best lætur, snúið öllu á hvolf í höfðinu á fólki. Hentugt væri að geta slökkt á rökræna spæjaranum í heilabúinu áður en maður sest niður til að horfa á þessa digital-maraþon-martröð því hjá Lynch er engin hefð fyrir hefðbundinni framvindu, frásagnalögmálin eru allt önnur en flestir kollegar hans í leikstjórastétt halla sér að. Það er því fánýtt að reyna að henda reiður á söguþræðinum í þessu margslaga listaverki, sem á köflum er meiri myndlist en formknúin kvikmyndagerð. Þó má upplýsa að við sögu koma ljóshærð leikkona, hópur af hórum og annar til af pólsku fjöllistafólki, framhjáhald, draugagangur, kanínur og skrúfjárn.

Leikararnir fundust mér frábærir, þeir pólsku ekki síðri en Hollywood-stjörnurnar. Laura Dern er mögnuð sem hin margklofna Nikki Grace og liggur styrkur hennar ekki síst í fágaðri viðkvæmni og nærveru. Hún er

ekta Lynch-kvendi. Irons, Theroux og Stanton fengu minna glansrými en nutu sín vel í hálf kómískum sviðsetningum á tökustað. Einnig var ánægjulegt að sjá Juliu Ormond í hlutverki Doris Side, hún fór vel með sinn trylling. Fjölmörgum kunnuglegum andlitum og röddum bregður fyrir í ólíklegustu rullum og er persónugalleríið jafn fjölskrúðugt og búast má við í Lynch-mynd.

Þetta er eiginlega meta-mynd því segja má að hún fjalli um áhorf, það að horfa og láta tælast af einhvers konar skilningi. Þannig eru persónur í myndinni sífellt í hlutverki „sjáenda“ (og þarna eru nokkrir véfréttarlegir karakterar líka), þær horfa á sjónvarpstæki, kvikmyndatjöld, gegnum brunagöt, út um glugga og eins og Lynch-legt má teljast er alls ekki allt sem sýnist.

Fyrir mér er þessi mynd eins og gáta sem gengur ekki upp en það er afskaplega gaman að spreyta sig á henni. **Kristrún Heiða Hauksdóttir**

KVIKMYNDIR

Inland Empire

Leikstjóri og handritshöfundur: David Lynch / Aðalleikarar: Laura Dern, Justin Theroux, Jeremy Irons og Harry Dean Stanton.

★★★★

Marglaga Lynch-listaverk sem krefst þess að fólk skilji skynsemina eftir heima.

Lokaplokk á Nasa í kvöld

Lokatónleikarnir í tónleikaferð Rásar 2 um Ísland með Lay Low, Pétri Ben og Ólöfu Arnalds, undir nafninu Rás 2 plokkar hringinn, verða haldnir á Nasa í kvöld. Hljómsveitin Hjaltalín mun einnig koma fram.

„Þetta hefur gengið alveg frábærlega,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson á Rás 2 um tónleikaferðina. „Við erum að reyna að ná okkur út úr rammanum og sýna að það sé líf og fjör á Rásinni. Við erum mjög stolt af þessu verkefni okkar.“

Þetta er annað árið í röð sem Rás 2 stendur fyrir tónleikaferð um landið, en í fyrra var rokkað hringinn með Ampop, Diktu og Hermigervli. Helsti tilgangur ferðarinnar er að gefa tónlistaráhugafólki á landsbyggðinni tækifæri til að sjá og heyra fremsta tónlistarfólk landsins af yngri kynslóðinni í heimabyggð.

Í BOLUNGARVÍK Hinn fótbrotni Pétur Ben hefur plokkað hringinn að undanförnu undir merkjum Rásar 2.

Pétur Ben lenti í þeirri ógæfu að ökklabrotna eftir tónleika á Akureyri á dögunum. Hann lætur það þó ekki hafa áhrif á sig og spilar núna í gifsi. „Hann stóð úti á götu og rann til í hálku og missteig sig,“ segir Óli Palli. „Hann spilaði samt kvöldið eftir í Hrísey og sýndi að hann er alvörumaður, enginn kettlingur.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 og verður þeim útvarpað beint á Rás 2. Miðaverð er 1.500 krónur. **- fb**

Háskólabíó

NEXT	kl. 6:30 - 8:30 - 10:30	B.i.12	THE GOOD SHEPERD	kl. 5:30 - 8 - 10:40	B.i.12
BREACH	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	B.i.12	BECAUSE I SAID SO	kl. 6:50 - 8:10	Leyfð
TÍMAMÓT	kl. 8 - 10	Leyfð	300.	kl. 10:30	B.i.16

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

BLADES OF GLORY	kl. 3:40 - 5:50 -8-10:10	B.i.12	THE MESSENGERS	kl. 8 - 10:10	B.i.16
BLADES...VIP	kl. 3:40 - 5:50 -8-10:10		MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 4 - 6 - 8	Leyfð
SHOOTER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.i.16	ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL	kl. 3:40 - 5:50	Leyfð
THE GOOD SHEPERD	kl.10:10	B.i.12	WILD HOGS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	b.i.7

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

NEXT	kl. 4 - 6 - 8 - 10	B.i.12	
BLADES OF GLORY	kl. 4 - 6 - 8:10 - 10:20	B.i.12	
BREACH	kl. 8 - 10:20	B.i.12	
ROBINSON... M/- ÍSL TAL	kl. 4	Leyfð	DIGITAL-3D
MEET THE... M/- ENSKU Tali	kl. 6:10	Leyfð	DIGITAL-3D

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

BLADES OF GLORY	kl. 6 - 8 - 10	Leyfð
SHOOTER	kl. 8 - 10:20	B.i.16
MR. BEAN´S HOLIDAY	kl. 6	Leyfð

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

BLADES OF GLORY	kl 6 - 8 - 10	B.i.12
MR. BEAN´S HOLIDAY	kl 6	Leyfð
BECAUSE I SAID SO	kl. 8	Leyfð
THE MESSENGERS	kl. 10	B.i.16

www.SAMbio.is | 575 8900 | www.SAMbio.is

Alba kynþokkafyllst

Bandaríska leikkonan Jessica Alba hefur verið kjörin kynþokkafyllsta kona heims af lesendum breska karlatímaritsins FHM. Í næstu sætum á eftir hinni 25 ára Alba lentu fyrirsætan Keeley Hazell og Eva Longoria, sem leikur í sjónvarpsþáttunum Desperate Housewives. „Hún er hæfileikarík, farsæl og falleg leikkonan sem býr greinilega yfir þeim kynþokka sem allur heimurinn kann að meta," sagði Cris Bell, ritstjóri tímaritsins, um Alba. Á meðal þeirra mynda sem hún hefur leikið í eru Sin City, Fantastic Four og sjónvarpsþættirnir Dark Angel.

Sigurvegarinn frá því í fyrra, Keira Knightley, féll niður í tólfta sæti á listanum. Landa hennar Sienna Miller átti aftur á móti hæsta fallið, úr tólfta sæti í fyrra niður í það 45.

Leikkonan Scarlett Johansson endaði í fimmta sæti, sem er ákveðið skref niður á við eftir að hafa verið kjörin kynþokkafyllsta konan í bandarísku útgáfu FHM á síðasta ári.

JESSICA ALBA Alba hefur verið kjörin kynþokkafyllsta kona heimsins.

Fær slaka dóma

Fyrsta plata söngkonunnar Kristínar Önnu Valtýsdóttur, sem áður var í múm, og eiginmanns hennar Davids Portner, meðlims Animal Collective, fær slaka dóma á bandarísku tónlistarsíðunni Pitchfork.

Platan, sem nefnist Pullhair Rubeye, fær aðeins 1 af tíu mögulegum í einkunn og er sögð niðurdrepandi. Platan er afar tilraunakennd og hefur að geyma átta lög sem eru öll spiluð aftur á bak. „Heil plata með þessari aðferð, píanói, gítar og röddum aftur á bak í 31 mínútu er ekki bara leiðinleg heldur í raun og veru niðurdrepandi," segir í dómnum. Mælir gagnrýnandinn með því að lesendur nálgist upprunalegu útgáfu plötunnar á netinu. Þar sé hún ekki spiluð aftur á bak og hljómi mjög vel.

Platan er gefin út undir nöfnunum Kría Brekkan og Avey Tara, sem eru listamannsnöfn þeirra hjóna. Í dómnum eru þau sögð hafa klárað plötuna á hefðbundinn hátt í desember í fyrra en eftir að hafa fengið innblástur frá nýjustu kvikmynd Davids Lynch, Inland Empire, ákváðu þau að gefa hana út aftur á bak.

MÚM Kristín Anna, lengst til vinstri, þegar hún var ennþá meðlimur múm.

SPRENGJUTILBOÐ

Íbúðir á Benidorm til leigu á ótrúlegu verði.
Í apríl og maí bjóðum við glæsilegar íbúðir til leigu
á einum besta stað á Benidorm.
Hver íbúð hefur svefnpláss fyrir fjóra.

Vikuverð aðeins 27.000 kr.
Upplýsingar og bókanir hjá espis@espis.net
Símar: 0034-697-586-424 og 0034-687-797-778.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Forsala á hasarmyndina **Spider-Man 3**, sem af mörgum er talin fyrsta stórmynd sumarsins, hefst í dag á midi.is. Myndin verður frumsýnd hérlendis föstudaginn 4. maí og bíða vafalítið margir spenntir eftir að kynnast nýjustu ævintýrum köngulóarmannsins.

Myndin, sem var nýverið Evrópufrumsýnd í London, hefur fengið mjög góðar viðtökur og er til að mynda með 8,4 í einkunn af 10 mögulegum á kvikmyndasíðunni imdb.com.

> Garðar á skotskónum

Garðar Gunnlaugsson skoraði fyrsta mark Norrköping í 3-0 sigri á Enköping í sænsku 1. deildinni í gærkvöldi. Garðar skoraði markið í uppbótartíma fyrri hálfleiks og er nú búinn að skora tvö mörk í fyrstu þremur leikjum Norrköping á tímabilinu. Garðar er einn af markahæstu mönnum deildarinnar og liðið er í efsta sæti deildarinnar með sjö stig og markatöluna 4-0. Annar leikur var í sænsku 1. deildinni er Landskrona vann Häcken, 2-1. Ari Freyr Skúlason lagði upp mark Häcken og lék fyrstu 84 mínútur leiksins.

sport
sport@frettabladid.is

KÁRI KRISTJÁN KRISTJÁNSSON: ÓVÍST MEÐ FRAMTÍÐ HANS HJÁ HAUKUM

Þýsk og spænsk lið hafa áhuga á Kára Kristjáni

Svo gæti farið að Eyjapeyjinn Kári Kristján Kristjánsson væri á leið í atvinnumennskuna. Hann segir að bæði þýsk og spænsk úrvalsdeildarlið hafi sýnt honum áhuga en þessi sterki línumaður hefur nú verið í herbúðum Hauka í tvö tímabil.

„Framtíðin er óráðin eins og er. Það er ekki skothelt að ég verði áfram hjá Haukum og allt í lausu lofti," sagði Kári Kristján, sem fundaði með forráðamönnum Hauka í gær. „Það kom engin niðurstaða úr þeim fundi."

Síðustu mánuði hafa þreifingar átt sér stað varðandi þýsk og spænsk úrvalsdeildarlið og ekki loku fyrir það skotið að hann gangi til liðs við atvinnumannalið á næstu vikum.

„Þetta er allt á gráu svæði og því get ég ekki greint frá því um hvaða lið er að ræða. En þetta er eitthvað sem hefur verið í gangi undanfarna mánuði og vonandi fer boltinn að rúlla á næstunni. Þá gæti hugsanlega verið hægt að ganga frá þessu í næstu viku."

Aðspurður segist hann spenntari fyrir þýsku úrvalsdeildinni. „Hún myndi henta mér betur og væri meira spennandi kostur fyrir mig. Það eru þó engin tilboð komin eins og er og ég er því afar rólegur. Maður gerir ráð fyrir því að þessi stærstu lið einbeiti sér fyrst að því að ná í stóru bitana og eru væntanlega flest búin að því. Það gæti því eitthvað spennandi komið upp fljótlega."

Fjöldamargir íslenskir handboltamenn eru á mála hjá erlendum liðum. Kári Kristján segir að ástæðan fyrir velgengni þeirra sé að gott orð fari af þeim. „Íslendingar eru þekktir fyrir að vera metnaðarfullir og duglegir. Enda er ótrúlegt að sjá hversu margir íslenskir leikmenn eru í sterkustu deild heims, þýsku úrvalsdeildinni."

RAUTT Tim Wiese, markvörður Bremen, gengur af velli í gær. MYND/GETTYIMAGES

UEFA-bikarkeppnin:

Espanyol valtaði yfir Bremen

FÓTBOLTI Fyrri leikirnir í undanúrslitum UEFA-bikarkeppninnar fóru fram í gærkvöldi. Allt útlit er fyrir að tvö spænsk lið verði í úrslitum keppninnar en þrjú eru í undanúrslitum. Það fjórða, Werder Bremen frá Þýskalandi, tapaði illa fyrir Espanyol á útivelli í gær, 3-0. Í þokkabót fékk Tim Wiese markvörður að líta rauða spjaldið í leiknum og verður í banni í næsta leik.

Moises, Walter Pandiani og Coro skoruðu mörk Espanyol í gær. Í hinum leiknum vann Osasuna núverandi meistara Sevilla, 1-0, með marki Roberto Soldado á 55. mínútu. Leikið var á heimavelli Osasuna. **- esá**

Sænska bikarkeppnin:

Ólafur skoraði sitt fyrsta mark

FÓTBOLTI Ólafur Ingi Skúlason skoraði sitt fyrsta mark fyrir sænska úrvalsdeildarliðið Helsingborg er hann gerði þriðja mark liðsins í 4-0 sigri á Hässleholm í sænsku bikarkeppninni í gærkvöldi.

Sölvi Geir Ottesen skoraði einnig fyrir sitt lið, Djurgården, í 2-0 sigurleik á Norrby í sömu keppni. Sigurður Jónsson er þjálfari Djurgården en Sölvi lék allan leikinn í stöðu miðvarðar.

Jóhann B. Guðmundsson lék síðari hálfleikinn er lið hans, GAIS, tapaði fyrir neðrideildarliðinu Skövde, 2-1. Þá léku þeir Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson allan leikinn fyrir IFK Gautaborg sem vann Ängelholm, 6-3, í vítaspyrnukeppni eftir framlengdan leik. - esá

Hermann loksins orðinn góður af meiðslum sínum

Hermann Hreiðarsson hefur undanfarna þrjá mánuði átt við hnjámeiðsl að stríða. Þrátt fyrir það hefur hann misst af fáum leikjum með Charlton í ensku úrvalsdeildinni en liðið stendur í harðri baráttu fyrir veru sinni í deildinni.

FÓTBOLTI Landsliðsmaðurinn Hermann Hreiðarsson er loksins orðinn heill af hnjámeiðslum sem hafa plagað hann undanfarna þrjá mánuði. Þetta sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég held að ég sé loksins orðinn góður," sagði Hermann, sem kom inn á sem varamaður í 1-1 jafnteflisleik gegn Sheffield United um síðustu helgi. „Það gekk vel um helgina og ég fann ekkert fyrir neinum eymslum. Stjórinn ætlaði helst ekki að nota mig í leiknum en neyddist til þess," sagði Hermann. Þrjár umferðir eru eftir í ensku úrvalsdeildinni og er Charlton enn í fallsæti, tveimur stigum frá öruggu sæti.

Alan Pardew, stjóri liðsins, hefur lagt ríka áherslu á að Hermann spili með liðinu þrátt fyrir meiðslin og hefur hann af þeim sökum aðeins misst af einum og hálfum leik undanfarna þrjá mánuði. „Þetta er auðvitað búið að vera hundleiðinlegt hvernig sem á það er litið. En sem betur fer virðist þetta vera orðið gott."

Fjögur stig skilja að liðin í fimmtánda til nítjánda sæti og þyrfti Charlton því helst tvo sigra í síðustu þremur leikjunum til að gulltryggja veru sína í deildinni. Liðið mætir þó engum aukvisum á lokasprettinum. Um helgina mætir Charlton liði Blackburn á útivelli, þá Tottenham á heimavelli og loks Liverpool á Anfield.

„Það eru engir auðveldir leikir í þessari deild en sjálfstraustið í liðinu er gott og við vitum að ef við eigum góðan dag getur allt gerst. Okkur hefur gengið vel að undanförnu og tapað aðeins einum leik af síðustu átta. Við höfum einnig nú spilað við öll þessi lið sem eru í fallbaráttunni með okkur og unnið tvö þeirra og gert tvö jafntefli. Það er því ágætis ról á liðinu og menn hafa staðist pressuna þokkalega."

BARÁTTUHUNDUR Hermann Hreiðarsson er hér vígalegur á svip er hann fagnar góðum sigri Charlton í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Charlton hefur verið í miklu basli í vetur en eftir að Pardew tók við félaginu hefur horft til betri vegar. „Hann hefur blásið nýju lífi í liðið og það er hugur í mannskapnum."

Hann segist ekkert hafa hugsað um hvað verði um hans framtíð hjá félaginu ef liðið falli. „Maður hugsar ekki svo langt enda kemur ekkert annað til greina en að halda okkur uppi."

Í haust bárust fregnir af því að minnst fimm úrvalsdeildarfélög sýndu Hermanni áhuga og gerðu einhver þeirra Charlton tilboð. Félagið vildi hins vegar ekki semja og gerði Hermann því þriggja ára samning við það. Hann segist ekki sjá eftir því nú.

„Ég hef verið mjög ánægður hér. Auðvitað hefði það verið gaman að fara í stærri klúbb en þetta hefur komið svo oft upp hjá mér að ég er orðinn vanur þessu. Ef eitthvað gerist þá gerist það bara."

Hermann missti af landsleik Íslands gegn Spáni í síðasta mánuði en hann ætlar sér ekki að missa af fleirum á næstunni. „Það er nú kominn tími á okkur að hala inn einhver stig."

eirikur@frettabladid.is

LOK OG LÆS Valskonur fundu enga leið í gegnum vörn Gróttu í seinni hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Deildarbikar kvenna:

Stjarnan og Grótta í úrslit

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Stjörnunnar og Grótta eru komin í úrslit deildarbikars kvenna í handbolta eftir að bæði lið unnu leiki tvö í undanúrslitunum í gær. Það verða því engir oddaleikir hjá stelpunum í ár.

Stjarnan vann sjö marka sigur, 33-26, á Haukum á Ásvöllum í gær eftir að hafa verið 16-14 yfir í hálfleik. Stjarnan vann báða leikina við Hauka með nokkrum yfirburðum. Stjarnan mætir Gróttu í úrslitaeinvíginu en Gróttukonur tryggðu sér sæti í úrslitunum með 28-22 sigri á Val í Seljaskóla í gær.

Valur var yfir í hálfleik, 13-11, en Gróttustelpur fóru á kostum í þeim seinni, sérstaklega Eva Margrét Kristinsdóttir sem skoraði alls 11 mörk í leiknum. Drífa Skúladóttir var markahæst hjá Val með 6 mörk. **- óój**

Þýski handboltinn:

Mikilvægur sigur Lübbecke

HANDBOLTI TuS N-Lübbecke náði sér í dýrmæt stig í fallbaráttunni í þýsku úrvalsdeildinni er liðið vann góðan sigur á Göppingen, 30-27. Þórir Ólafsson lék reyndar ekki með Lübbecke en Birkir Ívar Guðmundsson stóð á milli stanganna fyrir liðið. Jaliesky Garcia lék sem fyrr ekki með Göppingen vegna meiðsla. **- esá**

Ýmsir hlutir til veitingarekstrar.

Erum að selja notaða hluti til veitingarekstrar.

S.s. blástursofna, uppþvottavél, leirtau (Villeroy & Boch), borð og stóla, hljómtæki þ.m.t Karaoke magnari, spilari og diskar.

Nánari upplýsingar, Júlíus GSM 893-3569.

Undanúrslit Lengjubikars karla fara fram í Egilshöllinni og á Stjörnuvelli í kvöld:

Annar riðillinn miklu sterkari?

FÓTBOLTI Undanúrslit Lengjubikars karla fara fram í kvöld þegar Víkingur tekur á móti Val í Egilshöllinni og Íslandsmeistarar FH mæta nýliðum HK á Stjörnuvelli. Sigurvegarar leiksins mætast síðan í úrslitaleik keppninnar á þriðjudaginn kemur.

Það vekur athygli að öll fjögur liðin voru saman í 1. riðli og slógu öll út andstæðinga sína úr hinum riðlinum í átta liða úrslitunum. Breiðablik og KR, sem höfðu saman aðeins tapað einum leik, duttu þannig út fyrir liðum Víkings og HK sem urðu í 3. og 4. sæti í sínum riðli.

Valur vann Víking 2-1 í leik liðanna í riðlakeppninni en FH og HK gerðu aftur á móti markalaust jafntefli. HK er komið í undanúrslit keppninnar þrátt fyrir að hafa aðeins skorað 7 mörk í átta leikjum. Framlengja þurfti leik liðsins gegn KR og grípa til vítaspyrnukeppni þar sem sexfaldan bráðabana þurfti til að fá úrslit.

FH-ingar geta unnið þessa keppni annað árið í röð og orðið enn fremur fyrsta liðið til þess að vinna deildabikarinn í fjórða sinn. FH, ÍA og KR hafa öll unnið keppnina þrisvar sinnum en hin þrjú liðin í undanúrslitunum í ár eru hins vegar á höttunum eftir sínum fyrsta deildabikartitli. **- óój**

HK VANN KR HK vann góðan sigur á KR í fjórðungsúrslitum eftir æsispennandi vítaspyrnukeppni. Hér má sjá viðbrögð KR-inga eftir mark HK. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LAGER SALA

LOKAÚTKALL
LAGERSÖLU LÝKUR Á SUNNUDAG

LEIKIR

PS2 4.999

PS3 5.899

XBOX 299

DVD MYNDIR

699

699

699

699

TAKMARKAÐ MAGN 1.499

TAKMARKAÐ MAGN 1.499

PC LEIKIR

799

699

799

TÓNLIST

999

899

4.999

999

999

999

S·K·Í·F·A·N

TÓNLIST
TÖLVULEIKIR

DVD MYNDIR
DVD TÓNLIST

SKEIFUNNI 17

OPIÐ ALLA HELGINA:
11:00 -19:00

HÖRÐUR BJARNASON Verður ekki með Víkingum í sumar.

Áfall fyrir Víkinga:

Hörður með slitin krossbönd

FÓTBOLTI Hörður Bjarnason verður ekki með Víkingum í sumar þar sem hann sleit krossbönd í hné í æfingaferð liðsins til Portúgal fyrir skömmu. Hörður var eini bakvörðurinn sem var eftir í liði Víkings og eru því góð ráð dýr fyrir Magnús Gylfason, þjálfara liðsins.

Víkingar hafa misst fjölda leikmanna úr liði sínu. Viktor Bjarki Arnarsson og Höskuldur Eiríksson fóru í atvinnumennskuna í Noregi og Ingvar Kale markvörður verður einnig frá í sumar vegna meiðsla. Þar að auki fóru nokkrir leikmenn frá liðinu en Víkingar hafa þó fengið aðra í staðinn, en enga varnarmenn. **- esá**

Norska úrvalsdeildin:

113 útlendingar hjá liðunum

FÓTBOLTI Alls eru 113 erlendir leikmenn á mála hjá norskum úrvalsdeildarliðum samkvæmt úttekt Rogalands Avis. Alls leika fjórtán Íslendingar í norsku úrvalsdeildinni eins og er og eru því rúm tólf prósent þessa hóps.

Viking er með hæsta hlutfall erlendra leikmanna í sínum hópi, alls tólf af 25 leikmönnum eða 48 prósent. Þrír Íslendingar eru í liði Viking; þeir Birkir Bjarnason, Hannes Þ. Sigurðsson og Höskuldur Eiríksson.

Fæstir eru í Vålerenga og Tromsö, þrír talsins. Árni Gautur Arason er markvörður fyrrnefnda liðsins. - esá

Þjálfaramál kvennaliðs Keflavíkur í Iceland Express-deildinni körfubolta:

Jón Halldór áfram þjálfari Keflavíkurliðsins

KÖRFUBOLTI Jón Halldór Eðvaldsson verður áfram þjálfari kvennaliðs Keflavíkur í körfuboltanum en undir hans stjórn náði liðið í silfurverðlaun á Íslandsmóti, bikarkeppni og í deildinni.

„Er þetta ekki aðalástæðan fyrir því að maður ákvað að vera áfram? Ég ætla að reyna eins og ég get að vinna þetta á næsta ári en það munaði alveg óþarflega litlu í vetur," segir Jón Halldór en Keflavík vann 21 af 33 leikjum undir hans stjórn í öllum keppnum síðasta vetur.

„Þetta var bara einn stór sleikur eins og maðurinn sagði," lýsir Jón Halldór í léttum tón samningaviðræðum sínum við stjórnina í Keflavík. „Ég var með tveggja ára samning sem var uppsegjanlegur af báðum aðilum. Ég hafði áhuga á því að vera áfram og þeir höfðu áhuga á að hafa mig áfram og það voru bara nokkrir hlutir sem þurftu að komast á hreint áður en við kláruðum þetta."

Jón Halldór býst ekki við miklum breytingum á liði Keflavíkur næsta vetur. „Ég held að það séu allir í liðinu búnir að ganga frá því að verða áfram," segir Jón, sem vonast einnig eftir því að bandaríski bakvörðurinn Keksha Watson spili annað tímabil í Keflavík. „Það eru 95% líkur á því að hún verði áfram og þetta snýst eigilega um það hvort hún nái sér af meiðslunum. Hún fer í aðgerð á morgun (í dag) og það verður tekin ákvörðun í kjölfar hennar. Ef það verður í lagi með löppina á henni þá kemur hún aftur," segir Jón Halldór en Watson spilaði frábærlega með Keflavík í vetur þrátt fyrir að spila meidd.

MUNAÐI LITLU Jón Halldór Eðvaldsson fór með Keflavík bæði í bikarúrslit sem og lokaúrslitin um Íslandsmeistaratitlinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jón Halldór ætlar sér stóra hluti næsta vetur.

„Liðið hefur alla burði til þess að verða Íslandsmeistari á næsta tímabili og við vorum ótrúlega nálægt því í vetur. Það vantaði bara herslumuninn. Nú er Helena Sverrisdóttir farin frá Haukum og ég held að ef Haukarnir ná sér bara í Kana þá verði þetta barátta á milli Keflavíkur og Grindavíkur," spáir Jón Halldór um næsta tímabil. **- ööj**

Ásthildur hefur aldrei byrjað betur

Landsliðsfyrirliðinn hefur skorað 5 af 9 mörkum LdB FC Malmö í fyrstu þremur umferðum sænsku deildarinnar, hún er langmarkahæst og aðeins fjögur lið í deildinni hafa skorað fleiri mörk en hún.

FÓTBOLTI Ásthildur Helgadóttir og félagar hennar í LdB FC Malmö hafa byrjað vel í sænsku deildinni og eru með fullt hús stiga eins og sænsku meistararnir í Umeå IK.

„Við erum sterkari en í fyrra. Allir leikmenn hafa bætt sig aðeins, við erum búnar að búa til sterkari liðsheild og erum með stærri hóp en í fyrra. Það eru sömu áherslur í gangi, við erum með sama þjálfara, með sömu lykilleikmenn, sömu leikaðferð og sama leikskipulag en það virkar allt miklu betur enda við greinilega búnar að ná að slípa liðið betur saman," segir Ásthildur sem glímdi við óvissuástand í allan vetur um hvort hún gæti spilað með Malmö í sumar. Á endanum gekk það upp en það þýddi að hún æfði ekki mikið með liðinu. „Ég var í stöðugu sambandi við þjálfarann og hljóp mikið sjálf. Ég vissi að ég væri í mjög góðu líkamlegu ástandi en það hefur gengið betur en ég bjóst við að komast í leikformið," segir Ásthildur, sem skoraði eina mark fyrsta leiksins en hefur síðan skorað tvö mörk í leik í tveimur öruggum sigrum.

Ásthildur hefur aldrei byrjað betur í sænsku deildinni, hvort sem litið er á gengi liðsins eða markaskorun; hún er með tveggja marka forustu sem markahæsti leikmaður deildarinnar eftir fyrstu þrjár umferðinar enda eru aðeins fjögur lið fyrir utan LdB FC Malmö búin að skora fleiri mörk en hún.

FIMMTUGASTI LEIKURINN Ásthildur Helgadóttir spilar á laugardaginn sinn 50. leik í sænsku úrvalsdeildinni. Hún hefur skorað 43 mörk í fyrstu 49 leikjum sínum. Hér er hún með Theresu Lundin, stöllu sinni í framlínu Malmö.

„Ég er alveg sammála að þetta sé besta byrjunin á tímabili hjá mér og sérstaklega þar sem við erum búnar að vinna fyrstu þrjá leikina því við höfum aldrei áður byrjað það vel. Það hefur líka gengið vel hjá mér, sem er bara bónus," segir Ásthildur Helgadóttir og þetta er bara byrjunin.

„Við ætlum okkur að vera af fullri alvöru í toppbaráttunni og við höfum fulla trú á því að við getum það. Það er mikið sjálfstraust í liðinu," segir Ásthildur, sem segist ekkert dreyma um markakóngstitilinn sem hún vann tvisvar sinnum á Íslandi, fyrst með Breiðabliki 1996 og svo aftur með KR 2002.

„Það er mikilvægast fyrir mig að liðið vinni. Vonandi get ég skorað mörk til þess að hjálpa liðinu og það verður síðan bara að koma í ljós hversu mörg þau verða. Þetta er ekki nokkuð sem ég hugsa mikið um en það er auðvitað gaman að vera meðal markahæstu manna," segir Ásthildur, sem varð í 3. sæti á markalistanum í fyrra og í 6. sæti fyrir tveimur árum. Samkvæmt sömu lögmálum ætti hún að taka markakóngstitilinn í sumar.

Ásthildur segist fyrst núna komin með hugarfar framherjans.

„Það er gaman að því að fá að spila sem framherji hér í Svíþjóð. Ég hafði alltaf verið á miðjunni á Íslandi og ég finn það núna að það hefur tekið mig ákveðinn tíma að breyta hugsunarhættinum og leikstílnum til þess að spila sem framherji. Ég nýt þess að spila frammi," segir Ásthildur.

ooj@frettabladid.is

Réttu tækin í þrifin

Háþrýstingur á bílinn, stéttina og húsið

Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

Vortilboð 2007
Nilfisk-ALTO
háþrýstidælur

51.888 kr.

Nilfisk-ALTO P160 1-15 B X-tra

Dæluþrýstingur: 160 bör.
Vatnsmagn: 650 l/klst.

12.888 kr.

Nilfisk-ALTO C120 2-6

Dæluþrýstingur: 120 bör.
Vatnsmagn: 520 l/klst.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Tilboðið gildir út maí 2007 eða meðan birgðir endast.

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

RV6234C

STOPP Tite Kalandadze grípur hér Sigurð Eggertsson föstum tökum í leiknum á miðvikudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Basl á Íslandsmeisturunum í Deildarbikar karla:

Endurtekur sagan sig?

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Vals eru ekki komnir niður á jörðina eftir sigurhátíðina um síðustu helgi.

Valsmenn töpuðu fyrsta leik sínum í undanúrslitaeinvígi sínu við Stjörnuna í deildarbikar karla á miðvikudagskvöldið. Hinir nýkrýndu meistarar eru því úr leik tapi þeir leik tvö sem fram fer í Garðabæ í kvöld en með sigri tryggja þeir sér oddaleik á sunnudaginn.

Líkt og í fyrra er allt annað en auðvelt að koma beint úr Íslandsmeistarafögnuðinum inn í nýja keppni. Meistararnir töpuðu þannig báðum sínum leikjum í fyrra þegar Fylkir sló Fram út úr undanúrslitunum 2-0. Það gæti orðið þrautin þyngri fyrir Valsmenn að tryggja sér oddaleik því þeir töpuðu fyrri leik sínum í Ásgarði með sjö marka mun, 33-26, þar sem munurinn fór mestur upp í þrettán mörk (28-15) í seinni hálfleik. HK getur tryggt sér sæti í undanúrslitunum með sigri á Fram í hinum leiknum en fyrri leikur liðanna var mjög jafn og spennandi.

Keppnisfyrirkomulag deildarbikarsins hefur verið gagnrýnt og keppnin fer nú fram í síðasta sinn með núverandi fyrirkomulagi. Á næsta ári verður deildarbikarinn spilaður milli jóla og nýárs. **- ööj**

Af hverju að borga of háa vexti?

Hefur þú hugleitt hversu mikið þú sparar með því að vera með yfirdráttinn hjá S24? Borgaðu lægri vexti og gerðu eitthvað skemmtilegt fyrir mismuninn!



S24 ...og þú hagnast

EINN TVEIR OG PRÍR 312.161

Sæktu um... www.s24.is

FLOTTUR LEIKMAÐUR Monta Ellis á mikinn þátt í uppkomu Golden State Warriors í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Verðlaun í NBA-deildinni:

Monta Ellis bætti sig mest

KÖRFUBOLTI Monta Ellis, bakvörður Golden State, er sá leikmaður sem bætti sig mest í NBA-deildinni. Ellis fékk þremur atkvæðum fleira en Kevin Martin hjá Sacramento og er þetta jafnasta kosning sögunnar.

Ellis skoraði 16,5 stig (6,8 í fyrra), gaf 4,1 stoðsendingu (1,6) og tók 3,2 fráköst (2,1) að meðaltali í vetur. Martin bætti stigaskor sitt frá 10,8 stigum í fyrra upp í 20,2 stig í vetur. Ellis er á sínu öðru ári í deildinni en hann sleppti því að fara í háskóla og var valinn númer 40 í nýliðavalinu 2005. **- óój**

Körfuboltinn í Reykjavík:

Nýir útivellir

KÖRFUBOLTI Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs og ÍTR, tilkynnti það í boði borgarstjórnar Reykjavíkur fyrir Íslandsmeistara KR og bikarmeistara ÍR í gær, að borgin ætlaði að byggja nokkra nýja útikörfuboltavelli á höfuðborgarsvæðinu. Þetta verða svipaðir vellir og þeir sem eru við Holtaskóla í Reykjanesbæ.

Björn Ingi sagði að mikill áhugi væri fyrir körfuknattleik í landinu um þessar mundir og að Reykjavíkurborg fyndi fyrir mikilli uppsveiflu íþróttarinnar.

Í boðinu kom einnig fram að parkett yrði sett í DHL-höll KR-inga í sumar og að í framtíðinni myndu ný íþróttahús sem borgin byggir verða með parkettgólfi. Til stendur að byggja nýtt og glæsilegt íþróttahús í Mjóddinni sem ÍR-ingar munu hafa afnot af og þar hefur verið ákveðið að hafa parkett. **- óój**

BESTUR Í ODDALEIKNUM Helgi Már Magnússon skoraði 16 stig í úrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úrslitakeppnin í Sviss:

Helgi og félagar í undanúrslit

KÖRFUBOLTI Helgi Már Magnússon og félagar hans í BC Boncourt eru komnir í undanúrslitin í baráttunni um svissneska meistaratitilinn.

Helgi Már átti sinn besta leik í seríunni þegar Boncourt vann BBC Monthey 77-60 í oddaleik um sæti í undanúrslitunum gegn Benetton Fribourg Olympic. Helgi Már skoraði alls 16 stig í leiknum sem er tvöfalt meira en hann skoraði að meðaltali í fyrstu fjórum leikjunum, og var því sannarlega bestur þegar mest á reyndi.

Mótherjar Helga og félaga í undanúrslitunum eru gríðarlega sterkir. Þeir eru handhafar allra titla í svissneska boltanum og hafa aðeins tapað tveimur leikjum á öllu tímabilinu. **- óój**

Stóru titlarnir í körfunni hafa ekki verið báðir í höfuðborginni í 24 ár, eða síðan að Valur vann tvöfalt 1983:

Sögulegur vetur hjá Reykjavíkurliðunum

KÖRFUBOLTI Niðurstaða vetrarins er söguleg fyrir körfuboltann í höfuðborginni því í fyrsta sinn síðan úrslitakeppnin var tekin upp eru bæði Íslands- og bikarmeistaratitilinn í höndum félaga úr borginni. Samfeld sigurganga Suðurnesjaliða er enn fremur á enda.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri bauð til móttöku í Höfða í gær til að fagna Íslandsmeisturum KR og bikarmeisturum ÍR. Báðir stóru titlarnir í körfunni eru í höfuðborginni í fyrsta sinn í 24 ár. Það gerðist síðast veturinn 1982 til 1983 þegar Valsmenn unnu tvöfalt. Það er enn lengra síðan bikararnir voru í höndum tveggja höfuðborgarfélaga því árið 1978 vann KR Íslandsmeistaratitilinn og ÍS tók bikarmeistaratitilinn. Í millitíðinni höfðu Valsmenn (1980) og KR-ingar (1979) unnið tvöfalt.

KR og ÍR eru tvö af sigursælustu félögum í sögu íslenska körfuboltans en stærsti hluti titla félaganna kom á sjöunda og áttunda áratugnum. ÍR-ingar hafa unnið flesta Íslandsmeistaratitla allra félaga eða fimmtán og ekkert félag hefur orðið bikarmeistari oftar en KR en Vesturbæingar hafa tekið bikarinn ellefu sinnum.

Suðurnesin hafa verið Mekka körfuboltans undanfarin ár en að þessu sinni fór enginn stór titil þangað, hvorki í karla- né kvennaflokki. Það gerðist síðast árið 1983, þannig að um leið og höfuðborgarliðin enda langa bið eru þetta ákveðin kaflaskipti fyrir lið Njarðvíkur, Keflavíkur og Grindavíkur. **- óój**

STOLTIR Þjálfarar og fyrirliðar KR og ÍR ásamt borgarstjóranum Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni. Frá vinstri Benedikt Guðmundsson, Fannar Ólafsson, Vilhálmur, Eiríkur Önundarson og Jón Arnar Ingvarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Stórstjörnur sem ætla að sanna sig

Margar stórstjörnur NBA-deildinnar spila oft mjög fáa leiki á sínum ferli í maí- og júnímánuði. Fimm af þeim dreymir nú um að bæta úr því í úrslitakeppni NBA-deildarinnar í ár og byrjunin lofar góðu.

KÖRFUBOLTI Úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta er komin á fullt og líkt og í fyrra hafa verið óvænt úrslit í fyrstu leikjunum.

Fimm stjörnuleikmenn deildarinnar eru mættir meðal annarra í úrslitakeppnina til þess að sýna það og sanna að þeirra tími geti einnið runnið upp í maí og júní.

Þeir Steve Nash, Chris Webber, Tracy McGrady, Yao Ming og Vince Carter eiga allir það sameiginlegt að vera í hópi stærstu stjarna NBA-deildarinnar undanfarin ár en enginn þeirra hefur spilað leik í lokaúrslitum um titilinn.

Menn eins og Dirk Nowitzki, Jason Kidd og Allen Iverson standa þeim aðeins framar því þótt þeir eigi engan meistarahring hafa þeir spilað á stóra sviðinu, Nowitzki með Dallas í fyrra, Kidd tvisvar með New Jersey og Iverson með Philadelphia 2001.

Steve Nash hjá Phoenix hefur kosinn besti leikmaður NBA-deildarinnar undanfarin tvö ár. Hann hefur þrisvar sinnum komist í úrslit vesturdeildarinnar, síðustu tvö tímabil með Phoenix og síðan vorið 2003 með Dallas, en hann hefur aldrei fengið tækifæri til þess að spila um meistaratitilinn. Suns-liðið hefur aldrei komið sterkara til leiks en einmitt nú og byrjunin á einvíginu gegn Lakers gefur góð fyrirheit um að titildraumur Nash gæti ræst í ár.

Chris Webber, sem nú spilar með Detroit, hefur líkt og Nash setið eftir með sárt ennið í úrslitum Vesturdeildar. Webber komst næst því að spila um titilinn vorið 2002 þegar Sacramento Kings tapaði í sjöunda leik á móti Lakers í úrslitaeinvígi vesturdeildar. Lakers vann síðan úrslitaeinvígið 4-0 á móti New Jersey Nets. Webber hefur spilað 64 leiki í úrslitakeppninni með Golden State, Washington, Sacramento og Philadelphia. Webber er nú kominn til Detroit Pistons, sem hefur besta árangurinn í Austurdeildinni og er líklegt til að fara alla leið í úrslitin.

Tracy McGrady og Yao Ming hefur mistekist að koma Houston Rockets upp úr fyrstu umferð úrslitakeppninnar undanfarin ár og tími þeirra saman hefur einkennst af meiðslum á meiðsl ofan. Nú líta málin vel út fyrir þá félaga, Houston vann tvo fyrstu leikina gegn Utah og það stefnir í að eytt öflugasta tvíeyki deildarinnar fari loksins að skila einhverjum árangri í úrslitakeppninni.

Það er enginn einbeittari í að slá út Toronto en einmitt Vince Carter hjá New Jersey Nets. Carter stakk af frá Toronto þar sem hann vildi komast til liðs sem ætti möguleika á að vinna eitthvað. Dvöl hans í New Jersey hefur skilað litlu og það væri sárt fyrir hann að horfa upp á sitt fyrra lið enda enn einn úrslitakeppnisdrauminn. Það hafa aðeins fjórir leikmenn skorað fleiri stig að meðaltali í úrslitakeppninni (27,3) en hann á enn eftir að komast lengra en í gegnum fyrstu umferð. Nets-liðið stal heimavallarréttinum í fyrstu tveimur leikjunum í Kanada og hefur alla möguleika til þess að komast áfram.

Allir þessir leikmenn eru komnir á seinni hluta sína ferils, þeir hafa sannað sig sem leikmenn en eiga eftir að sanna sig sem sigurvegarar. Það er löngu sannað að leikmenn komast aldrei í heldri manna tölu í NBA-deildinni fyrr en þeir fara alla leið í úrslitakeppninni. **ooj@frettabladid.is**



VONBRIGÐI Steve Nash hefur tapað í úrslitum Vesturdeildar þrisvar á síðustu fjórum árum. NORDIC PHOTOS/GETTY

KUNNIR KAPPAR Vince Carter og Jason Kidd hafa ekki náð langt saman hingað til. NORDIC PHOTOS/GETTY

BESTA TVÍEYKIÐ Tracy McGrady gefur Yao Ming orð í eyra. NORDIC PHOTOS/GETTY

ÞRAUTAGANGA Chris Webber gefur nú allt fyrir tiilinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ótrúleg sigurganga KR-ingsins Brynjars Þórs Björnssonar í drengjaflokki undanfarin fjögur körfuboltatímabil:

Skoraði 20 stig á síðustu fimm mínútunum

KÖRFUBOLTI KR-ingurinn Brynjar Þór Björnsson vann um síðustu helgi sinn sjöunda stóra titil í drengjaflokki á fjórum árum þegar hann og félagar hans unnu Keflavík 109-100 í úrslitaleik. Leikmenn eru aðeins tvö ár í flokknum en Brynjar spilaði tvö ár í drengjaflokki áður en hann gekk formlega upp í hann.

Það eru örugglega fáir búnir að gleyma því þegar þriggja stiga karfa Brynjars tryggði KR-ingum framlengingu í oddaleik gegn Snæfelli í undanúrslitunum Iceland Express-deildar karla. KR vann leikinn og varð síðan Íslandsmeistari.

Í úrslitaleik drengjaflokks voru það enn á ný hetjutilburðir Brynjars sem sáu til þess að KR-ingar urðu Íslandsmeistarar. Brynjar hreinlega skaut sína menn aftur inn í leikinn þegar leikurinn var að flestra mati tapaður. Þegar aðeins fimm mínútur voru eftir af leiknum var KR-liðið komið 11 stigum undir, 88-77. Brynjar var ekki á því að gefast upp og skoraði fjóra þrista og alls 20 stig á síðustu fimm mínútunum. Síðasta þriggja stiga karfan kom rétt innan miðju og tryggði KR framlengingu sem liðið vann 13-4. Brynjar endaði leikinn með 44 stig, 10 fráköst og 10 stoðsendingar.

Brynjar er því Íslandsmeistari í bæði meistaraflokki og drengjaflokki og í báðum tilfellum komu KR-ingar á óvart og unnu titilinn á lokasprettinum eftir að hafa verið undir megnið af leiknum.

Brynjar er á sínu síðasta ári í drengjaflokknum en hefur orðið fjórum sinnum Íslandsmeistari og þrisvar sinnum bikarmeistari. KR vann alla sjö úrslitaleikina sem hann spilaði í flokknum og í þeim var þessi mikla skytta með 27,4 stig að meðtali auk þess að taka 10,1 frákast, eiga 5,1 stoðsendingu og stela 4,1 bolta í leik.

Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari KR-liðsins, var þarna að vinna sinn fimmta titil með flokknum á undanförnum sex árum. **- óój**

EINSTAKUR ÁRANGUR Brynjar Þór Björnsson spilar alltaf vel á úrslitastundum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

Síminn

skemmtilegri

HVER VERÐUR NÆSTA
SJÓNVARPSSTJARNA ÍSLANDS?

LEITIN AÐ STRÁKUNUM
Í KVÖLD KL. 20:30



THE SIMPSONS - kl. 20:05

LEITIN AÐ STRÁKUNUM - kl. 20:30

BEAUTY AND THE GEEK - kl. 21:10

dagskrá

> Toni Collette

Toni fæddist í Ástralíu árið 1972. Þegar hún var ellefu ára gerði hún sér upp botnlangakast af einskærum leiðindum og athyglisþörf. Hún lék svo vel að læknarnir neyddust til að fjarlægja botlangann, jafnvel þótt ekkert kæmi í ljós úr rannsóknum. Árið 1999 hlaut hún Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir að leika í myndinni The Sixth Sense sem sýnd er í Sjónvarpinu kl. 00.30.

VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON GLOPRAR ÚT ÚR SÉR LEYNDARMÁLUM

VARÚÐ – SPILLIEFNI

Það skal tekið fram að þeir sem ætla að horfa á myndina The Sixth Sense í kvöld og hafa ekki séð hana ættu að hætta lestri þessa pistils nú þegar. Hér er nefnilega að finna stórhættulegt efni sem getur hamlað endorfínframleiðslu líkamans og spillt þeirri vellíðan sem fylgir óvæntri uppljóstrun. Jæja, þá erum við ein eftir sem vitum að náunginn sem Bruce Willis leikur í myndinni er í rauninni steindauður. Skemmtileg hvörf a tarna. Kannski er best að ég vari alfarið við frekari lestri, því ég bara verð að leysa frá skjóðunni um fleira. Hafið þið ekki séð hinar myndirnar eftir handritshöfundinn og leikstjórann M. Night Shyamalan? Nú, í Unbreakable er Samuel L. Jackson vondur kall, í Signs gera geimverur innrás á jörðina en eru yfirbugaðar með vatni og í The Village gerist sagan í nútímanum en ekki fyrr á öldum eins og virðist framan af.

Hugtakið „spoiler“, sem notað er um ótímabærar og spillandi upplýsingar af þessu tagi, komst fyrst fyrir alvöru í umræðuna hérlendis fyrir fimmtán árum þegar myndin The Crying Game, með Íslandsvininum og stórleikaranum Forest Whitaker í aukahlutverki, sló í gegn. Eins og allir vita í dag er stóra uppákoman í þeirri mynd atriði þar sem hugguleg ung kona, Dil að nafni, afklæðist og í ljós kemur getnaðarlimur þar sem píku var von. Fréttirnar af liminum bárust eins og eldur í sinu og Mogginn flýtti sér að afhjúpa leyndarmálið meðan einhverjir ættu enn eftir að sjá myndina eða heyra af ósköpunum. Þá var þjóðin ung og saklaus.
Stórkostlegustu hvörf sögunnar urðu hins vegar á sjónvarpsskjánum nokkrum árum fyrr. Þið munið eftir Bobby í Dallas? Hann dó. Það hélt fólk að minnsta kosti. En Pamelu hafði bara dreymt að Bobby væri dáinn. Eins árs langan draum. Hjúkk.

EKKI MISSA AF

20.15 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva SJÓNVARPIÐ

22.00 That Thing You Do! STÖÐ 2

14.00 Mrs. Doubtfire STÖÐ 2 BÍÓ

20.40 Sirkus Rvk SIRKUS

20.00 Útgáfutónleikar Silvíu Night SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

16.20 Kastljós
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Músahús Mikka (4:28)
18.25 Ungar ofurhetjur (24:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Í þættinum verður meðal annars rætt við formann eins framboðanna fyrir Alþingiskosningarnar 12. maí.
20.15 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007 (3:4) Norræn þáttaröð þar sem kynnt eru lögin sem keppa í Helsinki 10. og 12. maí.
21.20 Elling Norsk verðlaunamynd frá 2001 um mann sem hefur búið í skjóli móður sinnar í 40 ár og er vistaður á stofnun eftir að hún deyr. Honum er svo komið fyrir í íbúð ásamt öðrum manni og þeir reyna að spjara sig á eigin spýtur.
22.50 Týndi sonurinn Frönsk bíómynd frá 1999. Franskur einkaspæjari í London er ráðinn til að hafa uppi á týndum manni. Við eftirgrennslan sína kemst hann á slóð glæpamanna sem selja börn í kynlífsþrælkun. Meðal leikenda eru Daniel Auteuil, Nastassja Kinski. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.30 Sjötta skilningarvitið (The Sixth Sense) Bandarísk bíómynd frá 1999 um barnasálfræðing sem reynir að hjálpa dreng sem sér látið fólk. Meðal leikenda eru Bruce Willis, Haley Joel Osment, Toni Collette. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
02.15 Kastljós e.
02.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Mrs. Doubtfire
08.05 Hildegarde
10.00 MEDICINE MAN (e)
12.00 You Got Served
14.00 Mrs. Doubtfire
16.05 Hildegarde
18.00 MEDICINE MAN (e)
20.00 You Got Served Unglingamynd uppfull af góðri hipp-hipptónlist og flottum götudansi um tvo félaga sem dreymir um að opna sitt eigið upptökuhljóðver.
22.00 Extreme Ops
00.00 Movern Callar
02.00 The Woodsman
04.00 Extreme Ops

STÖÐ 2

07.20 Grallararnir
07.40 Tasmanía
08.00 Oprah
08.45 Í fínu formi 2005
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Forboðin fegurð
10.05 Most Haunted (10:20)
10.50 Fresh Prince of Bel Air 4
11.15 Strong Medicine (20:22)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Valentína
13.55 Valentína
14.40 Joey (12:22)
15.05 The Apprentice
15.50 Kringlukast
16.13 Titeuf
16.38 Justice League Unlimited
17.03 Litlu Tommi og Jenni
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.40 The Simpsons (12:22) (e)
20.05 The Simpsons (15:22)
20.30 Leitin að strákunum Eins og nafnið gefur til kynna gengur þátturinn út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar og það verða hinir einu sönnu Strákar sem koma til með að stjórna leitinni og velja þá efnilegustu.
21.15 Beauty and the Geek Þriðja sería þessa skemmtilega raunveruleikaþáttar þar sem fegurðardísir og nördar sameina krafta sína til að sigrast á áskorunum og komast hjá því að vera send heim. (4:9)
22.00 That Thing You Do! Tvöfaldur Óskarsverðlaunahafi, Tom Hanks, leikstýrir og fer með stórt hlutverk í þessari gamansömu mynd um hljómsveitarbrölt á gullöld rokksins. Leyfð öllum aldurshópum.
23.45 Marci X
01.10 Big Fish
03.10 Balls of Steel (3:6)
03.45 Medium (22:22)
04.30 Leitin að strákunum
05.15 Fréttir og Ísland í dag
06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.00 Insider
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.40 Twins (Himbo) Farrah ákveður að ráða fyrrum karlmódelið Charlie í vinnu. Allir aðrir eru vissir um að hann muni klúðra starfinu þar sem hann sé ekkert nema útlitið.
20.10 Entertainment Tonight Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
20.40 Sirkus Rvk Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. eru að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar; það nýjasta í tískunni, tónlist, kvikmyndum og almennt í afþreyingarlífinu.
21.10 Dr. Vegas
22.00 Studio 60 (16:22) Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur sem varpar gamansömu og trúverðugu ljósi á það sem gerist á bak við tjöldin í hinum litríka sjónvarpsheimi í Hollywood.
22.50 Standoff Nýir spennuþættir um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og þau vita alltaf hvað fólk er að hugsa. Þau eiga einnig í ástarsambandi sem þau vilja fyrir alla muni halda leyndu. (7:19) Maður missir stjórn á sér þegar hann kemst að því að leigumóðir sem hann réð var svikahrappur. Hann tekur barnið og barnfóstru þess í gíslingu en Matt og Emily taka til sinna ráða. 2006.
23.35 American Inventor
00.25 Twins (e)
00.50 Entertainment Tonight (e)
01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
10.30 Óstöðvandi tónlist
13.15 European Open Poker (e)
14.45 Vörutorg
15.45 Queer Eye for the Straight Guy
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Melrose Place
18.15 Rachael Ray
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Fyrstu skrefin (e) Í kvöld verða Eva og Zaldy heimsótt en þau leyfðu áhorfendum að fylgjast með fæðingu sonar þeirra í fyrra.
20.00 Útgáfutónleikar Silvíu Night Upptaka frá útgáfutónleikum alþjóðlegu súperstjörnunnar Silvíu Night. Á tónleikunum frumflutti Silvía efni af glænýrri breiðskífu, Goldmine, sem hún vann í samvinnu við Sölva Blöndal, Warren Riker og fleiri.
21.00 Survivor. Fiji (11:15) Að þessu sinni hefja 19 einstaklingar leikinn og eins og venjulega þá mun ýmislegt koma á óvart.
22.00 Kidnapped (3:13) Hörkuspennandi þáttaröð. Syni milljónamærings er rænt og hann ræður sérfræðing til að endurheimta strákinn.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 European Open Poker (10:16)
00.45 The Dead Zone (e)
01.35 Beverly Hills 90210 (e)
02.20 Melrose Place (e)
03.05 Tvöfaldur Jay Leno (e)
04.45 Vörutorg
05.45 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

07.00 Liðið mitt (e)
14.00 Charlton - Sheff. Utd (frá 21. apríl)
16.00 Watford - Man. City (frá 21. apríl)
18.00 Upphitun
18.30 Newcastle - Chelsea (frá 22. apríl)
20.30 Upphitun (e)
21.00 Aston Villa - Portsmouth(frá 22. apríl)
23.00 Liðið mitt (e)
00.00 Að leikslokum (e)
01.00 Dagskrárlok

Við kynnum með stolti ROSSINI hágæðavörulínu í sælkeramat sem er aðeins unnin úr besta mögulega hráefni.

Reyktar laxalundir og laxaflök

Silunga- og laxahrogn

Þessa dagana með
20% kynningarafslætti

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

Búðakór 1 / Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / Tjarnarvöllum 15

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30
Leitin að strákunum

Skemmtilegur raunveruleikaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Verið er að leita að næstu sjónvarpsstjörnum Íslands en sigurvegararnir fá að launum sinn eigin sjónvarpsþátt á Sirkus. Í kvöld verður annar þátturinn sýndur en sá fyrsti sló í gegn enda fátt skemmtilegra en Íslendingar í léttu flippi. Nú hittast keppendurnir í fyrsta sinn og eru þeir strax látnir endurtaka nokkur klassísk atriði úr Strákunum. Þeir vita sem til þekkja að það er ekki auðvelt að feta í fótspor Strákanna.

▶ Við mælum með Elling
Sjónvarpið kl. 21.20

Í kvöld verður sýnd norsk verðlaunamynd frá 2001 um mann sem hefur búið í skjóli móður sinnar í 40 ár og er vistaður á stofnun eftir að hún deyr. Honum er svo komið fyrir í íbúð ásamt öðrum manni og þeir reyna að spjara sig upp á eigin spýtur. Leikstjóri er Petter Næss og meðal leikenda eru Per Christian Ellefsen, Sven Nordin, Marit Pia Jacobsen og Jørgen Langhelle.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Óskastundin
09.50 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
14.30 Miðdegistónar
15.03 Flakk
6.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Lög unga fólksins
19.30 Óvissuferð - allir velkomnir
20.10 Síðdegi skógarpúkanna
21.05 Skósmiðurinn
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

07.00 UEFA Cup 2007 (Espanyol - Werder Bremen)
14.50 UEFA Cup 2007 (Espanyol - Werder Bremen)
16.30 UEFA Cup 2007 (Osasuna - Sevilla)
18.10 Það helsta í PGA-mótaröðinni
18.35 Gillette World Sport 2007
19.05 Spænski boltinn - upphitun
19.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
20.00 Pro bull riding (Omaha, NE - Omaha Open) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka.
21.00 World Supercross GP 2006-2007 (Ford Field) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.
22.00 Football and Poker Legends
23.35 Götubolti
00.00 NBA 2006/2007 - Regular Season (Utah - Houston)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
23.00 Nýjar eignir e.
0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** OBS **6.35** Portræt af en far **7.30** Børneblæksprutten **7.45** Ungdomsprogram **8.00** Viften **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Sølyst: Livets gang i kolonihaven **9.30** Dig og mig **10.00** TV Avisen **10.10** Task Force **10.35** Ud i naturen **11.00** Rabatten **11.25** Aftenshowet **12.20** Hjerterum **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Flemmings Helte **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** SvampeBob **15.00** Øreflip **15.30** Hunni*show **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Tivolivarieté 2006 **19.00** TV Avisen **19.30** L.A. Confidential **21.45** Djævelsk spil **23.30** Boogie Listen **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Disney Sjov

NRK 1

7.30 Berulfsens fargerike **8.00** Siste nytt **8.05** Schrödingers katt **8.30** Newton **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Anne fra Bjørkely **14.00** Siste nytt **14.03** Pop-session Pop-session Pop-session Pop-session **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Kos og kaos **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin **16.15** Mekke-Mikkel **16.25** Lure Lucy **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Først & sist **20.15** Inspektør Lynley **21.05** Kveldsnytt **21.20** Inspektør Lynley **22.10** Adresse Helsingfors **23.10** Usett: Mina **5.30** Pysjpopbaluba **5.31** Fiffi og blomsterbarna **5.40** Bosse **5.50** Harry med bøtta full av dinosaurer **6.00** Mikkes klubbhus

SVT 1

7.30 Samtal med **7.45** The day I got the sack **8.10** Quirks **8.15** Leila, née en France **8.45** Ramp höjdare **9.15** Garage guld **10.00** Rapport **10.05** Mitt i naturen **10.35** Saras kök **11.05** Svenska slag **12.30** Hallå Europa **13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Wild Kids **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.25** Herr Mask är bäst **16.30** Tillbaka till Vintergatan **17.00** Amigo **17.30** Rapport **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2007 **19.00** Vad kvinnor vill ha **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.25** Robins **21.55** Underbara människor **23.40** Sändningar från SVT24 6.00 Bolibompa hälsar på

HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?

„Það er óneitanlega auðveldara að lifa lífinu sértu einkaklúbbsmeðlimur.“

Agnar Jón Egilsson í Pressunni 1993.

„Einkaklúbburinn er að ég held ennþá til, en ég veit ekki mikið um starfsemi hans í dag. Þetta er svona afsláttarklúbbur. Þetta hafði með það að gera að auka kaupgetu heimilanna, en ekki skemmta sér á búllum í póker. Því miður,“ segir Agnar í dag.

Talsmaður Impregilo kærir fyrir meiðyrði

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður ítalska fyrirtækisins Impregilo hér á landi, ætlar að kæra Gauk Úlfarsson, leikstjóra Silvíu Night-þáttanna, fyrir meiðyrði. Ómar vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið en samkvæmt heimildum blaðsins ætlar hann að standa við orð sín og mun hafa átt fund með lögfræðingi sínum um hádegisbilið í gær.

Málið snýst um færslu sem Gaukur skrifaði á þriðjudaginn undir heitinu „Aðal rasisti bloggheima“ en þar sakar Gaukur Ómar um að viðhafa útlendingahatur á vefsíðu sinni og hvetur lesendur sína til að láta í sér heyra svo að það standi ekki óhaggað. „Ég hef rætt töluvert um rasisma hér og bent á nokkra frambjóðendur Frjálslyndra sem hika ekki við að bera útlendingahatur sitt á borð hér í bloggheimum. Nú hef ég fundið einn til, svæsnari en hinir lagðir saman, talsmann Impregilo á Íslandi,“ skrifar Gaukur á heimasíðu sinni.

Gaukur sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann byggist ekki við því að Ómar fyndi lögfræðing sem hefði svo lítið að gera að hann gæti unnið í þessu máli. „En það verður að viðurkennast að mér ofbauð hreinlega það stig sem þessi pólitíski slagur er kominn út í. Að finna í sífellu eitthvað ósæmilegt um frambjóðendur sem ekki eru skoðanabræður viðkomandi og tína til einhverjar pólitískar samsæriskenningar. Mér fannst það bara illa gert af honum,“ segir Gaukur og er þar að vísa til skrifa Ómars um Paul Nikolov, frambjóðanda Vinstri grænna, en Ómar hefur skrifað tvær færslur um Paul. „Ég óska annars Ómari alls hins besta en ég vona að hann láti af þessum amerísku stælum í pólitík,“ bætir Gaukur við og viðurkennir að hann kenni í brjósti um talsmanninn í öllu þessu fjaðrafoki sem ríki í kringum Impregilo um þessar mundir. „Það er eflaust ekki á þetta bætandi miðað við þá holskeflu sem yfir hann hefur riðið.“ - fgg

ÓMAR R. Hyggst kæra Gauk Úlfarsson fyrir meiðyrði á heimasíðu leikstjórans.

GAUKUR Telur ekki miklar líkur á því að Ómar finni lögfræðing sem hafi svo lítið að gera og geti unnið í málinu.



LÁRÉTT 2. rauf, **6.** vörumerki, **8.** síðan, **9.** efni, **11.** bardagi, **12.** heill, **14.** unna, **16.** frú, **17.** andi, **18.** utan, **20.** óreiða, **21.** málmhúða.

LÓÐRÉTT 1. hleypa, **3.** í röð, **4.** ógætinn, **5.** ot, **7.** klósett, **10.** hár, **13.** suss, **15.** vingjarnleiki, **16.** húðsepi milli táa, **19.** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gróp, **6.** ss, **8.** svo, **9.** tau, **11.** at, **12.** allur, **14.** elska, **16.** fr, **17.** sál, **18.** inn, **20.** rú, **21.** tina.

LÓÐRÉTT: 1. ysta, **3.** rs, **4.** óvarkár, **5.** pot, **7.** salerni, **10.** ull, **13.** uss, **15.** alúð, **16.** fit, **19.** nn.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. 180

2. Páll Magnússon

3. Ríflega 2.500

SIGURJÓN SIGHVATSSON: FRAMLEIÐIR STÓRMYND Í HOLLYWOOD

DiCaprio og Witherspoon bítast um hlutverk hjá Sigurjóni

Sigurjón Sighvatsson framleiðir næstu kvikmynd írska leikstjórans Jim Sheridan, sem er endurgerð kvikmyndarinnar Brødre eftir danska leikstjórann Susanne Bier.

Sigurjón sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri mjög ánægður með gang mála og að myndin væri að laða að sér toppfólk úr öllum geirum kvikmyndaiðnaðarins. Meðal þeirra leikara sem hafa sóst eftir því að fá að leika í myndinni má nefna Matt Damon, Reese Witherspoon, Jennifer Connelly og Leonardo DiCaprio auk Ryans Gosling. Aðspurður sagði Sigurjón að þótt leikstjórinn væri kominn um borð væri ekki enn orðið ljóst hvenær myndin færi í framleiðslu. „Við viljum fá stóru nöfnin og þau vilja leika í myndinni. Vandamálið er að þau eru oft bókuð marga mánuði ef ekki ár fram í tímann,“ segir Sigurjón.

Ítarlega var fjallað um myndina í grein sem birtist á vef Hollywood Reporter. Þar kemur fram að handritshöfundurinn David Benioff sé að skrifa endurgerðina en hann á meðal annars heiðurinn að handriti Spike Lee-myndarinnar 25th Hour. Hann er einn eftirsóttasti og hæstlaunaði handritshöfundurinn í Hollywood. „Við erum mjög spenntir fyrir þessu verkefni enda er upprunalega myndin alveg frábær,“ sagði Sigurjón. Kvikmynd Bier fjallar um tvo ólíka bræður sem reyna að takast á við lífið eftir að annar þeirra er sendur í stríðið gegn talibönum í Afganistan.

SIGURJÓN SIGHVATSSON Hefur keypt réttinn á endurgerð kvikmyndarinnar Brødre eftir danska leikstjórann Susanne Bier.

REESE WITHERSPOON Fékk Óskarinn fyrir leik sinn sem June Carter í Walk the Line.

Samband þeirra flækist til muna þegar annar þeirra verður ástfanginn af konu bróður síns. „Efnið á eftir að höfða til allra. Ekki hvað síst Bandaríkjamanna nú þegar stríðið í Írak hefur dregist svona á langinn og enginn endir virðist í sjónmáli,“ bætir Sigurjón við. „Og þetta er líka ein af þeim ástæðum fyrir því að ég festi kaup á þessari endurgerð. Efnið myndi laða að stóru nöfnin.“

MATT DAMON Fór á kostum í Óskarsverðlaunamyndinni The Departed ásamt Leonardo DiCaprio.

Leikstjórinn Sheridan hefur tvívegis verið tilnefndur til Óskarsverðlauna: fyrir My Left Foot og In the Name of the Father. Síðast gerði hann Get Rich or Die Tryin‘ sem var sjálfsævisöguleg kvikmynd rapparans 50 Cent.

freyrgigja@frettabladid.is

LEONARDO DICAPRIO Er orðaður við aðalhlutverkið í myndinni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kosningasjónvarp **Íslands í dag** hélt áfram yfirreið sinni um landið og á miðvikudagskvöldið sátu frambjóðendur fyrir svörum í Orkuveituhúsinu. Að venju var mönnum heitt í hamsi og barst talið að spillingunni í landinu. Þegar frambjóðendurnir höfðu fengið að blása aðeins út um umræðuefnið komst einn af stjórnendum þáttarins, **Egill Helgason**, svo að orði. „Og svo erum við hérna í miðju spillingarbælinu.“

Þessi orð Egils fóru mikið fyrir brjóstið á starfsmönnum **Orkuveitunnar** sem töldu illa að sér vegið og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins barst yfirmanni Egils, **Sigmundi Erni Rúnarssyni**, bréf þar sem óskað var skýringa á þessum ummælum. Fréttastjóri Stöðvar 2 baðst afsökunar á orðum Egils í bréfi sem var sent öllum starfsmönnum fyrirtækisins og lýsti því yfir að þáttastjórnandinn hefði fengið tiltal vegna þessara ummæla og að hann væri „hreinlega miður [sín] yfir því að einn starfsmanna [sinna] skuli hafa hagað sér með þessum ófagmannlega hætti“. Og bætti því við að Egill hefði haldið að orð sín yrðu túlkuð sem íróníst grín en það væri misskilningur hans og ítrekaði afsökunarbeiðni sína fyrir hönd Fréttastofu Stöðvar 2.

Ellý Ármannsdóttir, þulan góðkunna, slakar ekkert á í bloggskrifum sínum um einkalíf vinkvenna sinna þrátt fyrir að vera komin á steypirinn. Færslurnar virðast verða svæsnari og svæsnari og nægir þar að nefna frásögnina um úthaldsgóða lyklasmiðinn eða konuna með flatlúsina. Gárungarnir hafa skemmt sér konunglega yfir þessum lýsingum og telja nokkuð ljóst að tími vafasamra myndbanda í bakherbergjum myndbandaleigna eða smásögur í fokdýrum erótískum tímaritum heyri nú sögunni til; blogg Ellýar jafnist fyllilega á við slíkt dót.

- fgg

Björgvin í þýsku útvarpi í næstu viku

„Það kom hingað lítið tökulið. Þetta var reyndar sprenghlægilegt því viðtalið var tekið á ensku og svo talaði hann alltaf þýsku ofan í það,“ segir stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson. Viðtal við Björgvin verður leikið á þýsku útvarpsstöðinni Radio 700 í næstu viku en íslenska lagið Eina ósk í hans flutningi hefur verið mjög vinsælt á stöðinni undanfarið.

„Mér finnst bara gaman að þessu, sérstaklega að lag sem gefið var út árið 1979 á Íslandi sé komið á vinsældalista í Þýskalandi. Þetta er líka gaman fyrir Jóhann G. Jóhannsson, sem samdi bæði lag og texta,“ segir Björgvin.

Það hefur staðið til í nokkurn tíma að þýsku útvarpsmennirnir heimsæktu Björgvin og tækju við hann viðtal. Tildrög þessa eru að útvarpsmaðurinn Christian Milling rakst fyrir tilviljun á plötu Björgvins, Ég syng fyrir þig, í safni stöðvarinnar og hóf í kjölfarið að spila tónlist hans í þætti sínum. Eina ósk naut sérstaklega mikilla vinsælda og sat í átta vikur á vinsældalista Radio 700.

Björgvin segir að vel hafi farið á með sér og útvarpsmönnunum. „Já, já, ég á eflaust eftir að vera meira í sambandi við þá og kíki jafnvel á þá seinna á árinu,“ segir hann. Björgvin leysti þýsku gestina út með veglegum gjöfum, kassa með íslenskri tónlist sem hann taldi þá hafa áhuga á. „Ég lét þá hafa Bubba og fleira. Þetta var eitt og annað. Og svo hélt maður þessu auðvitað í fjölskyldunni.“

Íslendingar geta hlustað á viðtalið við Björgvin á fimmtudaginn næsta á heimasíðunni Radio700.eu. Þátturinn hefst klukkan 20 að þýskum tíma, klukkan 18 að íslenskum tíma. - hdm

VINSÆLL Í ÞÝSKALANDI Björgvin Halldórsson hefur notið mikilla vinsælda í Þýskalandi með lagið Eina ósk.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

FORSALA HAFIN!
TÓNLISTIN
LENDIR 30. APRÍL
SJÁÐU MYNDINA,
SPILAÐU LEIKINN!
SPIDER-MAN 3
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA ER Á midi.is
EINNIG ER HÆGT AÐ NÁLGAST MIÐA Í EFTIRTÖLDUM KVIKMYNDAHÚSUM:
SMÁRA BÍÓ
FÖSTUDAGUR 4. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
SÝND Í LÚXUS 2 - 5 - 8 - 11
LAGARDAGUR 5. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
SÝND Í LÚXUS 2 - 5 - 8 - 11
SUNNUDAGUR 6. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
SÝND Í LÚXUS 2 - 5 - 8 - 11
www.midi.is/bio
FJARÐARBÍÓ
FÖSTUDAGUR 4. MAÍ
SÝND KL. 8 - 10.45
LAUGARDAGUR 5. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 10.45
SUNNUDAGUR 6. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 10.45
REGNBOGINN
FÖSTUDAGUR 4. MAÍ
SÝND KL. 5.30 - 8.30 - 11.20
LAUGARDAGUR 5. MAÍ
SÝND KL. 5.30 - 8.30 - 11.20
SUNNUDAGUR 6. MAÍ
SÝND KL. 5.30 - 8.30 - 11.20
www.midi.is/bio
Borgarbíó
FÖSTUDAGUR 4. MAÍ
SÝND KL. 4 - 6 - 8 - 10.40
LAUGARDAGUR 5. MAÍ
SÝND KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 10.40
SUNNUDAGUR 6. MAÍ
SÝND KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 10.40
BÍÓ
FÖSTUDAGUR 4. MAÍ
SÝND KL. 4 - 7 - 10
LAUGARDAGUR 5. MAÍ
SÝND KL. 1 - 4 - 7 - 10
SUNNUDAGUR 6. MAÍ
SÝND KL. 1 - 4 - 7 - 10
SELFOSS BÍÓ
FÖSTUDAGUR 4. MAÍ
SÝND KL. 5 - 8 - 10.45
LAUGARDAGUR 5. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 10.45
SUNNUDAGUR 6. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 10.45
ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN
FÖSTUDAGUR 4. MAÍ
SÝND KL. 3 - 6 - 9 - 12
SÝND Í LÚXUS-VIP 3 - 6 - 9 - 12
LAUGARDAGUR 5. MAÍ
SÝND KL. 3 - 6 - 9 - 12
SÝND Í LÚXUS-VIP 3 - 6 - 9 - 12
SUNNUDAGUR 6. MAÍ
SÝND KL. 3 - 6 - 9 - 12
SÝND Í LÚXUS-VIP 3 - 6 - 9 - 12
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
FÖSTUDAGUR 4. MAÍ
SÝND KL. 5 - 8 - 10.45
LAUGARDAGUR 5. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
SUNNUDAGUR 6. MAÍ
SÝND KL. 2 - 5 - 8 - 11
Landsbankinn

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

BAKÞANKAR

KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

Segjum nei við Gamla sáttmála

Margir fengu aulahroll hér um árið þegar Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra ávarpaði alþjóðafund á engilsaxnesku. Maður hálfvorkenndi henni, hún var eitthvað svo ringluð á svipinn yfir þessu öllu saman, og illskiljanlegt að ekki skuli hafa verið fenginn túlkur í stað þess að láta hana stauta þetta. Það er meira að segja frekar töff að notast við túlk, það er eitthvað svo sjarmerandi valdsmannslegt.

EN stjórnvöld læra af mistökunum og nú hafa þau fundið lausn sem þau telja viðeigandi og tekur fullt tillit til tungumálakunnáttu utanríkisráðherra – ráðherrann er nefnilega svo helvíti sleip í norsku. Það liggur því beint við, nú þegar bandaríska hernum hefur loksins tekist að hrista íslensk stjórnvöld úr pilsfaldinum og flýja af landi brott, að leita á náðir Norðmanna um varnir landsins.

VÆNTANLEGA þykir mörgum það huggulegri tilhugsun að hafa hér norskt herlið en bandarískt. Það er nú einu sinni svo að Bandaríkin hafa ekki beinlínis vingjarnlega ímynd og það er sama hvað maður reynir að beita yfirvegaðri hugsun, mann langar alltaf mest að fara að kasta eggjum og sletta skyri þegar andlit bandarískra ráðamanna birtast á sjónvarpsskjá. Norðmenn hins vegar eru eitthvað svo gúddí, sísönglandi þetta unaðslega tungumál – og svo fundu þeir líka upp ostaskerann. Hvernig er hægt að vera illa við þjóð sem fann upp ostaskerann?

EN hér er rétt að staldra við. Eru Norðmenn allir þar sem þeir eru séðir? Ég er hreint ekki svo viss.

LEYFIÐ mér að rifja upp árið 1262, þegar Íslendingar gengust Noregskonungi á hönd með Gamla sáttmála gegn skitnum sex skipakomum árlega. Þá upphófst aldalangt niðurlægingarskeið þjóðarinnar sem lauk ekki fyrr en með fullveldinu 1918. Aðeins þá brutust Íslendingar langkúgaðir og svangir undan taumlausri grimmd og fúlmennsku þeirra þjóða hvers verndarvæng við viljum nú skríða undir. Norðmenn hafa síðar ítrekað staðfest sína fyrri heimsvaldastefnu með harðvítugum fiskveiðideilum og afskiptum af stjórnmálum í fjarlægum löndum eins og Sri Lanka.

GERUM ekki sömu mistökin tvisvar. Ég treysti á þá ráðamenn sem hæst hafa haldið á lofti vernd íslensks fullveldis fyrir gráðugum klóm alþjóðasamfélagsins, að segja nú nei við Gamla sáttmála!

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

TAKK FYRIR KOMUNA!

Þökkum frábærar móttökur á opnum fundi okkar um húsnæðisfjármögnun á Hotel Nordica. Fundurinn var líflegur og fræðandi og sýnir að það er mikil þörf á umræðu um húsnæðislán í erlendri mynt. Við hvetjum þig til að kynna þér hvaða lánsform hentar þér á glitnir.is eða hjá ráðgjöfum okkar í næsta útibúi.

GLITNIR